

ĀRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1946



Agnes L. V. Ernest-Soriano, *Parana, Geomorphology of Subaustrian Brazil*

REYDARVÍK - 1946 - PRENTSMIDJAN ODDI HF.

TIMBUR

og ýmsar aðrar

BYGGINGAVÖRUR

er heit að kaupa hjá

STÖRSTU
TIMBURVERZLUN
LANDSINS

TIMBURVERZLUNIN
VÖLUNDUR H.F.

HAVERSLÖK

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1946



- Gefið út í 4.500 eintökum -

REYKJAVÍK - 1946 - PRENTSMIÐJAN ODDI H.F.,

EFNISYFIRLIT:

	Bls.
Hákon Bjarnason: <i>Alaskaför haustið 1945</i>	5
- - <i>A trip to Alaska in the fall of 1945 (A brief summary by Hjörtur Halldórsson)</i>	49
- - <i>Stutt yfirlit um 45 ára skógræktarstarf á Ís- landi</i>	55
Einar E. Sæmundsen: <i>Næfurholtsskógar</i>	78
Hákon Bjarnason: <i>Starf Skógræktar ríkisins 1945</i>	113
<i>Landgræðslusjóður</i>	119
<i>Reikningar Landgræðslusjóðs yfir árið 1945</i>	121
Guðm. Marteinsonn: <i>Starf Skógræktarfélags Íslands 1945</i>	123
<i>Skýrslur og reikningar skógræktarfélaganna 1945</i>	131

HÁKON BJARNASON:

Alaskaför haustið 1945

I.

Í ágústmánuði í fyrrasumar tókst ég ferð á hendur til Alaska á vegum Skógræktar ríkisins. Erindi fararinnar var að skoða trjágróður og skóga við Prince Williamsflóa og á Kenaískaga, en þar eru vaxtarskilyrði svipuð því, sem er hér á landi. Ennfremur var förin gerð til þess að kynnst mönnum á þessum slóðum, er síðar gæti orðið oss að liði við fræsöfnun.

Um átta ára skeið hefir Skógrækt ríkisins haft samband við marga þeirra manna, sem vinna í skógarþjónustu Bandaríkjanna í Alaska. Fyrir sérstaka greiðvikni og lipurð þessara manna hefir tekizt að fá nokkuð af trjáfræi hingað til lands, einkum árin 1940 og 1941. En eftir að Bandaríkin fóru í stríðið var ekki unnt að fá nokkurn mann til fræsöfnunar, og því féllu fræsendingar niður um nokkur ár, að því undanteknu, sem Vigfús Jakobsson gat safnað haustin 1943 og 1944. Vigfús Jakobsson er frá Hofi í Vopnafirði og hefir lagt stund á skógræktarnám í Seattle í Bandaríkjunum um þriggja ára skeið. Hann hefir þrisvar farið til Alaska á vegum Skógræktar ríkisins í leyfum sínum frá skólanum á haustin. Fyrstu tvö haustin, sem hann dvaldist þar, var mjög lítið fræfall, og varð því eftirtekjan af þeim ferðum fremur lítil, enda varð hann að vinna aleinn að öllu, leita uppi fræberandi tré, fella þau, safna könglum og koma þeim í þreskingu. Virtist



Juneau, höfuðborg Alaska. Lega bæjarins minnir mjög á Björgvin í Noregi.

okkur, sem að skógrækt störfum, tími kominn til þess að gera ítarlega tilraun, að ná í meira fræmagn hingað til lands en kostur hafði verið á hingað til. Þegar fréttir bárust hingað á miðju sumri, að horfur væri á all miklu fræfalli víða í Alaska, varð það að ráði landbúnaðarráðherra, Péturs Magnússonar, að ég brá mér vestur um haf.

Á vesturleið varð ég að hafa nokkura viðdvöl í New York og Seattle sakir þess, hve erfitt var að fá farkost, nema með alllögum fyrirvara. Kom ég því ekki til Juneau, höfuðborgar Alaska, fyrr en hinn 23. ágúst.

Þótt ég væri 23 daga á leiðinni til Juneau, var ég samt ekki nema um tvo sólarhringa á ferð, því að ég fór alla leiðina með flugvélum. Sýnir þetta glögg, að Alaska hefir færzt nær Íslandi en það áður var, og að í framtíðinni getur það ekki verið nein frágangssök að afla fræs þaðan.

II.

Fyrstu vikuna í Alaska dvaldist ég í Juneau til þess að afla mér fræðslu og upplýsinga um ýmislegt, sem mér var nauðsyn að vita um landið og gróður þess. Sat ég lengst



Ljósm. U. S. Forest Service, Juneau.
Stórt Sitkagreni í Suðaustur Alaska. Maðurinn á myndinni er B. Frank Heintzleman,
yfirmaður U. S. Forest Service í Alaska.

af í bókasafni skógræktarinnar, en þar mátti finna allt, sem ritað hefir verið um Alaska; meðal annars sá ég þar skýrslu hinnar íslenzku sendinefndar til forseta Bandaríkjanna árið 1875.

Þarna kynntist ég líka flestum þeim, sem ég hafði staðið í bréfasambandi við undanfarin ár. Þarf ég ekki að taka fram, að ég hafði mjög gaman af að kynnast þessum mönnum, og ég tók eftir því, að þeim lék líka nokkur forvitni á að sjá og kynnast þessum Íslending, sem þeir höfðu haft mikið fyrir, bæði með því að safna fræi og svara margs konar misjafnlega greindarlegum spurningum. Þar hitti ég fyrst yfirmann skógræktarinnar í Alaska, B. Frank Heintzleman, afburða duglegan mann, og hina ágætu aðstoðarmenn hans, þá Charles G. Burdick og Charles H. Forward. Ennfremur kynntist ég skrifstofustjóranum Harry Sperling, sem reyndist mér hin mesta hjálparhella. Undanfarin ár hafði ég haft einna mest samband við Wellman Holbrook, en hann hafði nýlega látið af störfum sakir aldurs. En ég hitti hann nokkurum sinnum og hafði gaman af glaðværð hans. Auk þessa kynntist ég mörgum öðrum góðum drengjum, sem vinna í skógarþjónustu Bandaríkjanna, svo sem verkfræðingnum A. E. Glover, féhirðinum L. E. Iversen, sem er Dani að ætt, yfirstjórnarvörðunum John H. Brillhart, Alva Blackerby og mörgum fleirum, sem of langt yrði upp að telja. Þessir menn tóku mér sem fornkunningja og greiddu götu mína af fremsta megni. Án aðstoðar þeirra hefði för mín eigi borið þann árangur, sem hún gerði.

III.

Er ég hafði dvalizt viku í Juneau og farið þar um nágrennið var mér boðið í þriggja daga ferðalag á mótorbáti suður til bæjarins Sitka, hinnar gömlu höfuðborgar Alaska. Fór ég ferð þessa ásamt þeim Harry Sperling og John Brillhart. Við Alaskastrendur eru skip og flug-

vélar einu samgöngutækin, því að vegir ná mjög skammt út frá þorpum og byggðu bóli. Landið er mjög sæbratt og er því víða erfitt að leggja vegi, en fjarlægðir milli þorpa eru afarmiklar. Landið er einnig vogskorið og sumt af byggðunum er á eyjum og hólum. Skógarþjónustan í Alaska hefir því marga mótorbáta, sem skógarverðirnir ferðast á. Bátar þessir, sem eru um 10 talsins, eru frá 15 og upp í 25 tonn og ganga fremur vel. Sumum stýra skógarverðirnir sjálfir, en á öðrum er fastráðinn skipstjóri. En skipstjórinn verður jafnframt að gegna skyldum vélamanns, matsveins og talstöðvarstjóra. Fer þeim þetta vel úr hendi, enda er allt, sem hugsanlegt er, til að létta störf þeirra. T. d. er sjálfstýrandi tæki á sumum þessara litlu báta, svo að skipið heldur stefnu sinni óbreyttri, þegar hún hefir verið sett. Þótt þessi tæki sé nokkuð dýr, svo dýr, að menn hafa ekki haft þau á íslenskum skipum til skamms tíma, þá varð mér fljótt ljóst, að þau spara að mestu vinnu eins manns. Ennfremur eru öll hitunartæki skipsins kynnt með olíu, en það er hreinlegra en kolakynding, auk þess, sem mikill vinnusparnaður er að því. Fannst mér mikið til um, hve öllu var haganlega fyrir komið um borð í þessum skipum, og gæti ég trúað, að útgerðarkostnaður slíkra báta væri mikið minni, en jafn stórri báta hér við Íslandsstrendur.


Á ferð minni til Sitka bar margt nýstárlegt fyrir augu. Við þræddum leiðina milli eyja og hólma, boða og skerja, en hvarvetna voru vitar og leiðarljós til þess að vísa sjófarendum veg. Sjórinn var lygn og sléttur, en straumar miklir voru með aðfalli og útfalli í þrengstu sundunum, og urðum við því stundum að bíða eftir liggjanda, því að straumkastið varð þá eins og harðasti árstraumur.

Náttúrufegurð er mikil á þessum slóðum eins og víðar í Alaska, hávaxnir skógar frá ströndu og upp á efstu brúnir, en á öllum eyrum og töngum vex hinn fegursti gróður. Ýmis skógardýr og birnir skutust stundum fram úr fylgsnum sínum ofan í fjöruna, horfðu um stund á skipið, en

hurfu síðan aftur inn í myrkviðinn. Laxar stukku út um allan sjó, en máfar og ernir svifu yfir vötnunum. Hvíldi mikil kyrrð yfir landinu, enda er það að mestu óbyggt. Við sáum aðeins tvær litlar byggðir á ströndinni þá tvo daga, sem við sigldum milli Juneau og Sitka, og var önnur í eyði. Hin var niðursuðuverksmiðja fyrir lax og skruppum við þar í land til þess að skoða hana. Við komum þarna í lok vertíðarinnar, og var verksmiðjan nýhætt störfum. Samt var stórfróðlegt að sjá vélarnar, sem taka við laxinum beint af löndunartækjunum, hreinsa hann og skera og setja hann í dósir, án þess að mannshendi snerti hann. Þarna voru þrjár vélasamstæður hlið við hlið, svo að afköst slíkrar verksmiðju hljóta að vera mjög mikil meðan á vertíð stendur.

IV.

Næsti áfangi okkar var í Fish Bay, sem er lítill fjörður skammt norðan við bæinn Sitka. Þar var verið að undirbúa mikið skógarhögg á næstu mánuðum með því að leggja vegi upp frá fjarðarbotni og brúa ár. Þurfti skógarvörðurinn að koma þarna til þess að líta eftir, að allt væri unnið samkvæmt settum reglum. Dvöldum við því hálfan dag og alla næstu nótt á þessum slóðum og gengum þá nokkuð um skóginn. Þarna voru yfir 20 skógarhöggsmenn að verki. Bjuggu þeir í stórum skálum, sem reistir voru á miklum trjábolum, svo unnt væri að fleyta þeim á milli staða eftir þörfum. Aðbúnaður manna virtist mjög sæmilegur, en þó furðaði mig mest á því um kveldið, er þeir buðu mér að eta með sér, hversu mikinn og góðan kost þeir höfðu. Ég hefi sjaldan verið í veizlu, þar sem ég hefi séð fjölbreyttari krásir eða kjarnbetri mat á borðum. En mér var sagt, að því væri yfirleitt þannig háttað við allt skógarhögg um alla vesturströnd Ameríku, að matur væri svo mikill og góður, að eigi væri annars staðar betri kost að fá. Sá ég síðar, að þetta var hverju orði sann-




Skala dogovornogostinara i Fish Bar. Desni kraj je gošta, veći je mliječni objekti i objekti
i kuhinje i pranje.

ara, er ég dvaldist um hálfan mánuð með skógarhöggsmönnum við Prince Williamsflóa.

Í Fish Bay var mjög hávaxinn og viðamikill skógur. Lang mest var af sitkagreni (*Picea sitchensis*) sem var um 40 metra á hæð og þar yfir. Þar óx einnig marþöll (*Tsuga heterophylla*), sem var svipuð að stærð og gæðum. Lauftré voru engin, nema all hávaxið elri (*Alnus rubra*) meðfram ám og lækjadrögum. Trén voru á öllum aldri, þó að mest væri af fullþroska trjám. Jarðvegur var mjög frjósamur, og mikill og þéttur undirgróður um allan skóginn. Þar óx mannhæðar há jur, sem var alsett hvössum göddum og þyrnum, svo að víða var nærri ógengt um skóginn. Hvarvetna lágu hálfúnir trjabolir hver um annan þveran, og voru sumir þeirra um tveir metrar að þvermáli. Var því eigi að furða, þótt landið væri erfitt yfirferðar, enda hættum við okkur eigi lengra út fyrir hinar ruddu brautir en nauðsynlegt var. En ég varð að viðurkenna með sjálfum mér, að ég hefði aldrei komið í eiginlegan frumskóg fyrr en þarna. Þetta var hið ógreiðfærasta land, sem hægt var að hugsa sér.

Mér þótti fróðlegt mjög að skoða gróðurinn í Fish Bay, bæði sakir þess, hve tröllaukinn hann var, og eigi síður af því, að ég fékk upplýsingar um það í Juneau, að stærstu sitkagrenitrén hér á landi, sem gróðursett eru í Múlakoti í Fljótshlíð, sé vaxin upp af fræi frá þessum stað. Fræinu var safnað árið 1930 eða 1931, en þaðan var það sent til Noregs. Þaðan fengum við plönturnar, er þær voru um hálfur meter á hæð, árið 1937. Þrátt fyrir köld og erfið sumur 1943 og 1944, og þrátt fyrir að austanrokin mæði á þessum trjám, hafa þau vaxið ágætlega vel án þess að toppkala nokkuru sinni. Nú er hæsta tréð 4,1 metri, en meðalhæð allra trjána er yfir 3 metrar. Nú er sumarhitinn í Fish Bay nokkuru meiri en sumarhitinn í Múlakoti, þótt vetrarmánuðirnir sé mjög svipaðir á báðum stöðunum. Þess vegna er undravert, hve trén hafa náð góðum þroska í Múlakoti, og úr því, að svo vel hefir tekizt til



Ljósm. J. H. Brillhart.

Útsýn yfir sundin norðan við Sitka. Trén eru vindskeknar fjallapallir, sem vaxa við efstu skógamörk nálægt 600 m hæð.

með þessi tré, hvers má þá ekki vænta af sitkagreni, sem ættað er af enn norðlægari stöðum, t. d. úr botni Prince Williamsflóa ?

V.

Ég dvaldist í bænum Sitka um sólarhring og fór nokkuð um nágrenni hans með ferðafélögum mínum og Ben Miller, sem er vörður við þjóðgarðinn í Sitka (*Sitka National Monument*). Fórum við fyrst upp í fjöllin ofan við bæinn upp í 600 metra hæð til þess að skoða skógargróðurinn þar. En í þessari hæð vorum við rétt við skógamörkin. Hefir mér reiknast svo til, að meðalhiti mánaðanna í 500 metra hæð ofan við Sitka sé mjög svipaður og á Akureyri, ef farið er eftir leiðréttingum þeim, sem kenndar eru við Wildske, og notaðar eru til að finna út meðal hita í mismunandi hæð yfir sjó.

	<i>Sitka</i> <i>við sjó</i>	<i>Í 400</i> <i>m hæð</i>	<i>Akur-</i> <i>eyri</i>
Janúar	÷0,4	÷1,8	÷1,0
Febrúar	0,5	÷0,7	÷0,9
Marz	2,0	0,2	÷0,1
Apríl	4,9	2,7	2,1
Maí	8,3	6,0	6,1
Júní	10,7	8,3	9,7
Júlí	13,0	10,6	11,0
Ágúst	13,2	10,8	10,3
September	10,8	8,7	7,6
Október	7,1	5,3	2,9
Nóvember	3,4	2,6	0,9
Desember	0,8	÷0,2	÷0,2

Samanlagður hiti mánaðanna júní til september er 38,6° á Akureyri en 38,4° í 400 metra hæð yfir Sitka, en samanlagður hiti mánaðanna apríl til október er 49,7° á Akureyri en 52,4° í Sitka. Verður tæpast annað sagt en að hiti sé líkur á þessum stöðum, svo framarlega sem

[illegible]

centrosocial Amerik. byr 100 árum.

treysta má leiðréttingum Wildskes, en þar eð fjallið rís beint upp af bænum Sitka, ætti slíkt að vera óhætt. Hins vegar er án efa miklu meiri úrkoma í nágrenni Sitka en við Akureyri, og má vera, að það geti torveldað flutning milli þessara staða. En í 400 metra hæð ofan við Sitka er hár og mikill skógur. Þar vex bæði marþöll og fjallaþöll (*Tsuga mertensiana*) og ennfremur dálítið af Alaskasedrusviði (*Chamaecyparis nootkatensis*). Þótt undarlegt megir virðast er sitkagreni hvergi í hlíðunum rétt við bæinn svo að nokkuru nemi. Í 500 metra hæð óx nærri einvörðungu fjallaþöll og eftir því, sem ofar dró, varð hún æ lágvaxnari og hnýttari í vexti og við skógamörkin voru hundgömul tré, sem varla náðu mannhæð. Ofan við hin eiginlegu skógamörk tók við þétt og skriðult elrikjarr. Elri þetta (*Alnus sinuata*), vex hvarvetna um Alaska, þar sem nokkur trjágróður þrífst, en það er skriðult og verður sjaldan meira en mannhæð. Það líkist mest þéttu birkikjarri hér á landi og minnti mig mjög á skóginn Flóka í Búrfelli. Tók ég ofurlítið af fræi þessarar tegundar, fremur til gamans en nytja, en þó er ekki fyrir það að synja, að einhver not kunni að verða af elrinu hér, því að það hefir sömu hæfileika og ertublómin til að vinna köfnunarefni úr lofti.

Í Sitka er margt einkennilegt að sjá, bæði úr sögu Indíána og eins frá veru Rússa þar, en svo sem mörgum mun kunnugt, var Sitka stærsti og athafnasamasti bær á allri vesturströnd Ameríku fyrir rúmum 100 árum. Við suðurenda bæjarins er afgirt svæði, þar sem safnað hefir verið saman ýmsum minjagripum Indíána, og auk þess er þar all mikið safn alls konar muna og verkfæra, sem Eskimóar og Indíánar í Alaska hafa notað á liðnum öldum. Var mjög margt að sjá í safninu, sem er í elzta steinhúsi Alaska, sem byggt var nokkuru fyrir síðustu aldamót. Af öllu því, sem ég sá, þótti mér „totem“-súlur Indíánanna lang merkilegastar. Það eru útskornir trjástofnar úr sedrusviði, en sá viður fúnar mjög seint, enda þótt hann

sé í miklum raka og úrkomu. Geta súlurnar orðið á annað hundrað ára, án þess að láta mjög á sjá. Súlurnar eru oftast um 15-20 metrar á hæð og eru reistar upp á endann. Þær eru skreyttar hinum einkennilegustu myndum mannsandlita og dýra, og virðist þetta vera í einkennilegum hrærigraut, hvað innan um annað. Hinir fyrstu trúboðar, sem komu til Alaska, töldu að þetta væri skurðgoð Indíána og gerðu sér far um að eyðileggja þær í stað þess að forvitnast um, hvað þær ætti að tákna. Og það var engin furða, að þeim skjátlaðist, því að enn halda margir, sem koma til Alaska í fyrsta sinn, að þetta sé hinir fornu verndarvættir Indíána, sem stara á þá af súlunum. En súlur þessar eiga ekkert skylt við trúarbrögð, enda eru Indíánar að sögn kunnugra trúlausir með öllu, enda þótt þeir játist undir einhver trúarbrögð að nafninu til. „Totem“-súlurnar eru hins vegar letur Indíánanna, þar sem sögur ættarinnar eru skráðar með öxi og skærum litum. Hver mynd á að tákna einhvern atburð úr ættarsögu þess höfðingja, sem látið hefir reisa súluna, eða þá einhver afreksverk hans, sem þeim er annt um að falli ekki í gleymsku. Þannig var t. d. prýðilega vel út höggvin mynd af Abraham Lincoln á einni súlu, og átti hún að tákna afnám þælahaldsins, en við það tengdu Indíánar vonir um betri daga handa sínum eigin kynþætti. Súlur þessar eru oft afar skrautlegar að sjá og tilkomumiklar. Hafa þær einkennileg áhrif á marga við fyrstu sýn, því að þarna standa menn allt í einu andspænis mörg þúsund ára gamalli menningu, sem er ljóslifandi, og það er sérkennilegur stíll, sem birtist í þessum haglega gerðu en stórskornu myndum, stíll, sem er gerólíkur öllu því, sem vér þekkjum og erum vanir.

Því miður eru flestar sögur þær, sem skráðar hafa verið á súlurnar, gleymdar með öllu. Margar hafa dáíð út á síðustu áratugum með gömlu fólki, en einstaka hafa geymzt og verið skráðar. Ben Miller sagði okkur frá því, sem stóð á einni súlunni; og þótt hann færi fljótt yfir sögu, þá tók

það hann nærri hálf tíma að skýra frá, helztu atburðum, sem súlan geymdi í myndum sínum.

Af öllu, sem ég sá í Sitka, þótti mér súlur þessar lang merkilegastar og miklu fannst mér þær merkilegri en grísk-kaþólska dómkirkjan er Rússarnir byggðu þar, enda þótt margir telji það hús eitt hið-merkilegasta, sem, er í Alaska frá liðnum tímum. Í kirkjunni voru svo sem margir dýrmætir munir úr skíru gulli og silfri, skreyttir dýrum steinum og haglega smíðaðir en þeim ægði saman við glansmyndir af dýrlingum og rússneskum keisurum og stórhöfðingjum, svo að kirkjan var langtum líkari forngripaverzlun en guðshúsi. Hinn grísk-kaþólski söfnuður í Alaska er ekki stór, en það eru einkum Indíánar, sem játazt hafa þessari trú. Er sagt að þeir gangist mjög fyrir skrauti því og þrjáli sem í kirkjunni er, en kæri sig hins vegar minna um kristilega breytni. Um prestana var mér sagt, að þeir léti þetta gott heita, en húsvitjuðu einu sinni á ári í lok laxveiðanna.

Bærinn Sitka liggur á dásamlega fögrum stað við breitt, sund með eyjum og hölmum. Beint í vestur rís eldfjallið Edgecumbe úr sjó. Það er mjög líkt Snæfellsjökli að lögun, og mér virtist það langtum síðari tíma jarðmyndun en önnur fjöll og eyjar umhverfis Sitka. Nálægt Sitka eru heitar laugar á tveim stöðum, en þær eru annars sjaldgæfar í suðaustur Alaska, þótt hins vegar sé mikið af þeim þegar kemur vestur á Alaskaskaga. Inni á meginlandinu eru laugar á einstöku stað, en þær eru yfirleitt ekki mjög heitar.

Skilyrði til landbúnaðar eru lítil eða engin, og verður að flytja kjöt og mjólk að um langar leiðir. Hins vegar er mikið skógarhögg umhverfis Sitka, og væri hægt að hafa þar mikinn viðariðnað, en eins og sakir standa, er þar nú aðeins ein sögunarmylla. Skammt innan við bæinn er stórt og djúpt gil og þar fellur mikil á til sjávar, sem hægt væri að fá óhemju raforku úr.

Þegar við kvöddum Ben Miller í Sitka, og þokkuðum



Ljós. U. S. Forest Service, Juneau.


„Totem“ súlur Indíána í Alaska. Súlur þessar koma í stað leturs og á þær eru skráðar ættarsögur eða atburðir úr lífi merkra manna. Súlurnar eiga ekkert skylt við trúarbrögð Indíána.

honum góða leiðsögn, lofaði hann að reyna að útvega mér fræ af þöllum úr nokkur hundruð metra hæð ofan við bæinn, og gæti verið fróðlegt að reyna slíkt hér, þótt ekki væri nema í smáum stíl til að byrja með. En það er enn mikill skortur á vinnuafli í Sitka, svo að ég býst varla við neinu fræi þaðan á þessu ári.

VI.

Frá Sitka flaug ég aftur til Junaue ásamt Harry Sperling, en þar hafði ég skamma viðdvöl áður en ég flaug til Cordova, sem er lítill bær með um 1500 íbúa utarlega á austurströnd Prince Williamsflóa. Þar býr yfirsjógarvörðurinn, E. M. Jacobsen, sem er Dani að ætt og uppruna. Hann var í siglingum á unga aldri og kom meðal annars nokkurum sinnum til Íslands sem ungur maður. Síðar settist hann að í Alaska og gerðist skógarvörður og unir nú hag sínum hið bezta. Skógarumdæmi hans nær yfir allar strendur Prince Williamsflóa, og er það ærið starf, sem hann hefir með höndum, einkum þar sem hann hefir mjög takmarkaða aðstoð.

Í Cordova mættumst við Vigfús Jakobsson, en hann var kominn þangað nokkurum vikum á undan mér til að undirbúa fræsöfnunina. Við fórum strax að tygja okkur í leiðangur, því að við ætluðum að liggja við á tveim stöðum vestan flóans, þar sem skógarhöggsmenn voru að verki. Mánudaginn hinn 3. september fórum við Vigfús um borð í hið ágæta skip, *Chugach*, sem Jacobsen stýrir um flóann og við nálægar strendur. Lögðum við á stað í ágætu veðri og heiðríku, og þótt hann blési nokkuð kalt á suðvestan er á daginn leið, höfðum við hið indælasta útsýni alla leið. Við sneiddum fyrst fram hjá nokkurum eyjum og hólum við Cordova og komumst brátt út á flóann, sem er um einum þriðja stærri en Faxaflói. Prince Williamsflói er umkringdur mjög háum fjöllum á alla vegu og syðst í mynni hans eru háar sæbrattar eyjar, en sakir þess



Stogorščina na P. delu Poljane. Na sliki solegrejni foci var salinaci s. l. 1904. M. B. B.

gætir sjógangs af Kyrrahafi síður inni á flóanum. Hvar sem litið var til lands, hvort heldur var til austurs, norðurs eða vesturs, risu tindótt fjöll beint úr sjó. Voru þau ærið kaldranaleg ásýndum, því að samfelldur jökull liggur á þeim umhverfis allan flóann. Ótal skriðjökklar ganga í sjó fram, og meðal þeirra er Columbiajökullinn, sem er með stærstu skriðjöklum í Ameríku. Þegar skipið var komið út á miðjan flóa, var ekki annað að sjá en snævi þakin fjöll, hvar sem litið var til lands. Ísrek er oft all mikið á flóanum, og er maður sér þetta í fyrsta sinni, finnst manni furðulegt, að nokkur gróður skuli geta þrífist á hinni mjóu strönd milli sjávar og himinhárra fjalla. Mér varð ósjálfrátt á að líkja þessu landi við Snæfjallaströndina við Ísafjarðardjúp, og fannst það þó enn kaldranalegra.

Að aflíðandi hádegi var orðið býsna svalt að hafast við úti á þiljum, svo að ég fór að rabba við Jacobsen um ýmislegt. Hann hafði gaman af að rifja upp sumt sem hann mundi frá komum sínum til Íslands, en það var orðið nokkuð slitrótt sem vonlegt var. Einna bezt mundi hann eftir Þorvaldi Björnssyni „pólití“, því að hann hafði elt Jacobsen og féлага hans um bæinn, en þeir höfðu stolizt á bak einhverjum bikkjum inni við þvottalaugar og riðið á þeim um bæinn til að skoða hann. Höfðu þeir mikla skemmtun af þessum eltingaleik.

VII.

Eftir 9 stunda ferð yfir flóann, lentum við á stað, sem heitir Point Pakenham og er inn með Collegefirði, en sá fjörður gengur norður úr flóanum og er 30 km á breidd, en svipaður að stærð og lögun og Hvalfjörðurinn. Við gengum á land skammt norðan við 61° norðlægrar breiddar, og varð ég þarna eftir ásamt tveim af mönnum þeim, sem Vigfús hafði ráðið til fræsöfnunar. Dvaldist ég þarna í 10 daga við könglasöfnun hjá skógarhöggsmönnum.

Þarna voru 4 stórir skálar, og í þeim bjuggu rúmlega 20 manns. Voru vistarverurnar hinar sæmilegustu, en legurúm þau, sem við fengum, hefði getað verið betri, en við urðum að reka þau saman úr fjöllum, og þóttu þau nokkuð hörð, unz maður vandist þeim. Hins vegar var allur matur með afbrigðum góður, eins og áður er sagt, enda veitti ekki af að fódra karlana vel, því, að þarna var unnið af fádæma kappi. Þeir hófu starf sitt klukkan 8 að morgni, er þeir höfðu raðað í sig alls konar góðgæti, og unnu til hádegis. Þá var etið af sama kappi sem unnið var við skógarhöggið, en síðan var unnið án nokkurrar tafar til klukkan 5 að kveldi. Þá var matazt um 6 leytið og gengið til miða um 9 leytið. Hér var aldrei kaffihlé eða neitt slíkt og notaðist því vinnutíminn ágætlega vel. Vinnuskipting var og ágæt, 6 manns unnu við að fella trén, aðrir 6 við að draga þau til sjávar með stóru spili, og enn nokkurir við að binda þau saman í stóra fleka, sem síðar var fleytt til sögunarmyllurnar. Þarna var og matreiðslumaður og hjálparkokkur, formaður og undirformaður, svo að þetta líktist mest starfsskiptingu á skipi.

Við frætíslumennirnir fylgdum skógarhöggsmönnum eftir og tíndum könglana af trjámum jafnskjótt og þau féllu. Þeir höfðu ekki undan okkur, svo að við urðum stundum sjálfir að fella tré handa okkur, sem okkur leizt vel á. Hér var lang mest af sitkagreni, og óx það alveg ofan í fjöru og upp í 100-200 metra hæð, en úr því að kom í 100 metra hæð, varð meira um fjallaþöll, og ofan við 200 metra var nærri einvörðungu þallarskógur. Náði hann upp í um 300 metra hæð. Var það hending ein, ef maður rakst á fjallaþöll við sjávarmál. Marþöll óx þarna á einum stað í litlum lundi, og mun þetta vera með vestustu vaxtarstöðum hennar.

Á þessum stað var mjög brattlent og lítið undirlendi milli fjalls og fjöru. Á einum stað mun það hafa verið á annað hundrað metra, og mun það hafa verið hið mesta þarna á höfðanum. Hlíðarnar voru mjög brattar og sums


staðar illkleifar, og gerði það okkur mjög óhægt um vik við söfnun könglanna. Samt náðum við 20 pokum af sitkagrenikönglum, einum litlum poka af fjallaballarkönglum og hálfum poka af marþballarkönglum. Tók það lengstan tíma að tína þá, því að þeir voru lítið stærri en bláber. En auk þessa tók ég bæði rætur og fræ af ýmsum plöntum, sem uxu á þessum slóðum, og mér virtist að fengur mundi í að flytja hingað til lands. Einkum leizt mér vel á lúpínur, sem uxu eftir endilangri ströndinni meðfram skógarjaðrinum. Geti sú jurt vaxið af sjálfsdáðum hér á landi og breiðzt út, er áreiðanlega mikill hagur af því, þar sem lúpínur bæta mjög allan jarðveg, sem þær vaxa í.

Elztu trén á þessum slóðum voru um eða allt að 400 ára sitkagreni. Á skjólgóðum stöðum náðu þau nærri 40 metra hæð og voru hátt á annan meter í þvermál í mannhæð frá jörðu. Annars mun meðalhæðin hafa verið nálægt 30 metrum neðarlega í hlíðum og við ströndina, en ofar í hlíðum mun hæðin hafa verið 18 til 25 metrar. Hvarvetna var mjög mikið af nýgræðingi 5 til 10 ára gömlum. Spratt hann aðallega á föllnum, feysknum og mosagrónum stofnum.

Fjallapöllin var yfirleitt mikið lægri vexti en sitkagrenið. Hæstu trén, er ég sá, munu hafa verið um 25 metrar, en víða var hún 10-20 metra á hæð. Um aldur hennar vissum við lítið, því að öll elztu trén voru orðin fúin að innan.

Marþöllin var all há, en ekki urðum við varir við meira en 17 tré af þeirri tegund. Hæsta tréð reyndist 35 metrar, en hin voru nokkuru lægri. Þessi tré voru ekki nærri eins gild og sitkagrenið, enda þótt þau væri hátt á þriðja hundrað ára.

Jarðvegur var alls staðar mjög grunnur og hörð klöpp hvarvetna undir. Bergtegundin í fjöllumun mun hafa verið andesit eða ummyndanir af þeirri tegund. Andesit er að samsetningu mitt á milli graníts og basalts, en á að líta virtist mér allt grjót vera eins á lit og gerð og basaltið




Glacieret i Solbreen. Her er der 5 huse og en lille by.

á Vestfjörðum. Gat ég ekki séð neinn verulegan mun á því og klöppum og fjörugrjóti vestanlands og austan. Hins vegar var myndun fjallanna nokkuð ólík því, sem basaltfjöllin hér eru. Hin lægri fjöll, höfðar og ásar var allt saman kollótt og ávalt líkt fjöllum í Noregi, en hæstu fjöllin voru tindótt og skörðótt líkt og Botnssúlur eru að sjá utan úr Hvalfirði, en hæð tindanna norðan við Prince Williamsflóa mun hafa verið milli 3000 og 4000 metrar, en einstaka fjöll voru þó enn hærri.

VIII.

Meðan ég dvaldist á þessum stað, var veðráttan mjög lík því, sem venjulegt er hér á landi á sama tíma árs. Aðfaranótt 4. september var hiti við frostmark, en daginn eftir var stillt veður og bjart. Var fremur hlýtt um hádegisd, en undir kveld dró upp bliku. Um nóttina fór að rigna, og að morgni hins 5. september var norðaustan rok og rigning. Þetta veður hélzt allan daginn og næsta dag og gerði okkur óhægt um vik við söfnunina, en að kveldi hins 6. lygndi allt í einu, og þegar við komum út að morgni hins 7. september var komið nokkuð frost. Allur jarðvegur utan skógarins var stirðnaður og pollar lagðir. Var mjög þægilegt veður allan þenna dag, sól skein í heiði og sjórinn spegilsléttur út allan fjörð. Að morgni hins 8. september var enn komið norðaustan rok með slyddu, svo að fjöll gránuðu niður undir sjávarmál. Gerði mikið frost um nóttina, en næstu tvo daga var komið bezta veður á ný. Hinn 11. og 12. september var aftur rok og rigning og fremur kalt. Næstu þrjá daga var þurr að mestu, lofthiti fór lækkanði með hverjum degi, en hinn 15. sept. fór ég áleiðis til Anchorage, svo að ég gat ekki lengur fylgzt með veðrinu við Prince Williamsflóa. En þeir, sem bera vilja saman veðráttu við Prince Williamsflóa við veðráttu hér á landi, munu fá greinilegastar upplýsingar í



Marble & Mori, som er adskilt af den 1000 fod høje, nøgne bjergtop af
Liden, U. S. Forest Service, Jamaica.

Ársritinu árið 1943, þar sem gerður er samanburður á ýmsum stöðum í Alaska og hér á landi.

Samt sem áður þykir rétt að geta þess hér, að við Prince Williamsflóa eru aðeins fáar veðurathugunarstöðvar. Þó hafa veðurathuganir verið gerðar um alllangt skeið í Cordova, sem er við mynni flóans að suðaustan, í Valdez, sem er við suðausturbotn flóans, og nú um fáein ár í Whittier, sem var mikil herstöð í stríðinu, en liggur í þröngum firði sunnarlega á vesturströnd flóans. Næstu veðurstöðvar að vestan eru í Seward, sunnarlega á Kenaískaga, og í Homer, sem liggur nokkuð inn með Cooksfirði austanverðum. Að austan mun Yakutat vera næsta stöð þar sem veðurathuganir hafa verið gerðar um nokkura áratugi.

Stöðvarnar Valdez, Yakutat og Homer hafa allar svipaðan sumarhita og hér er á Suðurlandi. Í Valdez eru kaldari vetur en hér gerist, en hins vegar er mjög lítill munur á vetrarhita hér og í Homer og Yakutat. En þær stöðvar báðar liggja næstum fyrir opnu hafi, en hins vegar er Valdez innst inni í löngum firði og há fjöll draga mjög úr hafvindum. Cordova og Seward liggja aftur á móti á mjög skýldum stöðum, og sakir þess er auðskilið, að sumarhiti getur orðið all hár á báðum stöðunum. Pt. Pakenham mun vera líkast Valdez, hvað veðurfar snertir, en þó munu vetur vera mildari þar, af því að hafáttin nær sér betur inn flóann þar en við Valdez. Um meðalhita í Whittier verður ekkert sagt fyrst um sinn, þar sem veðurathuganir hafa aðeins verið gerðar þar fáein ár. En fróðlegt verður að sjá skýrslur þaðan eftir hæfilega langan tíma.

Fer hér á eftir tafla er sýnir meðalhita hvers mánaðar á ofantöldum 5 stöðum í Alaska og enn fremur meðalhita 5 stöðva á sunnanverðu Íslandi, til þess að lesandinn geti borið meðalhitann saman á þessum slóðum. Framan við staðarnöfnin í Alaska er tala, sem sýnir í hve mörg ár veðurathuganir hafa verið gerðar á hverjum stað.

	Jan.	Febr.	Mar.	April	May	June	July	August	Sept.	Oct.	Nov.	Dec.	Medial for Jan. -Sept.	Annual for Apr. -Oct.
24. January	+ 23	+ 57	0 0	1 1	69	103	110	117	91	67	1 0	+ 99	105	68.3
29. December	+ 24	+ 69	0 0	1 0	69	105	127	140	95	67	1 2	+ 115	110	61.7
33. Veldla	+ 70	+ 57	+ 14	1 0	69	100	115	110	74	62	+ 90	+ 71	102	61.1
33. Februaal	+ 70	+ 20	+ 0 0	2 0	69	107	125	120	91	47	+ 0 4	+ 90	112	60.4
15. Hooft	+ 42	+ 70	+ 10	9 2	69	101	120	115	95	47	+ 1 0	+ 40	105	60.8
Rooyport	0 0	0 0	1 0	1 4	68	90	114	108	85	44	4 5	1 5	100	56.7
Krommabek	+ 0 0	0 1	0 0	3 4	71	101	119	109	81	54	1 6	0 0	102	54.0
Stammar	0 0	0 4	1 0	4 0	77	100	119	100	86	42	2 0	1 5	101	60.0
Vik + Nieuw ..	1 0	1 0	2 0	4 2	73	95	114	111	88	42	3 1	2 6	102	67.2
Kuilschep	+ 0 1	0 0	1 4	4 2	75	100	121	110	84	55	1 7	1 0	105	65.7

Íslenzku meðaltölin eru tekin úr Ársritinu 1943 bls. 30 og er þar skýrt frá, hvaða ár þau ná yfir.

IX.

Af fræsöfnun Vigfúsar Jakobssonar þenna tíma er helzt að segja, að hann fór suður til Pigot Bay, sem er lítil vík vestur úr Prince Williamsflóa, um 25 km sunnar en Point Pakenham. Þar er flatlendi nokkuð upp af víkinni og sæmilegasti greniskógur, enda þótt hann sé ekki eins hávaxinn og á hinum staðnum. Þarna var fræfall langtum meira en við Point Pakenham og auðveldara að ná könglum. Sakir þess varð eftirtekjan hjá Vigfúsi langtum meiri en hjá mér, en hins vegar fékk hann aðeins fræ af sitkagreni, þegar undan er skilið ofurlítið af fjallapallarkönglum, sem hann gerði út sérstakan leiðangur eftir upp í hlíðar dalsins. Náði hann í 55 sekki af sitkagrenikönglum.

Þegar við höfðum lokið fræsöfnun á þessum slóðum um miðjan september hélt ég áfram til Anchorage, svo sem áður getur, en Vigfús fór aftur til Cordova með Jacobsen til þess að hjálpa honum til að koma þreskingu á stað, en þresking svona mikils könglamagns er all mikið starf og þarf góðan undirbúning, ef vel á að takast. Vigfús skrapptu í stutta ferð frá Cordova til þess að ná í fræ af Alaskasedrusviði, sem vex á eyjunum vestur af Cordova. Tókst honum að ná aðeins í tvær lúkur af því fræi eftir mikla fyrirhöfn.

X.

Í Anchorage dvaldist ég um vikutíma. Fór ég víða um nágrennið og safnaði nokkuru af hvítgrenikönglum úr 400 metra hæð í fjöllum ofan við Anchorage. Naut ég þar mjög góðrar aðstoðar R. R. Robinsons, sem er yfirmaður *Alaska Fire Control Service*, en sú stofnun hefir aðallega það starf með höndum að gæta þess, að skógareldar brjót-



Ljósm. H. B.


Moldarrof, fokjarðvegur, (löss) í Matanuskadal. Þat White stendur framan við barðið. Skógurinn er birki, hvítgreni og ösp.

ist ekki út, og að slökkva þá, er þeirra verður vart. Robinson greiddi mjög götu mína og aðstoðarmaður hans, Pat White, ók mér um allar jarðir eftir vild minni. Get ég ekki nóg samlega þakkað þeim alla hjálpinu, er þeir sýndu mér.

Auk þess, sem ég safnaði nokkuru fræi í grennd við Anchorage, fór Pat White með mér upp í Matanuskadal, en það er aðal landbúnaðarhérað Alaska. Var þar margt fróðlegt að sjá, og væri unnt að læra margt nytsamt með því að kynna sér, hversu landbúnaður er rekinn á þessum slóðum. Búskapur hófst í Matanuskadal um 1916, og voru þar nokkurir bændur fram til þess, er Bandaríkjastjórn flutti þangað rúmar 200 fjölskyldur á kreppuárinum 1935 og lét þeim lönd í té, og var hugmyndin, að byggja þarna bændanýlendu. Því miður var svo illa til þessa stofnað, að flestir bændanna flosnuðu upp, en það gæti verið mjög lærdómsríkt fyrir Íslendinga að kynna sér þetta nánara, til þess að læra af þeim mistökum, sem þarna urðu. Erindi mitt upp í dalinn var þó ekki að skoða landbúnaðinn, heldur vildi ég kynnast því, hvort ekki sæust nein merki landskemmda eftir búreksturinn, og einnig langaði mig til að skoða jarðveginn, því að ég hafði óljósar fregnir af, að hér væri lössjarðvegur. Ég fór heldur ekki neina fýluför á þenna stað, því að bæði sá ég miklar gróðurskemmdir eftir örtröð, og greinlega byrjun landskemmda sakir sandfoks, og auk þess sá ég hvergi annað en lössjarðveg, hvar sem ég fór á þessum slóðum.

XI.

Matanuskadalur er mjög víður og langur. Hann liggur upp af botni Cooksfjarðar og er um 40 km á lengd, unz dalurinn fer að þrengjast og landið að hækka. Breidd hans er um 15 km í miðjum dal, en utar er hann langtum breiðari, og þar nær sléttlendi dalsins saman við eyrar Susitna-árinnar, en flatarmál þeirra skiptir hundruðum ferkílómetra. Eftir endilöngum dalnum rennur Matanuskaáin,



sekundær (bl.a. i ballistolon i Matroskadek) i betydelse av att ha en sekundär betydelse eller att ha en sekundär betydelse.

sem er mikið jökulvatn, er hefir grafið sig djúpt niður í hin mjúka jökulframburð, sem er undir öllum jarðvegi dalsins. Dalurinn er sléttlendur, en einstaka fell rísa upp á flatlendinu. Frá sjónarmiði Íslendinga er dalurinn einstaklega búsældarlegur, enda er hann allur skógi vaxinn, nema þar, sem lönd hafa verið rudd undir akra og tún. Loftslag er ágætt í dalnum, sumur eru heit og staðviðri mestan hluta árs, en vetur nokkuð kaldur. Þar er hægt að rækta ýmsar tegundir korns, en aðal framleiðsla bændanna er samt mjólk og kjöt, enda er mest þörf fyrir þær vörur í Alaska. Búskapurinn í Matanuska hefir gengið fremur skrykkjótt alveg fram að því er stríðið hófst, en þá batnaði mjög afkoma bænda í bili. Hvort framhald verður á hinni góðu afkomu er ekki unnt að segja að svo stöddu, en af því að bærinn Anchorage hefir vaxið mjög á stríðsárunum, eru nokkurar líkur til þess, að bændurnir muni framvegis búa við betri markað.

Á fáeinum stöðum í dalnum er sandfok að byrja. Þótt ekki hafi mikið kveðið að slíku enn, þá hafa samt einstöku jarðir haft all mikil óþægindi af því. Fáir þetta fok að vera óheft í fáein ár, munu afleiðingar þess geta orðið tilfínanlegar, því að þarna eru öll hin beztu skilyrði til uppblásturs, eins og vér þekkjum þau bezt hér á landi. Jarðvegur er grunnur lössjarðvegur, víða er búið að ryðja og brenna skóginn, en eftir er lélegt graslendi, sem notað er til beitar. Aðal vindáttirnar eru eftir endilöngum dalnum, og þegar þurrir haustvindar blása af landi niður dalinn, fer sandur að fjúka þar, sem nokkur sár eru á gróðursverðinum. Ég kom á einn slíkan stað, þar sem gróður hafði verið upp höggvinn og skemmdur á árbakka, en síðan hafði verið lagður vegur nærri bakkabrúninni. Sandur hafði síðan fokið yfir veginn og hlaðizt upp hinum megin við hann. Er sandhrúgan hafði kæft gróður þann, sem undir varð, fór hún að blása burt, og nú hefir myndast dálítill sandgeiri, þar sem háhrúgan lá áður, og stefnir sandurinn beint út dalinn úr þessum geira.

Þegar hinir fyrstu bændur settust að í Matanuskadal um og eftir 1916, fluttu sumir þeirra með sér sauðfé. Sakir hinnar miklu víðáttu lands og skóga, treystu þeir sér ekki til að sleppa fé þessu lausu að sumarlagi, en þeir girtu dálítið fell af, sem stendur utarlega í dalnum. Þar var skógur ruddur að mestu og fénu síðan beitt á landið. Fellið er um 100 metra á hæð, rúma tvo km á annan veginn, en einn á hinn veginn. Fjöldi fjárins hefir aldrei verið mjög mikill í fellinu, en hins vegar má ganga að því vísu, að féð hefir verið látið ganga þarna eins lengi og tíð leyfði á hverju ári. Enda er nú svo komið, að fellið er alls staðar bert og blásið ofan á klöpp, og gróður er hvergi nema í dýpstu skorningum og neðst í hlíðum. Fellið lítur út eins og flest öll íslenzk fjöll og fell. En önnur fell í dalnum eru öll skógi vaxin, svo að hvergi sést í grjót. Hvað sem mönnum kann að finnast um þetta, þá vakti það undrun mína, hversu jarðvegar- og gróðureyðingin hafði verið ör á þessum stað. Ég hafði aldrei haldið að þrjátíu ára beit gæti haft jafn stórkostlegar skemmdir í för með sér. Ég óskaði þess með sjálfum mér, að allir þeir, sem blindastir eru á örtröðina á Íslandi, og eins þeir, sem loka augunum fyrir henni, ætti þess kost að líta þetta fell augum, því að þeir mundu áreiðanlega verða heilskyggirnir á eftir.

Er við Pat White höfðum skoðað þetta tvennt gaumgæfilega, fórum við nokkuð víða um dalinn til þess að sjá, hvort lössjarðvegurinn næði ekki yfir vítt svæði, en það er skemmst frá að segja, að hann var hvar sem við komum. Þarna óx hvítgreni og birki hvað innan um annað, og var eigi sýnilegt, að hvítgrenið yxi nokkuru verr en björkin. Gat ég ekki annað séð, en að kenningin um, að barrtré geti ekki þrífzt í lössjarðvegi, hefði enga stoð í veruleikanum. Og ég átti eftir að sjá það síðar suður á Kenaishaga, að bæði sitkagreni og marþöll uxu jafnvel og hvítgrenið í lössjarðvegi.

XII.

Hinn 21. september kvaddi ég kunningja mína í Anchorage og hélt af stað suður til Seward, sem er bær sunnarlega á Kenaískaga. Þar hefir einn af skógarvörðunum búsetu, og tók hann á móti mér á stöðinni og leiðbeindi mér. Hann heitir D. W. Stephensen, kornungur maður og hinn hvatlegasti. Daginn eftir fórum við saman um skagann til að skoða, hvar vænlegast mundi að bera niður við fræsöfnun. Ökum við út til stöðvar skógræktarinnar við Lawing, og leizt mér svo á, að heppilegt væri að hafa bækistöð þar, er við reyndum að ná fræi af ýmsum stöðum á skaganum. Reyndi ég nú að fá Vigfús til að koma til mín, svo að við gætum unnið saman að þessu í stað þess að leigja hjálp, sem erfitt mundi á þessum stað. En það var engan farkost að hafa annan en leiguflugvél, sem skauzt eftir Vigfúsi.

Undir eins og Vigfús var kominn, bjuggum við okkur til að ferðast um skagann og safna fræi af þeim tegundum sem við kynnum að hitta fyrir. Vistuðum við okkur hjá gamalli konu, sem heitir Nellie Lawing og býr í Lawing. En slíkt er mjög algengt í Alaska, að staðirnir eru nefndir eftir þeim manni, sem fyrstur tekur sér bólfestu á þeim. En maður Nellie gömlu hafði fyrstur manna reist byggð á þessum stað. Þarna voru að vísu ekki nema þrjú eða fjögur hús, enn sem komið er. Nellie gamla hefir alið mestan aldur sinn í Alaska og mótazt af landi og þjóð. Hún var eigi óvön að nota alls konar gífuryrði og formælingar, ef henni mislíkaði, og fátt mun hafa getað hneykslað hana, en hún var talin hjartagóð og greiðvikin, og dugleg hefir hún verið, er hún var upp á sitt bezta. Nú lifði hún í ekkjustandi við Kenaivatn og hafði ofan af fyrir sér með kanínurækt og með því að selja þeim fáu gestum greiða, sem dvelja vildu hjá henni í bjálkakofum hennar, sem hún hafði hróflað upp á landi sínu.

Við Vigfús fengum inni í einum þessara kofa, og okkur leið þar ágætlega, þótt ekki verði sagt, að gisting eða mat-

ur hafi verið fyrsta flokks, jafnvel ekki þótt miðað sé við það, sem gerist hér á landi. Skógarvarðstöðin lá rétt hjá, en við kusum heldur að vera hjá kerlu, því að hún bauðst til að sjá um mat handa okkur, en hann hefðum við orðið að laga sjálfir, hefðum við búið á stöðinni. Þótti okkur það of mikil tímatöf, úr því að hins var kostur. En á stöðinni höfðum við bæði aðgang að bát um Kenaivatn og bíl til að ferðast á um landið. Svo að því leyti var öllu haganlega fyrirkomíð.

Við Lawing er all einkennilegt gróðurfar, því að það er sambland af meginlands og strandgróðri. Þar vex sitkagreni um allt, en það nær hvergi jafn miklum þroska og út við sjóinn, en skammt norðan við Lawing vikur það alveg fyrir hvítgreninu. Fjallapöllin vex hins vegar alls staðar um skagann, og virðist það ekki hafa mikil áhrif á hana, hvort hún er út við sjó eða inni á miðjum skaga. Meðfram öllum vötnum og ám eru hvarvetna hávaxnar aspir, og birki má sjá mjög víða. Aspirnar, sem þarna eru, teljast til tveggja tegunda, og er önnur þeirra afar hraðvaxta og stórvaxin. Sú tegund (*Populus trichocarpa hastata*), sem stórvaxnari er, vex helzt meðfram vötnum og er ljómandi fagurt tré og virðist all kröfuhörð, hvað jarðveg viðvíkur. Hin tegundin (*Populus tremuloides*) mun náskyld blæðspinni. Mér virtist, sem hún mundi ekki eins hraðvaxta og hin öspin, en hins vegar ekki jafn vandlát með jarðveg. Aspirnar ná um 20 til 25 metra hæð á þessum slóðum. Þarna vex líka mjög snoturt birki (*Betula kenaica*), en hvergi sáum við það mjög stórvaxið. Víðitegundir eru þarna nokkurar, en engin þeirra, sem stendur íslenzkum víðitegundum framar. Loks má nefna svartgrenið (*Picea mariana*), en það vex eingöngu á fúamýrum, þar sem engum öðrum trjágróðri er fært að vaxa. Svartgrenið er lágvaxið og hægvaxta, og viður þess er eigi notaður til neins.

Jarðvegurinn á Kenaiskaga á þeim slóðum, sem við

dvöldum, var alls staðar hinn sami og í Matanuskadal, lössjarðvegur á sléttlendi og neðst í hlíðum, en er ofar dró, voru grjótskriður og ruðningur undir efsta mosalaginu. Landslag er mjög fjölbreytt á skaganum, og er víða mjög fagurt. Fjöllin eru áþekkt fjöllumum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar að lögun, en hér voru miklu fleiri og dýpri skörð milli einstakra tinda og fjalla. Má þræða dali þessa eftir endilöngum skaganum án þess að fara nokkurs staðar mjög hátt yfir sjávarmál. Vesturhluti skagans er mjög flatlendur, og er langt frá strönd Cooksfjarðar upp að fjallsrótum. Þar á ströndinni er lítið þorp, sem Kenai nefnist. Þar vildu Íslendingarnir þrír, sem fóru til Alaska árið 1874, að stofnuð yrði Íslendingabyggð, er eyjan Kodik væri fullnumin.

Fyrsta daginn, sem við Vigfús fórum út til fræsöfnunar, rérum við yfir Kenaivatn og gengum þar upp á háan hnúk. Fórum við upp í 650 metra hæð, en þar vorum við rétt við skógamörkin. Uppgangan var erfið á köflum, því að fjallið var snarbratt, en við Vigfús hugðum að gott væri til fræsöfnunar þarna uppi, og því sveittumst við allt hvað af tók upp brekkurnar, enda veitti ekki af deginum, ef nokkur árangur ætti að verða. Í 600 metra hæð sáum við ljómandi fagurt sitkagreni um 10 metra á hæð. Veittumst við að því og felldum það, þótt okkur þætti báðum eftirsjón í jafn fögru tré í blóma lífsins. Tréð hafði ekki annað til saka unnið, en að það bar óvenju mikið af könglum efst í toppi. En ást okkar til föðurlandsins réð því, að við lögðum það að velli. Fengum við nærri hálfan poka af könglum af þessu eina tré, og þótti okkur för okkar góð. Á leið okkar niður topphuggum við tvö tré til þess að ná könglunum af þeim, en það var erfitt verk og vont. Einnig náðum við í nokkuð af þallarkönglum á niðurleið. Vorum við þeirri stundu fegnastir er við komum aftur niður að vatni undir kveld, því að svo hafði þorsti og mývargur kvalið okkur um daginn, að þetta var með erfið-

ustu dögum, sem ég hefi lifað. En okkur þótti erindi þetta hið bezta, er við komum heim til Nelliar gömlu um kveldið.

Næstu tvo daga fórum við víða um skagann og náðum í all mikið af könglum, bæði af hvítgreni og eins af trjám, sem við þóttumst vissir um að væri bastarður af hvítgreni og sitkagreni. Ennfremur komumst við í kunningsskap við ýmsa góða menn, er bjuggu þarna. Einkum höfðum við gaman af að hitta Jack Lean, sem er kaupmaður á stað, er nefnist Cooper Landing við vesturendann á Kenai-vatninu. Jack Lean lofaði að taka aspargræðlinga handa okkur í vetur, og gerði hann það. En aspir hafa þann leiða galla, að ekki er hægt að senda fræ af þeim langar leiðir, þar sem það missir spírunarhæfileika sinn á fáum dögum.

Á fjórða degi fórum við aftur til Seward og gengum frá könglum þeim, sem við höfðum safnað, í umsjá Stephensonar skógarvarðar, og hann lofaði að senda okkur fræið, er það væri þreskt. Sendi hann það síðan ásamt græðlingum þeim, sem Jack Lean hafði tekið handa okkur, og flutti um borð í skipið *Yukon*, sem hélt frá Seward í byrjun febrúar þessa árs. En skipið strandaði og sökk í ofviðri, rétt eftir að það hafði látið úr höfn, og þótti okkur mikil eftirsjá að því ágæta fræi og hinum ýmsu sýnishornum, sem við höfðum tekið þessa dagana á Kenaískaga. Svona fór um sjóferð þá, og því er nú verr að fræ, slíkt og við tókum í 600 metra hæð ofan við Kenaivatn, verður seint fengið aftur, því að það geta liðið ótal ár, áður en trén bera aftur fræ í þessari hæð. Þetta var hið mesta óhapp.

XIII.

Í Seward höfðum við Vigfús litla viðstöðu, við ætluðum að bregða okkur til Homer, en af því gat ekki orðið sakir óveðurs, og varð það því úr, að við fórum til Anchorage. Þar vorum við á þriðja dag, en héldum þaðan norður til



Paxon vatnið við Richardson þjóðveginn norður af Valdez. Snævi þakin fjöll í baksýn.

Fairbanks, en sá bær er eins konar höfuðstaður meginlands Alaska. Fórum við nokkuð um næsta umhverfi bæjarins og litum á trjágróðurinn þar. En ekki virtist okkur ástæða til að reyna að flytja neitt af honum til Íslands, því að hér er meginlandsloftslag, gerólíkt því, sem hér er. Sumur í Fairbanks eru svo heit, að þar hefir tekizt að rækta hveiti, en hins vegar eru vetur langir og strangir. Enda leizt okkur eigi meira en í meðallagi vel á skóginn á þessum slóðum. Fá tré voru yfir 10 metra á hæð, þau voru að sama skapi grönn og seinvaxta og stóðu mjög strjált.

Í Fairbanks er háskóli, sem við skoðuðum, og þótt sá skóli sé enn ekki ýkja stór, þá virðist allt benda til þess, að hann eigi eftir að stækka og dafna á næstu árum. Því er viðbrugðið, hve þar sé góður skóli í námugreftri, en slíkt er varla að undra, þar sem mjög mikið gullnám er rekið víða umhverfis Fairbanks, en annars staðar í Alaska er margs konar námuvinnsla.

Frá Fairbanks fór Vigfús beint til Seattle, en ég til Juneau, þar sem ég dvaldist enn í nærri viku. Þurfti ég í ýmsu að snúast, ganga frá ýmsum sendingum af fræi og öðru, sem þar hafði safnast saman, og loks að kveðja kunningjana, sem höfðu hjálpað mér svo vel og drengilega, til




Hæsta fjall Alaska Mt. Mc. Kinley, 6200 m á hæð.
Fjallið blasir við í suðurátt frá Fairbanks.

Þess að árangurinn af förinni yrði sem bestur. Frá Juneau hélt ég til Seattle hinn 8. október, en það fór fyrir mér eins og mörgum öðrum, sem dvalizt hafa um stundarsakir í þessu stóra og fagra landi, að ég kvaddi það með söknuði og mikilli löngun til þess að geta komizt þangað einhverntíma aftur. Það var svo margt, sem minnti mig á Ísland, á ferð minni um Alaska, að mér fannst oft og tíðum að ég væri heima í mínu eigin landi, og greiðvikni og hjálpsemi fólks var svo einstök, að slíks munu einsdæmi.

XIV.

Þegar ég nú lít yfir farinn veg, er ég sit hér heima við skrifborð mitt, þá kemur margt í hug, sem ég hefi ekki getað komið í verk í þessari för minni, enda þótt árangurinn af sumu hafi orðið fram úr öllum vonum. Þannig langaði mig mjög til að afla fræs af fjallaþin (*Abies lasiocarpa*), en sú tegund vex ekki neins staðar við sjó fram, og yfirleitt þekkja menn ekki útbreiðslu hennar til hlítar. Hafði ég ætlað mér að gera sérstaka ferð upp í norðurhluta Copper River dalsins, þar sem þessi trjátegund á að vaxa samkvæmt sögusögnum, en þar eð komið



Landet er lavt og fattigt, Landet kan kun bruges til skovbrug.
 Længde 1000 m, Bredde 500 m, Fjorden
 Længde 1000 m, Bredde 500 m, Fjorden



Margt er svipað í Alaska og á Íslandi.

var langt fram á haust, er ég hafði lokið öðrum erindum, og auk þess, sagði Robinson í Anchorage mér, sem er manna kunnugastur á þessum slóðum, að þessi trjategund mundi vandfundin á skömmum tíma; þá sá ég mér ekki fært að leggja í langa ferð, þar sem líklegt var, að hún yrði alveg árangurslaus. Einnig hafði mig langað til að ná í fræ af furutegund, sem vex í suðaustur Alaska, (*Pinus contorta*), en það reyndist ómögulegt að ná í fræ af þeirri tegund úr þeirri hæð yfir sjó, sem ég hefði kosið. Og loks má nefna, að mig langaði til þess að ná sitkagrenifræi og þallarfræi frá fleiri stöðum, en ég átti kost á.

Hins vegar gat ég náð í fræ og rætur ýmissa plantna, sem gaman getur verið að reyna hér á landi, þótt slíkt hafi enga þýðingu fyrir skógræktina. Tók ég fræ af samtals um 20 tegundum villtra plantna, en nú mun ég fyrst láta sá því og sjá, hvernig það kemur til, áður en um það verður rætt frekara. Enn sem komið er, hefir engin heildarflóra verið gefin út yfir gróður Alaska, en við samanburð á tegundafjölda ýmissa ætta þar og hér, þykir mér ekki ólíklegt, að þar vaxi um þrisvar sinnum fleiri tegundir en hér á landi. Er því mjög sennilegt, að í Alaska megi finna ýmsar jurtir, sem geti þrífist jafn vel hér og



Ed Sullivan, Alaska. Sipișor (1950) et ceteri alii encefalitici (brosini).



7 200 000 dala tékkur, sem Bandaríkin greiddu Rússum fyrir Alaska 1868.
Sennilega beztu landakaup, sem gerð hafa verið.

í heimalandi sínu og orðið til mikilla nytja í framtíðinni. Ég er þess full viss, að það gæti orðið hinn mesti búhnykkur fyrir íslenzkan landbúnað og einnig fyrir uppgræðslu landsins, ef duglegir ungir menn væri sendir vestur til Alaska í leit að plöntutegundum, sem líklegar þætti til að geta orðið oss til nytja.

Svæði þau, sem slíkra plantna væri helzt að leita, eru á miðri suðurströnd landsins, frá Yakutat og yfir á vesturströnd Cooksfjarðar. Að flatarmáli er land þetta að minnsta kosti jafnstórt Íslandi, og það er mjög strjálbýlt, svo að lítillar aðstoðar er hægt að vænta af landsbúum við plöntuleit og fræsöfnun, að öðru leyti en því, að þeir greiða götu ferðamanna. Þannig er því að minnsta kosti varið eins og byggð er þar háttáð nú. Og byggðin þéttist ekki svo á þessum slóðum á næstu árum, að vert sé að bíða eftir því.

Við söfnun trjáfræs í náinni framtíð handa skógræktinni, hljótum vér að senda mann vestur í hvert sinn er oss skortir fræ og sæmilegt fræfall verður, því að á annan hátt er oss ókleift að ná í nægilegt magn frá þeim stöðum, sem vér kunnum helzt að óska. En ég er alveg viss um, að til Alaska verðum vér að sækja framtíðarskóga Íslands.



Magd. 14. 1. 0. 2. indikanti forensi. 384 k. esdant. / *Magd. 14. 1. 0. 2. indikanti forensi. 384 k. esdant.*



Væri Ísland flutt 130° vestur á bóginn lægi það í miðju meginlandi Alaska 200–300 km norð-
 ar en safna verður fræi. Skástrikuðu svæðin hafa sviðaða veðráttu og Ísland.

HÁKON BJARNASON:

A trip to Alaska in the fall of 1945

A brief summary by Hjörtur Halldórsson.

In August last summer, I took a trip to Alaska on behalf of The Iceland Forest Service, for the purpose of acquainting myself with the forests and collecting seeds around Prince William Sound and on the Kenai peninsula, where the climate and other natural conditions are similar to what they are in Iceland. Furthermore, I was greatly interested in establishing personal contact with several men there, with whom I have corresponded during the past eight years.

During my first week in Alaska I stayed in Juneau, where I was able to get all necessary information concerning the country and its vegetation. Almost everything of interest written about Alaska was to be found in the library of the U. S. Forest Service in Juneau - even the report given by the Icelandic Alaska Expedition to the President of the United States in 1875. There I had the opportunity to make the personal acquaintance of the men with whom I had previously corresponded. It goes without saying that it gave me great pleasure to meet them.

There I met the Regional Forester, Mr. B. Frank Heintzleman, a man whose work shows the highest skill and efficiency, and also the excellent Assistant Regional Foresters, Mr. Charles G. Burdick and Mr. Charles H. Forward. The Administrative officer, Mr. Harry Sperling, spent much of his precious time with me, rendering me most valuable assistance.

In previous years my closest contacts had been with Mr. Wellman Holbrook, who had recently retired because of old age. Nevertheless, I met him several times and enjoyed his good humor and continued vitality.

Besides I met several other men who work in the U. S. Forest Service, such as the Regional Engineer, Mr. A. E. Glover, the Regional Fiscal Agent, Mr. L. E. Iversen, the Rangers, Mr. John H. Brillhart, Mr. Alva Blackerby and many others. These people welcomed me

most heartily and gave me all possible assistance. Without their help my visit would by no means have proved so successful.

After a week in Juneau, I was invited on a three day motorboat trip to Sitka, the former capital of Alaska, along with Messrs. Sperling and Brillhart.

It was very interesting to see the forest in Fish Bay, not only because of its fine growth, but also owing to the fact that some Sitka spruce trees which were planted in Fljótshlíð in the southern part of Iceland must have grown from seed from this very region. These seeds were gathered in 1930 or 1931 and sent to Norway, wherefrom we got the seedlings in 1937, which by that time had reached the height of half a meter. Now the highest tree in this group is 4,1 meters, and their average height is over 3 meters. In view of the fact that the summer temperature and precipitation in Fljótshlíð is considerably lower than in Fish Bay, even though the winter temperature is similar, it is certainly interesting that the trees have done so well. Therefore we have every reason to believe that seed originating from more northerly places, such as the northern coast of prince William Sound, would produce trees which will be able to stand the Icelandic climate*).

From Sitka I flew back to Juneau, together with Mr. Sperling, and enjoyed a short stay there before I flew to Cordova. The Division Supervisor, Mr. E. M. Jacobsen, is located there. Mr. Jacobsen was a sailor when young and visited Iceland a number of times on his travels. Later on, he settled down in Alaska, became a forester, and enjoys his work. His district covers the entire coast around Prince William Sound, and the assignment is really a big one, as he has only limited help.

On the 3rd of September, Mr. Vigfús Jakobsson, an Icelander studying forestry at the University of Washington, accompanied me on board the good ship *Chugach* of the U. S. Forest Service, of which Mr. E. M. Jacobsen is captain.

After a nine hours voyage across the Sound, we reached Point Pakenham, where I was left, together with two of the men whom Vigfús had engaged to gather cones. I stayed there with some 20 loggers for ten days at their camp, by kind permission of the Morgan brothers and Mr. Dan Moller of the Columbia Lumber Company of Alaska. I really enjoyed my stay with these hardworking fine fellows.

Vigfús Jakobsson went to Pigot Bay where he stayed with his

*) See page 29 for comparison of average monthly temperature in the southern part of Iceland and the Prince William Sound and Kenai regions.

assistants for two weeks, for the same purpose. The cones were shipped to Cordova, where Mr. E. M. Jacobsen did us a most valuable service by thrashing them and packing the seeds for shipment to Iceland. Thus we obtained some 120 kilos of Sitka spruce seed from the above mentioned places and a small amount of Mountain hemlock seed. In addition we gathered both roots and seeds of different species which we thought might prove valuable additions to the Icelandic flora.

On September 14th I left Point Pakenham for Anchorage, where I stayed for a week. There I got some White spruce cones at an altitude of 400 meters. Of great help to me was Mr. R. R. Robinson, who is Chief of the Alaska Fire Control Service. Mr. Robinson and his assistant Mr. Pat White, drove me all over the neighbourhood and I am extremely indebted to them for their kind help and hospitality. Besides this, Pat White took me to the Matanuska Valley, the main agricultural district of Alaska. There many interesting things were to be seen, such as the soil formation which is the same as in Iceland and the recent wind erosion in a few places, which certainly reminded me of many places at home.

On the 21st of September I left Anchorage and my friends there and joined Vigfús again in Seward. From there we went to Lawing where we stayed a few days collecting cones and seeds. I would like to mention the roadhouse where we put up. We were given quarters by an elderly lady Mrs. Nelly Lawing. The station bears her name as it is common in Alaska that places are named for those who first settle there. She swears and says "God damn it" but she is a good-hearted, fine woman. She showed decided skill in adapting herself to pioneer life when young. She is now a widow and keeps a rabbit farm and sells coffee and meals to travellers.

On the first day, Vigfús and I went out collecting seed, rowed across the Kenai Lake and after a strenuous walk to the height of 600 meters above sea level, we found a most beautiful Sitka spruce which had an unusual profusion of cones at the top. We had to fell the tree, even though we felt that it was quite a shame, and we got nearly half a sack of cones from this one tree in the belief we should get many fine trees for our own country.

After having worked for three days in the vicinity of Lawing we returned to Seward and delivered our cones to the ranger, Mr. Stephenson who kindly promised to thrash them and send us the seed. Later on he sent the seed together with aspen cuttings which Mr. Jack Lean of Cooper Landing had taken for us. Mr. Stephenson brought this on board the steamer *Yukon* which was wrecked shortly after it left the harbour. I felt very sorry to have lost the excellent seed and the different samples we had gathered in those days on the beautiful

Kenai Peninsula. Unfortunately, it may take a long time before we shall be able to get seed of the same quality as that gathered 600 meters above sea level, as many years may pass before trees again bear seed at this elevation.

From Seward Vigfús and I flew to Fairbanks to have a look at the country north of the Alaska Range. There we stayed for three days, made the acquaintance of several people and saw many things of interest. From Fairbanks we went back to Juneau where I again enjoyed the hospitality of the Forest Service staff for some days. October 8th I left Alaska with the earnest desire to be able to see this vast and magnificent country again.

HÁKON BJARNASON:

Stutt yfirlit um 45 ára skógræktarstarf á Íslandi

INNGANGUR

Ég hefi oft orðið þess var, að marga hefir fýst að vita, hvað unnið hefir verið í skógræktarmálum landsins frá því að það starf var hafið fyrir 45 árum. Ennfremur hefi ég stundum tekið eftir því, að ýmsir menn eru langtum fáfróðari um þetta en þeir ætti að vera. Að vísu hefir árleg skýrsla verið birt um þessa starfsemi í Ársriti Skógræktarfélags Íslands undanfarin 10 ár, en þess er ekki að vænta, að slíkt sé nægilegt til þess að gefa heildarsýn yfir starfsemina. Til þess að ráða nokkura bót hér á, mun ég gera ofurlitla grein fyrir því helzta, sem unnið hefir verið á þessu sviði.

Á síðasta tugi aldarinnar, sem leið, ferðaðist Sæmundur Eyjólfsson víða um land á vegum Búnaðarfélags Suðुरamtsins og skrifaði ágætar greinar um athuganir sínar í Búnaðarritið. Urðu þær til þess að glæða skilning manna á óhyggilegri notkun landsins. Skrif og tillögur Sæmundar léttu mjög undir fyrstu framkvæmdum í skógrækt, sem hófust um aldamótin. (Sbr. Ársritið 1939, bls. 28.)

Árið 1900 kom lærður skógræktarmaður hingað til lands í fyrsta sinn, og á því ári voru ýmsar framkvæmdir hafnar í skógrækt fyrir atbeina tveggja framsýnna Dana. Carl Ryder, fyrrum foringi í sjóliði Dana, var um nokkur ár skipherra á gufuskipum hér við land. Hann vakti máls á því við C. V. Prytz, prófessor í skógrækt við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn, að sjálfsagt væri að

gera einhverjar tilraunir með skógrækt hér á landi, sem væri meira en nafnið tóm. Þeir tóku höndum saman og öfluðu fjár til þess að hefja framkvæmdir og réðu til sín vel lærðan mann, C. E. Flensborg, sem stjórna skyldi verkum hér á landi. Hann starfaði síðan hér á hverju sumri til haustsins 1906, og fram til þess tíma var talið, að þeir Ryder og Prytz hefði á hendi yfirstjórn skógræktarmálanna hér. En Alþingi hafði styrkt þessa starfsemi þeirra með æ hærri fjárframlögum, og á árinu 1907 voru sett lög um skógrækt og skipaður skógræktarstjóri svo að upp frá því var yfirstjórn málanna hér heima. Vér Íslendingar megum fyrst og fremst þakka hinum tveim framsýnu Dönum, að skriður komst á skógræktina hér á landi, enda unnu þeir báðir að því með mikilli elju að útvega fé til starfsins áður en Alþingi fór að styrkja viðleitni þeirra. Skyld er að geta þess, að um sama leyti og þetta gerðist, var Sigurður heitinn Sigurðsson, búnaðarmálastjóri, að hefja undirbúning að gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands við Akureyri, og Einar heitinn Helgason var þá einnig farinn að vinna nokkuð að trjárækt hér syðra. En hætt er við að átök þeirra hefðu orðið minni en þau urðu, ef þeir hefði ekki bæði notið hvatningar og beinnar aðstoðar í starfi sinu við trjáræktina hjá C. E. Flensborg.

Agnar F. Kofoed-Hansen var fyrstur skipaður skógræktarstjóri hér á landi, og hafði hann það starf með höndum fram til 1. marz 1935, er Hákon Bjarnason tók við því. Skömmu eftir að Kofoed-Hansen var skipaður í embættið komu fjórir ungir og nýútskrifaðir skógarverðir honum til aðstoðar. Voru þeir látnir hafa búsetu sinn í hverjum fjórðungi og var Einar E. Sæmundsen á Suðurlandi, Sumarliði Halldórsson á Vesturlandi, Stefán Kristjánsson á Norðurlandi og Guttormur Pálsson á Austurlandi. Einn þessara manna er látinn fyrir um 20 árum, tveir hafa látið af störfum, en Guttormur Pálsson er enn skógarvörður á Hallormsstað. Nokkurir menn aðrir hafa

gegnst skógarvarðarstörfum um stutt skeið, en nú eru þessir menn í starfi: Einar G. E. Sæmundsen á Vöglum í Fnjóskadal, Daníel Kristjánsson á Belgalda í Borgarfirði og Garðar Jónsson á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Lengst af hafa fjárframlög til skógræktar verið skorin mjög við nögl, svo að árangurinn af hinu 45 ára langa starfi er langtum minni en hann hefði getað orðið með ofur lítið hærra starfsfé. Árið 1934, er skógrækt hafði verið rekin hér í 35 ár, hafði alls verið varið kr. 400 þúsundum til framkvæmda, eða rúmum kr. 11 þúsundum árlega að meðaltali. Árið 1935-1945 hefir starfsféð numið samtals kr. 824 þúsundum, eða kr. 82 þúsund að meðaltali á ári. En hin síðari ár hefir verðbólgan fyllilega fylgst með hækkuninni í fjárlögum, svo að um raunverulega hækkun er vart að ræða.

Einstöku sinnum hefir Skógrækt ríkisins orðið fyrir óvæntum höppum, svo sem þegar Kristian Kirk gaf jörðina Haukadal í Biskupstungum ásamt girðingu um allt landið og ýmsum mannvirkjum, eða er Skógræktinni var afhent girðing um allan Þjórsárdal, sem komið hafði verið upp fyrir fé annarrar ríkisstofnunar. Er vert að geta þessa með þakklæti.

Þegar lítið er yfir skógræktarstarfsemina undanfarin ár, er eðlilegt að skipta starfinu í sex eftirfarandi greinir og ræða hverja fyrir sig:

1. Gróðursetning erlendra trjátegunda.
2. Friðun skóglenda.
3. Sáðreitir.
4. Uppeldi trjáplantna.
5. Kaup skóglenda.
6. Störf skógræktarfélaga.

GRÓÐURSETNING ERLENDRA TRJÁA

Fyrstu sjö árin, sem unnið var að skógrækt, og jafnvel tvö til þrjú ár í viðbót, var lang mest stund lögð á að flytja hingað erlendar trjátegundir og gróðursetja þær á nokkur-

um stöðum, sem girtir höfðu verið í því skyni. Var einkum plantað í stöðvarnar á Þingvöllum, við Grund í Eyjafirði og við Rauðavatn, en þar var gróðursett í félagi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Ennfremur var gróðursett í Mörkinni á Hallormsstað og á fáeinum öðrum stöðum.

Ástæðan til þess, að mest kapp var lagt á innflutning trjáa, mun hafa verið sú, að á þeim tíma mun mönnum ekki hafa litizt svo vænlega á birkileifarnar, að þeir byggist við miklum árangri af friðun þeirra, og svo var mönnum á þeim tíma, hvorki eins ljós veðurskilyrði hér á landi sem nú, né heldur vissu menn eins gerla og síðar, hvaða skilyrðum verður fyrst og fremst að hlíta við flutning trjátegunda á milli staða.

Yfirleitt voru allar trjátegundir þær, sem reyndar voru hér í upphafi aldarinnar, upp runnar frá stöðum, sem höfðu allt annað veðurfar en hér er. Nokkurar undantekningar eru samt frá þessu, svo sem skógarfuran af vesturströnd Noregs, en þá komu plöntur eða fræ frá stöðum, er höfðu all miklu meiri sumarhita. Annars virðist það sjónarmið aðallega hafa ráðið við innflutning trjáplantnanna, að valdar voru tegundir, sem uxu á stöðum, þar sem vetrarkuldi var mikill. Þannig var flutt hingað hvítgreni frá Canada, fjallafura ættuð úr Alpafjöllum, lerki austan úr Rússlandi og þar fram eftir götunum.

Þegar litið er á árangurinn af þessu starfi nú, 35-45 árum eftir gróðursetninguna, kemur í ljós að það er mesta furða, hvað vaxið hefir á hinum ýmsu stöðum, því að auk þess, sem flestar tegundirnar voru upp runnar í meginlandsloftslagi, þá var þeim alls staðar komið fyrir á bersvæði nema því litla, sem gróðursett var á Hallormsstað. Samkvæmt þeim kenningum, sem nú eru efst á baugi, um flutning trjátegunda milli staða, hefði árangur af þessu starfi orðið sama og enginn.

Í Rauðavatnsstöðinni er fjallafuran eina trjátegundin, sem nokkurum þroska hefir náð. Samt er hún mjög lítils vaxtar, en engan þarf að undra þótt hún sé margstofna,

Því að fjallafuran er runnur en eigi tré. Hún nær aldrei meira en 8 metra hæð í heimkynnum sínum, og því má ekki vænta mikils vaxtar af henni hér, allra sízt þegar hún er nærri sjó eins og við Rauðavatn. Danir gróðursetja hana aldrei nær sjó en 8 km á Jótlandi, en við Rauðavatn er hún eigi fulla 3 km frá botni Grafarvogs. Á Þingvöllum hefir fjallafuran náð miklu betri þroska, en þar er hún um 4 metra á hæð, þar sem bezt lætur. Við Grund í Eyjafirði hefir furan náð álíka þroska og á Þingvöllum, en í Mörkinni á Hallormsstað hefir hún náð mestri hæð hér á landi svo sem við mátti búast, þar sem hún vex í skjóli skógar í gömlum skógarjarðvegi. Hún er nú um 6 m að hæð.

Í stöðinni við Grund í Eyjafirði ber nú einna mest á blæösp, sem er í óða önn að breiðast um landið með rôtarskotum. Ekki er kunnugt, hvaðan hinar upprunalegu aspir þar eru komnar. Blæöspin er ekki mjög hávaxin, og oft er mikið kal á árssprotum hennar. Bendir það ótvírætt til að hún sé komin hingað úr betra og heitara loftslagi.

Í Grundarstöðinni eru fáein lerkitré, og þótt þau sé nokkuð krækluð og hnýtt, eru þau samt sem áður hæsti gróðurinn í stöðinni. Í gróðrarstöð Ræktunarfélagsins á Akureyri eru einnig fáein lerkitré, sem munu vera á svipuðum aldri, og þau eru líka krækloft og illa vaxin. Þess vegna er einkennilegt að sjá, hversu beinvaxin sama trjátegundin er á Hallormsstað, en þar er lerkíð mjög beinvaxið og hraðvaxta. Mismunur á vaxtarlagi getur að nokkuru stafað af betri vaxtarskilyrðum á Hallormsstað, en hann getur líka verið af því, að lerkitrén á Hallormsstað eru yfirleitt all mikið yngri og fræið, sem þau eru sprottin af, getur hafa verið annars staðar upprunnið en fræ hinna trjáanna, og þykir mér sú skýring engu ósennilegri. En það er af Hallormsstaðarlerkinu að segja, að það er einhver bezta trjátegundin, sem þar hefir verið gróðursett. Vöxturinn er undra hraður, og trén virðast kunna vel við sig í hinu nýja umhverfi. Hæsta lerkitréð þar er

nú 10 metrar og mun varla eldra en 25-30 ára. Önnur álíka gömul tré eða yngri hafa vaxið ágætlega vel, og nú eru til á Hallormsstað þrír litlir lerkitrjálundir, sem fer stórum fram með hverju ári, sem líður. Hinn góði vöxtur lerkisins hvatti skógarvörðinn til að halda áfram að rækta lerki, og nú hafa nokkur þúsund þeirra verið gróðursett í skóginum sunnan við Atlavíkina. Var það gert á árunum 1937-1939, og lítur nú út fyrir að vér munum eignast þar lítinn lerkiskóg áður en mörg ár líða, því að meðalhæð hinna ungu trjáa eru um 2 metrar. Þess má geta, að þrátt fyrir margar tilraunir með að gróðursetja lerki sunnan lands, hafa flestar þeirra mistekizt til þessa. Virðist lerkid eiga bággt með að fella sig við rakann og umhleypingana hér syðra.

Á Hallormsstað er líka nokkuð af skógarfuru, sem að líkindum er ættuð úr héraðinu norðan við Þrándheim í Noregi. Mun fyrst hafa verið sáð til hennar árið 1905. Mælingar, gerðar á þessum vetri, sýna meðalhæðina 6,4 metra, en hæstu fururnar eru 7,5 metrar. Þrátt fyrir þenna góða vöxt er sýnilegt að fræid hefir verið tekið á of suðlægum stöðum, því að bæði vill barrið verða óeðlilega stutt þegar illa árar, og svo hættir nálunum of mjög til að gulna, ef eitthvað ber út af. Þess vegna eru meiri vonir tengdar við þroska skógarfuru þeirrar, sem gróðursettar voru á Vöglum undanfarin þrjú ár, en hún er alin upp af fræi frá *Maalselven* í Noregi.

Geta má þess, að aristafura, sem ættuð er úr Klettafjöllum Norður-Ameríku hefir náð góðum þroska á Hallormsstað og hefir aldrei borið á að veðráttan hafi unnið henni tjón. En hún er ákaflega seinvaxta, því að á 40 árum hefir hún eigi náð meir en 4 metra hæð, þar sem bezt lætur.

Að endingu má eigi gleyma blágrenitrjánnum á Hallormsstað, sem voru gróðursett 1905. Þau eru ættuð einhvers staðar úr Klettafjöllum eins og aristatafuran en hafa náð alveg ótrúlegum þroska. Því miður eru þau

aðeins 5 talsins, sem nú standa þar. Vöxtur þessara trjáa var mjög hægur framan af, en þegar þau fóru á annað borð að teygja úr sér, hafa þau vaxið svo um munar. Hæð þeirra hefir verið sem hér segir á undanförunum árum.

	1921	1926	1929	1935	1940	1945
1.	1,5	2,8	3,6	6,0	7,6	9,4
2.	„	„	„	5,4	6,6	8,5
3.	„	„	„	4,2	5,2	6,6
4.	„	„	„	3,2	4,5	6,3
5.	„	„	„	4,8	5,1	6,5

Öll barrtré, sem nú hafa verið nefnd, að skógarfurunni undanskilinni, eru réttnefnd meginlandstré. Sakir þess er ekki unnt að búast við betri vexti af þeim en raun hefir orðið á. Og sannarlega er það undravert, að þau skuli sum hver hafa náð þessum þroska hér á landi við allt annað veðurfar en þeim er eðlilegt. Þegar nú verður farið að ala upp barrtré af fræi frá stöðum, sem hafa sams konar veðurfar og Ísland og svipaðan sumarhita, má búast við miklu betri árangri. Skal ekki farið nánara út í það mál hér, því að í annarri grein hér í ritinu er rætt betur um þessar tegundir. Þótt þess verði vandlega gætt, að gróðursetja þessar tegundir í skjóli birkiskóga, sakar ekki að minna á, að enn munu líða einn eða fleiri áratugir áður en hilla sést undir framtíðarskógana.

FRIDUN SKÓGLENDNA

Fyrsta skógargirðingin var sett upp hér á landi árið 1905 á Hallormsstað. Var það aðeins lítil girðing, en árið 1907 var hún stækkuð mjög, og síðar hefir hún enn verið stækkuð og nær nú yfir um 600 hektara skóglendis. Mikið af því er nú ágætur birkiskógur, þar sem var lágvaxið og bitið kjarr, eða nærri skóglaut land, fyrir 40 árum. Árið 1909 var Vaglaskögur í Fnjóskadal girtur og friðaður með þeim árangri, að landið er gerbreytt frá því, sem áður

var. Árið 1913 og 1914 voru nokkurar girðingar settar upp, en svo varð hlé á því starfi þangað til 1924, en upp frá því hafa ýmsar girðingar verið settar víðs vegar um land. Var friðun skóglendis ásamt því, að koma upp sáðreitum, aðalstarf skógræktarinnar um all mörg ár. Fer hér á eftir skrá yfir girðingar þær, sem nú eru á vegum Skógræktar ríkisins að einhverju eða öllu leyti. Lýsir hún betur en langt mál, hvað unnið hefir verið á þessu sviði.

Af skránni sést, að lengd girðinga er nú 174 km. Flatarmál hins friðaða lands er um 233,6 ferkm., en skóglendið sjálft er hins vegar eigi nema 34,6 ferkm, eða 3460 hektarar. Orsök þessa er sú, að mjög víða hefir örfoka land eða lítt gróið verið tekið með í girðingarnar til uppgræðslu. Mjög víða um land allt er unnt að slá tvær flugur í sama höggi, spara fé og taka margs konar land til græðslu samfara friðun skóganna með því að hafa skógargirðingarnar nokkuru lengri en brýnasta nauðsyn krefur.

Um árangurinn af friðunarstarfinu er óhætt að segja, að hann hafi verið frábær. Þar, sem friðunar hefir lengzt notið, hefir skógur og kjarr vaxið langtum betur og hraðara en menn munu nokkurn tíma hafa gert sér vonir um, er starfið var hafið. Bæði á Hallormsstað og Vöglum eru nú til víð svæði vaxin 5-7 metra háum skógi, er sprottið hefir upp af lágvöxnu kjarri eða nærri alveg skóglausu landi á 30-40 árum. Mælingar hafa sýnt, að viðarvöxturinn nemur frá 1 og upp í 1,3 teningsmetra á hvern hektara árlega. Sá vöxtur er sambærilegur við vöxt birkis um norðanverða Skandinavíu, og sjálfsagt á vöxturinn enn eftir að aukast, er trén fara að gildna næstu áratugina.

Á ýmsum stöðum, þar sem friðunar hefir ekki notið nema á annan og þriðja áratug, virðist sem framfarirnar sé langtum minni, en það er vafasamt að staðhæfa slíkt, því að vöxturinn er venjulega lang hægastur framan af. Þannig er t. d. enginn vafi á, að bæði í Þórsmörk og Goðalandi er vöxturinn engu síðri en á Vöglum eða Hallorms-

Skýglendi girt með 1904 og Skógrækt rekinnar.

Staður	Ár	Skýglendi í 1904	Skýglendi í 1905	Skýglendi í 1906	Skýglendi í 1907
Höfnun, Þorvaldur, Skógrækt	1904	1.1	0.0	1	
Vin, Feli, Feli, Feli, ...	1905	1.1	1.0		
Metar, Hinnarþrepp, Hinnar, ...	1906	1.0	1.2	44	
Hinnarþrepp, Hinnarþrepp, 8. Hinnar	1907	1.0	1.2	171	
Hinnarþrepp, Hinnarþrepp, Hinnar	1908	1.0	1.2	48	
Hinnarþrepp, Hinnarþrepp, Hinnar	1909	1.0	1.2	4	4
Hinnarþrepp, Hinnarþrepp, Hinnar	1910	1.0	1.2	100	
Hinnarþrepp, Hinnarþrepp, Hinnar	1911	1.0	1.2	4	4
Samtök		1.1	1.0	30	

stað. Í Skarfanesi í Landsveit mun og verða góður vöxtur er tímar líða.

Hins vegar eru til girt skóglendi, einkum á Vesturlandi, sem sýna mjög lítinn árangur af friðuninni, þegar undan er skilinn lítill nýgræðingur. Einkum virðist sem gamlir beitarskógar eigi erfitt með að ná sér á legg, og sums staðar, eins og í Munaðarnesskógi, lítur jafnvel út fyrir, að hinar gömlu kræklur muni aldrei verða neitt hærri en þær eru nú. Hvort þetta stafar af því, að önnur og kræklóttari tegund birkis sé algengari um Vesturland en annars staðar á landinu eða af því, að hið gamla og margbitna kjarr sé svo langbitið, að það geti ekki rétt sig við, skal ósagt látið að sinni. Lengri reynsla verður að skera úr um þetta. Í Haukadal og í Laugarvatnsskógi eru mjög litlar framfarir sýnilegar á gamla mittis- og mannhæðarháa kjarrinu, en hins vegar má finna snotra unga runna, sem vaxið hafa alveg frá rót eftir friðunina, og þar sem skriða hefir hlaupið fram í Laugarvatnsskógi, er að finna mjög beinvaxin og snotur tré.

1 Sandsvæði.

En það er undantekningarlaus regla, að hvarvetna, þar sem friðunar hefir notið um skeið, hefir gróðri landsins fleygt fram, og það virðist oft og tíðum sem mestar og örastar framfarir verði á skóglendinu, þar sem kjarrið er lágvaxnast og verst farið. Einkum hefir verið bæði skemmtilegt og fróðlegt að fylgjast með því, hvernig gamalt og upp urið skóglendi hefir á fáum árum breytt í fagran ungskóg. Á Eiðum á Héraði og á Vöglum á Þelamörk leyndust eldgamlar birkirætur í jörðu um tugi ára, og bryddi svo lítið á þeim, að engum mun hafa til hugar komið, að þar mundi nokkuð vaxa upp. Samt sem áður hefir snotrasti ungskógur vaxið upp af þeim á 15-20 árum. Hæsta tréð á Eiðum er orðið 3 metrar, en samfellt skóglendi er nú orðið um mikinn hluta girðingarinnar. Fyrir 7 árum var girðingin á Eiðum stækkuð mjög. Hafði ég farið um hið fyrirhugaða skóglendi í hálfan dag og leitað að ungvíði innan um lyng og gras áður en setja átti girðinguna upp. Kom ég aðeins auga á tvær birkikræklur og var því að vonum vondaufur með árangur af friðun landsins. En undirbúningi að girðingu var svo langt komið, að ekki varð aftur snúið. Fimm árum síðar fór ég víðs vegar um svæðið, og þá sá ég mér til mikillar gleði, að alls staðar um allt landið var nýgræðing að finna, og sums staðar var hann svo þéttur, að þar mun vaxa upp samfelldur skógur.

Ekki getur það leikið á tveim tungum, að æskilegt væri að friða og girða megnið af skóglendi landsins. Flatarmál þess er allt að 100 þús. hektarar. Á þeim 45 árum, sem unnið hefir verið að skógrækt hér á landi, hefir þrítugasti hluti þess verið tekinn til friðunar. Greinilegt er, að langtum meira fé þurfi að verja í framtíðinni til skógafriðunar, því að með sama áframhaldi og hingað til mundi það taka nærri 1500 ár að friða allt skóglendið,

SÁÐREITIR

Skömmu eftir 1925 mun Kofoed-Hansen hafa dottið í hug að reyna að sá birki á skóglaust land með því að breyta eftir náttúrunni sjálfri. Hann tók eftir því, að birkinýgræðing er helzt að finna á mótum gróins og ógróins lands. Fræið er of lítið til þess að geta vaxið í miklu graslendi, og ungviðið nær ekki þeim þroska á fyrsta ári, að það geti lifað veturinn af á ógrónu landi sakir þess, að holklaki verpur því um koll. Tók hann því það ráð, að særa grassvörðinn með torfljá eða öðru verkfæri, svo að ungviðinu stafi ekki hætta af grasvexti fyrstu árin. Hins vegar var ekki rist alveg niður úr rótarþófanum, til þess að holklakans gætti ekki. Og þá kom í ljós, að birkinýgræðingurinn átti auðvelt með að vaxa.

Þetta virðist ekki stórkostleg uppfinning í fljótu bragði, en því er nú oft svo varið með hina einföldustu hluti, að þeir virðast liggja í augum uppi þegar á þá hefir verið bent. Enginn vafi er á því, að þetta er mjög merk athugun, því að reyns1an sýnir, að með þessari aðferð má rækta skóg með sáningu á hvers konar graslendi. Sáningin er fljótverkust á hæfilega deigu landi, milli hálfdeigju og þurrlendis, en hins vegar er aðferðin seinvirk á mjög þurru landi. Samt sem áður verður hún að teljast örugg þótt oft verði lengi að bíða eftir að plönturnar vaxi úr grasi. Aðferðin hefir þann kost, að hún er ofur einföld og ekki kostnaðarsöm. Á síðari árum hefir verið reynt að finna ódýrari sáningaraðferð og lítur út fyrir, að þær muni einnig heppnast. Í Haukadal í Biskupstungum var um hektari lands í þurrlendum og þýðum móa herfaður með diskherfi árið 1939. Var hann síðan látinn gróa af sjálfsdádum í eitt ár til þess að auka grasrótina og festa. Vorið 1940 var tunnupoka af birkifræi sáð í landið, og síðan var það valtað. Þarna varð prýðilegur grasvöllur á næstu tveim árum, og var hann sleginn með sláttuvél bæði sumurin. En ekki þótti fært að slá hann oftar, því að þá fór að bera svo mjög á birkinýgræðingi. Síðan þetta

var, hefir æ borið meira og meira á nýgræðingnum, og nú lítur út fyrir, að þarna vaxi upp samfelldur skógur.

Á undanförnum árum hafa ýmsir sáðreitir verið girtir víðs vegar um land. Í sumum þeirra stendur nýgræðingurinn ágætlega, en á einstöku stað er minni árangur en skyldi, en það er fyrst og fremst sakir þess, að ekki hefir verið gætt nógu vel að sá aftur á þá staði, þar sem sáningin hefir ekki tekizt nógu vel í fyrsta sinni. Sumir hafa fundið það sáningaraðferðinni til foráttu, hversu seinvirk hún væri. En öll skógrækt er seinvirk á mælikvarða manna, og hvort það tekur áratugnum lengur eða skemur að koma skógi upp, hefir enga úrslitapýðingu. Aðalatriðið er að koma skógi til að vaxa á einfaldan og ódýran hátt.: Sáningaraðferðin mun verða þýðingarmikill þáttur í skógrækt hér á landi í framtíðinni.

Hér fer á eftir skrá yfir hina ýmsu sáðreiti, sem komið hefir verið upp á undanförnum árum. Þeir eru fáir enn, væntanlega verður lagt meira kapp á að fjölga þeim í framtíðinni.

UPPELDI TRJÁPLANTNA

Á fyrstu árum Skógræktarinnar var talsvert alið upp af plöntum hér á landi. Því miður eru engar skýrslur til um það lengur, en mest mun hafa verið alið upp af erlendum gróðri. Þegar hætt var að gróðursetja í stöðvarnar við Rauðavatn og Grund, lagðist þessi starfsemi að miklu leyti niður, og um langt skeið voru aðeins tveir reitir starfræktir, annar á Hallormsstað en hinn á Vöglum. Voru þeir báðir litlir, um 1600-1700 fermetrar hvor. Eftirspurn trjáplantna var um mörg ár mjög lítil. Plönturnar, sem úr reitunum komu, voru ærið misjafnar og oft kræklóttar, enda mun lítið hafa verið skeytt um að velja gott fræ í reitina. Það mun eigi hafa verið fyrr en um 1930 að farið var að safna fræi öðru hverju í Bæjarstað og nágrenni hans, en eftir 1935 hefir tæplega öðru birkifræi verið sáð í gróðrarstöðvarnar, en því, er þaðan kom. Reyni-

fræ var tekið hingað og þangað, en oft var skortur á því. Ofurlítið uppeldi trjáplantna var stundað í gróðrarstöð Ræktunarfélagsins á Akureyri um all mörg ár, en nú mun því að mestu hætt.

Þegar áhugi manna á trjárækt óx á árunum milli 1920 og 1930 varð hendi næst að flytja inn flestar trjáplönturnar, og komu þær aðallega frá Danmörku. Íslenzku plönturnar voru lægri og ósjálegri, og almenningur kærði sig ekki um þær, er hinar voru á boðstólum. En þessi trjáplöntuinnflutningur var mjög misráðinn, því að síðar hefir komið í ljós, að fjöldinn allur af hinum erlenda gróðri hefir dáið út eða kræklazt. Í því sambandi nægir að minna á skemmdir þær, sem eru víða í reyni. En flest reynitrén í Reykjavík, og raunar í flestum kaupstöðum landsins, eru af dönskum uppruna. Nokkuð er af norskum reyni og íslenzkum, en tala þeirra er enn langtum minni. Hefir nú komið í ljós, að dönsku trén hafa beðið stórskemmdir af kali og sveppi þegar illa hefir árað, en hins vegar hafa íslenzku trén og hin norsku staðið sig furðanlega vel. Síðan árið 1936 hefir engin danskur reynir komið til landsins, og mun það án efa rétt ráðið. Og eftir að stríðið skall á, hefir allur reynir verið af íslenzku bergi brotinn, aðallega af reynitrjánum í Múlakoti, sem eru ættuð úr Nauthúsagili, en einnig af háa reyninum í Skaftafelli og fáeinum öðrum, sem náðst hefir fræ af. Háir það nokkuð reyniræktinni hér, og mun há henni enn um nokkur ár, að stundum er fræmagnið af skornum skammti, því að ekki er talið rétt að safna fræi nema af beztu trjánum, og það kemur aldrei til mála að safna fræi af reyni af handahófi, því að þá má búast við að misjafnlega kyngóður reynir gæti breiðzt út. En slíkt væri svik við þá, sem keyptu þá og gróðursettu.

Á árunum 1933-1935 var svo lítil eftirspurn á innlendum trjáplöntum, að reiturinn á Vöglum hætti næstum að starfa um nokkur ár, og var þá hinn litli Hallormsstaðarreitur sá eini, sem plöntur voru afhentar úr, um nokk-

ur ár. Árið 1935 var komið upp vísi að gróðrarstöð í Múlakoti, sem síðar var stækkuð árið 1938. Samtímis var unnið að því, að koma Vaglareitnum aftur í rækt og Hallormsstaðarreiturinn stækkaður. Þó vannst fremur lítið framan af, því að lítið fé var ávallt til framkvæmda, en í mörg horn að líta. Nú eru hinar þrjár gróðrarstöðvar hver um 7000 fermetra að flatarmáli, en um 1000 fermetra reitur er í Jafnaskarðsskógi við Hreðavatn. Dálitill reitur er í undirbúningi við Varmahlíð í Skagafirði, en aðalstöðin er nú að rísa upp á Tumastöðum í Fljótshlíð, enda eru þar um 18 hektarar lands, sem nota má til trjáplöntuuppeldis, og ætti sú stöð ein að geta gefið af sér næri 2 milljónir plantna, þegar hún er fullræktuð.

Að nokkurum árum liðnum ætti að vera unnt að fullnægja þörf landsmanna á trjáplöntum, a. m. k., hvað fjöldanum viðvíkur, en hinu má eigi búast við, að mikil fjölbreytni verði í tegundum fyrst um sinn. Enda er það ekki starf skógræktarinnar að ala upp alls konar runna svo sem ribs og sólber, þótt slíkt hafi verið gert undanfarin ár sakir skorts á þessum gróðri. Verður þess vonandi eigi mjög langt að bíða, að garðyrkjumenn geti tekið það uppeldi að sér. Sama máli gildir og um alls konar víði.

Framvegis mun einkum unnið að uppeldi birkis og reyniviðar, auk þess, sem stund verður lögð á uppeldi barrtrjáa frá Alaska, og raunar annarra trjátegunda þaðan, svo sem aspar, ef hún reynist sæmilega harðger í íslenzku loftslagi. Ennfremur verður reynt að afla fræs af trjám um norðanverða Skandínavíu og ef til vill austar.

Hér fer á eftir skrá um trjáplöntufjölda, sem afhentur hefir verið úr stöðvum Skógræktar ríkisins frá því árið 1915 fram til 1945. Eitt ár, 1921, vantar algerlega skýrslur um. Þótti ekki ástæða til að greina plönturnar eftir tegundum því að birkið er venjulega um 70%, reynir um 20% af framleiðslunni en aðrar plöntur, svo sem víðir og rips, um 10%. Þó er þetta nokkuð á reiki frá ári til árs, og hin síðari ár hefir hlutfallið verið nokkuð annað.

Skrá yfir fjölda plantna úr gróðrarstöðvunum 1915-1945.

Ár	Plöntufjöldi	Ár	Plöntufjöldi	Ár	Plöntufjöldi
1915	11,600	1925	3,300	1935	6,000
1916	1,500	1926	2,200	1936	5,900
1917	3,600	1927	4,000	1937	7,800
1918	9,900	1928	2,900	1938	21,700
1919	13,100	1929	3,700	1939	23,500
1920	3,000	1930	3,800	1940	27,300
1921	„	1931	1,300	1941	33,900
1922	6,200	1932	5,500	1942	47,300
1923	7,000	1933	6,500	1943	58,100
1924	2,100	1934	8,500	1944	40,900
				1945	60,110

Meðaltal.

1915		1925		1935	
1924	- 6,400	1934	- 4,400	1945	- 30.200

Fram að þessu hafa allar plöntur í gróðrarstöðvunum verið ræktaðar á sama hátt og venja hefir verið undanfarin 40 ár, með því að rækta þær fyrstu tvö árin í fræbeðum og síðan næstu tvö ár í dreifplöntunarbeðum. Þessi ræktun er all kostnaðarsöm og á stundum, í umhleyppingatíð, verða allmikil vanhöld. Með aukinni eftirspurn á plöntum, sem verður áreiðanlega mikil innan skamms, verður að reyna að finna upp einfaldari og ódýrari ræktunaraðferðir. Eftirspurn er eins og sakir standa um 100 þús. plöntur árlega, en verði unnt að lækka framleiðslukostnaðinn má eiga víst, að eftirspurnin margfaldast, og þegar hér við bætist, að líklegt má telja, að hafin verði ræktun limgarða til skjóls fyrir garðávexti og viðkvæmari gróður, mun þörf fyrir trjáplöntur enn aukast. Loks má geta þess, að Skógrækt ríkisins verður væntanlega að leggja mikið kapp á uppeldi erlendra barrtrjáa til gróðursetningar í skóglendunum og það mun einnig krefjast mikils starfs og fjár á næstu árum.

UM KAUP Á SKÓGLENDI OG EYDDUM LÖNDUM

Enn er alls óvíst, hvort það mundi borga sig fjárhagslega fyrir einstaklinga að friða og girða birkiskóga. Þótt gera mætti ráð fyrir að skógarnir gæfi af sér rúman teningsmeter af viði á hverjum hektara lands er fram liði stundir, er óvíst með öllu, hvaða verðmæti sá viður mundi hafa í framtíðinni. Sakir þess hljóta einstöku menn að finna litla hvöt hjá sér til þess að ráðast í mikla skógrækt, enda eru fáir svo vel efnum búnir, að þeir geti lagt fram fé til mikillar friðunar. Auk þess er svo langt að biða eftir arði af skóglendi, að það eru eingöngu þeir menn, sem hugsa í öldum en ekki árum, er mundu fúsir til að leggja nokkuð af mörkum í þessu skyni.

Við friðun og ræktun skóglendis kemur og margt annað til greina en viðarmagn það, sem úr þeim fæst er fram líða stundir. Við friðunina verða og til margs konar önnur þjóðfélagsleg verðmæti, sem einnig verður að muna eftir. Samfara friðun eru stórkostlegar gróðurbætur á landi, og sá gróður, sem vex upp, er bæði langlífari, sterkari og viðnámsmeiri gegn eyðandi öflum, heldur en hinn venjulegi grasgróður. sem hér er algengastur. Miðlun úrkomunnar er og mjög þýðingarmikið atriði, þótt menn hér á landi eigi sennilega erfitt með að átta sig á slíku, en hún verður langtum jafnari, þar sem nokkur skógur er. En jöfn vatnsmiðlun, þótt ekki sé nema á takmörkuðum svæðum, getur og aukið og margfaldað veiði í ám og vötnum. Ýmis fleiri þjóðfélagsleg verðmæti verða og til við friðunina, sem of langt yrði upp að telja, enda má lesa nokkuð um þau í síðasta Ársriti í greininni *Gróður og menning*.

Af því, sem hér hefir verið minnst á, hlýtur það að vera ljóst, að það er fyrst og fremst þjóðfélagið sjálft, sem vinna verður að friðun og ræktun skóglendis. Þetta hefir líka verið gert á undanförunum árum, en það hefir verið framkvæmt með tvennu móti. Annað hvort með því, að friða og girða lönd, sem eru í eigu þjóðfélagsins, eða

því að styrkja einstaklinga til að girða og friða lönd sín. Til eru lög og reglugerðir, sem eiga að tryggja góða friðun á löndum þeim, sem friðuð hafa verið með styrkjum, og sums staðar, þar sem slíkri friðun hefir verið komið á, er góður árangur af því starfi. Hins vegar er því ekki að leyna, að oft og tíðum hefir friðun skóglendis og eyddra landa, er komið hefir verið á með framlagi úr ríkissjóði, farið mjög á annan veg en til var ætlast. Og þrátt fyrir lög og reglugerðirnar hefir í framkvæmdinni reynzt ókleift að beita þeim svo að gagni yrði. Er óhætt að full yrða, að á ýmsum stöðum, þar sem friðun hefir verið komið á með styrk hins opinbera, hafa orðið langtum minni not af fé því, sem varið var í þessum tilgangi en orðið hefði, ef hið opinbera hefði átt landið eða haft fullkomin umráð þess í hendi sér frá upphafi. Væri hægt að sýna fram á það með ýmsum dæmum, þótt sleppt sé að sinni.

Lönd, sem tekin eru til friðunar, hvort heldur er skóglendi eða eydd eða örfoka lönd, eru venjulega minni að verðmæti en girðing sú, sem upp er sett umhverfis þau. Við friðunina eykst verðmæti lands mjög er tímar líða. Er því ekki óeðlilegt, að sá aðillinn, sem kostar mestu til friðunarinnar, fái einnig að njóta verðmæta þeirra, sem skapast. Hér má bæta við, að þar sem friðuð lönd eru í eigu einstaklinga freistar fljóttekinn gróði til þess, að slakað sé á friðuninni þegar gróðuraukning fer að verða sýnileg; stundarhagsmunir eru þá látnir sitja í fyrirrúmi og það teygir uppgræðsluna á langinn.

Samkvæmt þessari reynslu hefir nokkuð verið unnið að því undanfarið, að auka skóglendi ríkisins með því að kaupa skóglendi en þó langtum minna en skyldi. Ef meira fé hefði verið handbært til þess, mundi mikið af verðmætu framtíðarlandi vera orðin eign þjóðfélagsins. Við skógakaup á undanförnum árum hefir verið lögð stund á að eignast sem mest samfelld skóglendi eða skóga, sem lágu nærri hver öðrum. Þannig eru nú í Fnjóskadal og

nágrenni hans rúmir 1000 hektarar lands, sem á næsta mannsaldri geta orðið að ágætum skógi. Er það hugmyndin, að auðveldara verði að hagnýta afurðir skóganna í framtíðinni, ef þeir liggja ekki allt of dreift um landið.

Samtímis skógakaupunum hefir Skógrækt ríkisins á stundum eignast jarðir með húsum, en yfirleitt hefir ekki verið eftir því sótt, af því að byggingar hafa aukið útgjöld en engu bætt við tekjurnar. Reynt hefir verið að halda jörðum Skógræktarinnar í byggð, þar sem þess er kostur.

Skrá yfir skóglendi og jarðir Skógræktar ríkisins.

Hallormsstaður með hjáleigum og skógi.

Ásbyrgi og skógur í byrginu.

Vagfir og Vaglaskógur.

Sigríðarstaðaskógur í Ljósavatnsskarði.

Þverárskógur, Melaskógur og Stórhöfði í Fnjóskadal.

Skuggabjörg í Fnjóskadal.

Jafnaskarðsskógur í Borgarfirði.

Sauðhússkógur í Borgarfirði.

Haukadalur í Biskupstungum.

Skriðufell í Þjórsárdal.

Skarfaness í Landssveit.

½ Ásgarðsland í Hvolhreppi.

Múlakot, gróðrarstöð ásamt skýli.

Tumastaðir í Fljótshlíð.

Þórðarstaðir með Þórðarstaðarskógi í Fnjóskadal.

STARF SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

Eigi verður skilist svo við skógræktarstarf undanfarinna ára, að ekki sé getið hins þýðingarmikla starfs skógræktarfélaganna víðs vegar um landið. Hér mun þó eigi minnst á störf hins gamla Skógræktarfélags Reykjavíkur, eða annarra félaga, sem unnið hafa að trjá- og skógrækt fyrir árið 1930, enda þótt sum þeirra hafi

unnið gott og þarft starf. Árið 1930 er Skógræktarfélag Íslands stofnað á Alþingishátíðinni, en nokkurum mánuðum áður var Skógræktarfélag Eyfirðinga stofnað á Akureyri. Ári síðar er Skógræktarfélag Skagfirðinga stofnað, en síðan liðu nokkur ár unzt næstu félögin bættust í hópinn. Eftir 1938 fjölga félögunum ört og nú eru 19 skógræktarfélög starfandi í landinu. Eru þau öll innan vébanda Skógræktarfélags Íslands.

Nú eru um 4000 manna í skógræktarfélögum landsins og þótt margir sé fyrst og fremst styrktarfélagar, þá er fjöldi manns um allt land, sem tekur virkan þátt í starfi félaganna. Er óhætt að fullyrða, að aldrei fyrr hefir jafn mikill fjöldi manns tekið virkan þátt í trjá- og skógrækt.

Störf félaganna hafa verið með ýmsu móti. Sum hafa lagt stund á að girða og friða skóglendi, og hefir nokkurum orðið vel ágengt svo sem Skógræktarfélagi Eyfirðinga, önnur hafa lagt stund á uppeldi trjáplantna eins og Skógræktarfélag Borgfirðinga, og enn önnur hafa það á stefnuskrá sinni að koma upp trjálundum við sem flest býli á starfssvæði sínu.

Starfsfjár til framkvæmda hafa félögin aflað með ýmsu móti auk þess, sem þau hafa notið nokkurs ríkisstyrks. Sá styrkur er þó ekki nema hluti þess fjár, sem félögin hafa aflað. Þegar félögin höfðu unnið fyrir um kr. 80 þús. árið 1939, hafði ríkisstyrkurinn samtals numið kr. 16 þús. Þessi hlutföll kunna að hafa raskazt nokkuð hin síðari ár, en víst er, að ef talið er með fé það, sem lagt hefir verið í sjóði til eflingar skógræktinni í framtíðinni, þá koma enn fleiri krónur nú en áður á móti hverri, sem verið hefir verið til að styrkja félögin. En það er fyrst og fremst starfi félaganna að þakka, bæði beint og óbeint, að síðan 1940 hefir um einni milljón króna verið varið af hálfu einstaklinga og félagasamtaka til framkvæmda á sviði trjá- og skógræktar og til sjóðsstofnunar í sama tilgangi. Á sama tíma hefir hið opinbera varið kr. 1,4 milljón til skógræktar, og er þá talið starfsfé Skógræktar ríkisins, laun starfs-

Girðinger Skógræktarfélagið

Nafn félags og staðir	Gilt árið	Land- samt.	Land- samt.	Land- samt. Ást.	Skógræktar- félag
Skógræktarfélag Íslands:					
Rauðavangi, Kjarvalsstöðir	1900		8.0	15.0	
Þorngarðshöfn og Reykjavík	1912		0.0	0.0	
Þorngarðshöfn og, A. Skógræktarfélag	1935		8.0	16.0	11.0
Skógræktarfélag Færeyja:					
Reitur í Vestmannaeyjum ..	1931		0.5	8.0	
Skógræktarfélag Árlands:					
Girðingli, Eyja	1938	1938	0.5	4.0	1.0
Vatnshöfn og, Eyja	1939		3.0		
Leitunghöfn, Eyja	1939		9.0	10.0	35.0
Skógræktarfélag, Eyja	1940		2.0	10.0	20.0
Skógræktarfélag, Eyja	1941		9.5		
Skógræktarfélag Skagfirðinga:					
Vatnshöfn og, L. Skagfirðinga	1938			5.5	
Skógræktarfélag, Skagfirðinga	1939			0.5	
Norrna í Norðvestri, Skagfirðinga	"		0.5		
Skógræktarfélag Borgfirðinga:					
Skagfirðinga, Borgfirðinga	1939		8.1		22.0
Skagfirðinga, Mýr	1940				10.0
Skógræktarfélag Vestfirðinga:					
Reitur í Seyðisfirði I	1934		1.2		
— — — II	1938		0.1		
Skógræktarfélag Austurlands:					
Reitur í Austurlandi, V. Mýr ..	1935		8.0	11.0	22.0
Skógræktarfélag Austurlands:					
Langvagnur, Ást	1941				
Tingvagnur, Sella, Ást	"		0.3	0.4	
Skógræktarfélag V. Austurlands:					
Tilskilvagnur, V. Austurlandi	1944		0.2	0.2	
Langvagnur, V. Austurlandi	"		0.2	1.0	
Skógræktarfélag S. Austurlands:					
Ytri-Hell, Austurlandi, S. Austurlandi	1944			1.5	
Hell, Austurlandi, S. Austurlandi	"			1.0	
Langvagnur, Austurlandi, S. Austurlandi	"				

manna hennar og styrkur til skógræktarfélaganna, með öðrum orðum, allt framlag hins opinbera til þessara mála frá 1940 til 1945, en það er að meðaltali kr. 230 þús. á ári.

Verður ekki annað sagt, en að ekki hallist á félög og einstaklinga, og sýnir þetta vel, að hið opinbera mætti enn herða róðurinn og leggja meira af mörkum til þessara mála.

Aðalstarf skógræktarfélaganna víðs vegar um land hefir fyrst og fremst verið að auka skilning manna á nauðsyn þess, að bæta landið og fegra, gera það frjórri og byggilegra, og fá menn til þess, að hamla á móti hinni ofboðslegu rányrkju, sem hér hefir átt sér stað frá upphafi Íslands byggðar. Með starfi sínu hafa félögin vakið ást og trú margra á landið og gróður þess, og með starfi sínu munu félögin brátt sýna, að það sé ekki erfitt að græða landið að nýju, ef nógu margir ganga að því starfi með áhuga.

Hér fylgir að lokum skrá yfir girðingar hinna ýmsu skógræktarféлага. Þær eru yfirleitt eigi víðáttumiklar, en þær eru dreifðar um allt land, og munu með tímanum sýna, hvers konar gróður getur vaxið og dafnað í íslenskri mold.

NIDURLAG

Að endingu gæti það verið hollt, að rifja upp fáein atriði úr búskaparsögu Íslendinga til þess að það megi verða enn ljósara, að nauðsyn ber til að taka bæði skógrækt og hvers konar landgræðslu miklu fastari og alvarlegri tökum en hingað til hefir verið gert.

Á þeim rúmum þúsund árum, sem þjóðin hefir búið í landinu, hefir gróðurlendi þess minnkað a. m. k. um helming, úr 34 þús. ferkm. í 17 þús. ferkm. Samfara þessu hafa gæði hins gróðurberandi lands, sem enn er til, minnkað svo mjög að þau eru ekki nema brot af því, er þau voru í upphafi. Orsökina til gróðureyðingar og gróðurskemmda er fyrst og fremst of mikil niðsla á landinu. Gróðrinum hefir verið ofboðið með of mikilli áhöfn og óskynsamlegri

Nafn félags og staður	Útvegið	Tæðar bætt	Samt. lit	Samt. lit	Samt. lit	Samt. lit
Talvæðingartíð. 3. Þingmánað.						
Yngrið. Tæðingartíð. 3. Þing.	1942		0.65	0.65		
Halldís. Tæðingartíð. 3. Þing.	.		0.65	0.65		
Ný. Tæðingartíð. 3. Þing.	.		0.65	0.65		
Ný. Tæðingartíð. 3. Þing.	.		0.65	0.65		
Skógræðingartíð. 3. Þingmánað.						
Samtæðingartíð. 3. Þingmánað.	1945		0.65	0.65		
Skógræðingartíð. 3. Þingmánað.	1945		0.65	0.65		
Skógræðingartíð. 3. Þingmánað.	1945		0.65	0.65		

meðferð. Þótt ýmsir, og það meira að segja lærðir búfræðingar, hafi ekki viljað kannast við slíkt, er þetta samt sannleikur, sem hægt er að færa óbyggjandi rök að. Og allar lýkur benda til, að þrátt fyrir nokkura uppgræðslu síðari ára, muni gróður landsins enn vera að þverra.

Allir hugsandi menn hljóta að vera á einu máli um, að þjóðin geti ekki átt mikla framtíð í landinu, ef gróður þess minnkar stöðugt, og því er nauðsynlegt að spyrna við fótum. En stöðvun landskemmda, aukning hins gróðurberandi lands, betri gróður og frjósamari jarðvegur fæst ekki nema með því að

1. auka heyafla landsmanna með stórfelldri ræktun,
2. koma á ítölu í beitarlönd og miða áhöfn við beitarþol gróðrar,
3. auka mjög uppgræðslu eyddra og örfoka landa í byggð og við afrétti með landgræðslu og skógrækt, þar sem hún á við,

4. gera gróður þann, sem í landinu vex arðbærari enn hann er með ræktun, innflutningi nýrra plantna og kynbótum á innlendum og innfluttum plöntum.

Er menn hugleiða þetta, þá mun það ekki geta valdið neinum ágreiningi þó staðhæft sé, að sú rúma hálfa milljón króna, sem nú er árlega varið til skógræktar, er langtum of lítið fé til þess, að bæta fyrir 1000 ára gegndarlausu gróðureyðingu. en reynsla hinna undanfarinna fjörutíu og fimm ára í skógrækt hér á landi hvetur til áframhalds. Enda verður ekki annað sagt, þegar miðað er við, hversu lítið fé hefir verið varið til þessara mála, þá sé mesta furða, hvað unnizt hefir á því sviði.

ÚR SÖGU SKÓGANNA

EINAR E. SÆMUNDSEN:

Næfurholtsskógar

Næfurholt er efstur bæja á Rangárvöllum og stendur sem kunnugt er vestan undir Heklu. Nafnið Næfurholt, eða Næfraholt, eins og það er stundum ritað að fornu, hefir sína sögu að geyma. Enda mun land jarðarinnar, sem var mikið að víðáttu í öndverðu, hafa á landnáms tíð verið að mestu vaxið samfelldum bjarkaskógi, er teygði sig langt inn með Ytri-Rangá og hátt upp um undirhlíðar Heklu.

En þessir fögru og víðu skógar sættu sömu meðferð af hálfu landnámsmanna og afkomenda þeirra, sem aðrir skógar landsins. Þeir voru höggðir hlífðarlaust og þrautbeittir. Þar við bættist svo, að skammt var þess að bíða, að Hekla léti til sín heyra með öllum þeim býsnum, sem gosum hennar fylgja. Hafa því Næfurholtsskógar öldum saman verið hart leiknir af völdum Heklugosa, og raunar fleiri skógar á þeim slóðum, er þau náðu til að spilla. Þykir því hlýða að gerð sé í upphafi nokkur grein fyrir spjöllum þeim, sem ætla má að Næfurholtsskógar hafi sætt af völdum Heklugosa. En þar verður stiklað á stóru og einkum stuðzt við rit Þorvalds prófessors Thoroddsens : „*Jarðskjálftar á Suðurlandi*,“ sem Bókmenntafélagið gaf út í Kaupmannahöfn 1899-1905.

HRAFL UM HEKBUGOS.

Af fyrstu Heklugosunum tveimur verður þó ekkert ráðið um skógaspjöll. Annálar nefna aðeins árið 1104 hafi

verið „elds uppkoma hin fyrsta í Heklufelli. Veturinn eftir kallaður sandfellsvetur,“ og árið 1157 er aðeins nefnt að Hekla hafi gosið 19. janúar og landskjálfti hafi orðið. En 4. desember 1206 gaus Hekla í þriðja sinn, og „sást eldurinn til vors; eldgangur mikill með stórdynkjum, vikurfalli og sandrigningu víða um sveitir.“ Og þar varla að efa, að allir skógar í nágrenninu hafi þá spillzt að meira eða minna leyti. Árið 1223 varð enn Heklugos og ekkert sagt um það annað, en „sól var rauð að sjá.“

Árið 1294 gaus Hekla í fimmta sinn með svo miklu vikurfalli, að „ganga mátti þurrum fótum yfir Rangá af vikrarfalli. Víða í lóninu, og þar sem afkastaði strauminum í Þjórsá, var svo þykkur vikurinn að fal ána.“ Og sex árum síðar (1300) varð svo eitthvert hið mesta Heklugos, að því er heimildir herma. Hófst gosið 10. júlí og var eldurinn uppi nærri tólf mánuði ... „Í þeim eldi léku laus björg stór sem kol á afli, og af samkomu þeirra urðu breistir svo stórir, að heyrði norður um land og víða annars staðar. Þaðan fló vikur svo mikill á bæinn í Næfurholti, að brann þak af húsum.“ Má því geta nærri, hversu farið hefir þá um skóga og annan gróður á þeim slóðum.

Árið 1341 hófst „eldsuppkoma í Heklufelli 10. maímánaðar með svo miklum fádæmum af öskufalli, að eyddust margar sveitir þar í nánd.“ ... Sumar heimildir telja, að eyðzt hafi fimm hreppar, er næstir lágu, en flestir þó sennilega um stundarsakir. Þá varð enn 1389-1390 „eldsuppkoma í Heklu með svo miklum fádæmum af gny og dunum, að heyrði um alt land. Eyddust [Eystra-]Skarð og Tjaldstaðir af bruna. Öskufall svo mikið að margur fénaður dó af, var svo mikið vikrarkast að sló hest til bana. Færði sig rásin eldsuppkomunnar úr sjálfu fjallinu og í skóginn litlu fyrir ofan [Eystra-]Skarð og kom þar upp með svo miklum býsnum, að þar urðu eftir tvö fjöll og gjá á milli“ ... Vigfús fræðimaður Guðmundsson frá Keldum, sem kunnugur er á þessum slóðum, segir fjöll þessi heita Trippafjöll. Árið 1436 „kom eldur upp

í Heklu og er sagt hann hafi tekið af átján bæi á einum morgni norður undan Keldum.“

Á sextánda öld er talið að Hekla hafi gosið fjórum sinnum: 1510, 1554, 1578 og 1597. En mest urðu spjöllin af fyrsta og síðasta gosinu, og þó einkum því fyrsta, 1510. Hófst gosið 26. júlímánaðar með miklum jarðskjálftum. Af hlaðinu í Skálholti „var allt loftið glóandi að sjá sem það væri í einum loga af eldsflugum og glóandi steinum Þrír glóandi steinar komu í Vörðufell, nær Helgastöðum, og maður rotaðist fyrir karldyrum í Skálholti, margir steinar féllu um Holt og Rangárvelli og í Odda komu þrír steinar. Maður bjó í Mörk á Landi, sem Eysteinn Brandsson hét, hann flýði í þessum eldgangi með konu sína og maður með honum; maðurinn drapst á flóttanum, en Eysteinn kom konunni undir melbakka og breiddi yfir hana fót og þófa, en komst sjálfur með harðfengi til bæja, en þó mjög barinn og stírður.“ Gosið 1597 hófst 3. janúar og sáust átján eldar í fjallinu af sumum bæjum. Stóð gosið fram í marzmánuð, en reykur sást upp úr Heklu fram um Alþingi.

Hér verður nú lítið eitt staldrað við. Af því, sem tínt hefir verið til hér að framan, verður ljóst, að á árunum 1294 til 1597, eða á röskum þrem öldum, hefir Hekla gosið níu sinnum. Engan þarf að furða, þó að skógar í námunda hennar hafi goldið mikið afhroð, er svo skammt leið á milli sumra þessara gosa. Einkum hafa þó spjöllin orðið mest, er vikri og ösku rigndi yfir skógana laufgaða. En björkin er undra lífseig og lætur eigi hlut sinn þótt eldi og brennisteini rigni. Mundu því Næfurholtsskógar hafa náð sér furðu fljótt, er lengra leið á milli gosa, ef stillt hefði verið í hof um skógarhögg, og einhver hemill hafður á beitinni.

ELZTU ÍTÖK NÆFURHOLTSSKÓGA.

Sennilegt má telja, að ýmsir bændur úr neðri hluta Holta og Rangárvalla hafi þegar á fjórtánda öld, og ef til vill fyrr,

leitað upp í Næfurholtsskóga til þess að afla sér viðar. Varðveittu hafa tvenn gögn frá lokum fjórtándu aldar er sanna þetta.

Í máldagabók þeirri, sem jafnan er kennd við Vilkin biskup í Skálholti [1394-1405], og talin rituð um 1397, er svo að orði komist um ítök Áskirkju í Holtum að hún eigi „fjórðung í öllum skógum, er Næfurholti fylgja,“ og er það tekið orðrétt upp í máldaga kirkjunnar 1480. [Fornbrs., IV.62; VI, 322]. Í afsals- og ítaksbréfi um Gunnarsholt, sem dagsett er 7. október 1398 að Ási í Holtum, eru meðal ítaka Gunnarsholts taldir „tveir skógar í Næfurholtsjörðu.“ Og í kaupbréfi um Gunnarsholt og Lágafell í Landeyjum, dagsett á Reyðarvatni 12. júní 1475, er þetta sama ítak talið Gunnarsholti og kirkjunni þar. [S.h., III. 636; V., 792].

En þó að eigi þekkist fleiri samtíma skjalgögn um ítök einstakra jarða á sömu slóðum, þykir sennilegt að ýmsir bændur hafi þá þegar tryggt sumum þeim jörðum, er síðar koma við sögu, rétt til viðarhöggis í Næfurholtsskógum. Hins vegar voru dæmi þess, að höggið var þar í heimildarleysi. Jón skáld Hallsson í Næfurholti er fékk Rangárvallasýslu 1522, stefnir sama ár Þórði Hallssyni „til Hvols í Hvollhreppi á þingstað réttan“ undir þann dóm, sem hann nefnir yfir honum . . . „fyrir þær sakir sem eg kæri til þín [þ. e. Þórðar], að þú hefir gripið eða stolið í mínum skógi í Næfurholti fimm reisir eða svo oft sem þú getur afbatað“ [S.h. IX., 108]. En kona Jóns, Hólmfríður frá Dal, Erlendsdóttir, hafði þetta ár gefið honum Næfurholt til ævinlegrar eignar; hún hafði áður átt Einar sýslumann Eyjólfsson í Stóradal. [Smævir IV., 420].

Frá 1591-1626 var séra Sigurður Einarsson prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Samkvæmt „meðkenningu“ hans, sem síðar getur, hafði Breiðabólstaðarkirkja þá eignast a. m. k. þrjá skógarteiga í Næfurholtslandi. Og í vísitazíu Brynjólfs biskups Sveinssonar, 30. marz 1641

varðandi Oddastað, er fyrst nefnt skógarítak Oddakirkju: Oddagljúfur í Næfurholtslandi.

Áður en lengra er haldið, verður getið lítilsháttar þriggja Heklugosa, sem urðu á seytjándu öld. Varð hið fyrsta síðustu daga júlímánaðar 1619. Hið næsta hófst 8. maímánaðar 1636; „varaði langt fram á vetur og gerði mikinn skaða þar í kring.“ Síðasta gosið varð þeirra lang mest. Hófst það 13. febrúarmánaðar 1693, og „gekk þá svo mikið á sem fjallið ætlaði um koll óteljandi eldflug með glóandi grjótkasti; voru sumir steinarnir eigi mjög stórir, en aðrir svo stórir sem hús, og flugu fulla mílu frá fjallinu, sprungu svo og féllu til jarðar Fjórir eldar sýndust koma úr fjallinu í fyrstu, síðar einn og svo þrír. Sandfallið gekk einlægt fram í miðjan marz, en mistur og þess á milli eldgos sáust allt fram í ágúst . . . Engjar, hagar og skógar í nálægum héruðum skemmdust mjög, svo að fjöldi jarða lagðist í eyði á Landi, í Hreppum ofarlega og í Tungum.“

Verður brátt vikið að skemmdum Næfurholtsskóga, því að nú er komið að fyrstu öruggu heimildunum, sem fræða oss um þá: *Jarðabók* þeirra, Árna prófessors Magnússonar og Páls lögmanns Vídalíns um Rangárvallasýslu, er saman var tekin á árunum 1708-1710.

ÚR JARÐABÓK ÁRNA OG PÁLS.

Hér verður byrjað á að taka upp úr jarðabókinni sumt af því, sem skráð er þar um Næfurholt og helzt þykir máli skipta.

Þá er alkirkja í Næfurholti¹⁾ „og embættað níunda hvern helgan dag til jafns við Leirubakka og Klofa“ í Landsveit. Jörðin er metin 60 hndr. að dýrleika og landskuld 80 álnir. Eigendur jarðarinnar eru tveir: Arn-

1) Um 1200 er komin kirkja í Næfurholti, sem sjá má af skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur þær í Skálholtsbiskupsdæmi, er prest þarf til að fá. [Fornbrs. XII. bls. 7.].

grímur prestur Pétursson að Heylæk í Fljótshlíð „vegna sinnar egtakvinnu, Ragnheiðar Markúsdóttur að hálfri,“ en Einar lögréttumaður Ísleifsson að öðrum helmingi. Er Einar þá talinn eiga heima í Ási í Holtum, en mun um sama leyti hafa flutzt að Suður-Reykjum í Mosfellssveit og bjó þar síðan.

Ábúandi er Þórarinn Brynjólfsson og frá honum stafar lýsing sú á skógi jarðarinnar, sem hér verður tekin upp orðrétt:

„Skóg á jörðin mikinn að víðáttu, brúkandi til kolagerðar, selur ábúandi hann með leyfi eiganda nokkurum mönnum úr Mýrdal, flestum þó úr Landeyjum til kolagerðar og betala fyrir hverjar 5 og 6 tunnur sumir V, sumir IV, sumir III álnir. Uppber ábúandi skógartollana og segir sér þá lagða af eigöndum, og eigi að standa fyrir tíundum, því [að] jörðin sé meira tíunduð en hún þyki verð vera. Skógartollarnir kynnu að hlaupa sig í meðallagi um árið (eftir sögn ábúanda) hér um 60 álnir.“

Ef reiknað er með að 5½ tunna af kolum kosti 4 álnir að jafnaði, selur ábúandi á ári 82½ tunnu af kolum og fjárhæðin alls 20 álnum lægri en hann greiðir í landskuld á ári. Er sennilegt að ábúandi hafi eigi kært sig um að telja meira fram, því að þá hefði komið í ljós að hann sæti leigulaust á jörðinni.

Samkvæmt fornri venju voru fjórar tunnur af kolum talinn hestburður og verður þetta þá röskvir 20 hestburðir á ári, sem Þórarinn í Næfurholti seldi. En meðalbóndi var talinn nota um hestburð eða fjórar tunnur af kolum á ári til ljádengslu. Hafa þá a.m.k. um 20 bændur úr Mýrdal og Landeyjum sótt árlega kol að Næfurholti.

Frásögn Þórarins í Næfurholti um, að jörðin eigi skóg „mikinn að víðáttu,“ mun miðuð við þann skóg, sem jarðarábúanda er heimilt að nota, *Heimaskóginn* svo nefnda, og er það örnefni enn kunnugt. En skógarítökin samanlögð munu sízt hafa verið minni að víðáttu. Telur jarðabókin upp tvo staði og seytján jarðir einstakra manna, sem

eigi skógarítök í Næfurholtslandi. Til fróðleiks má geta þess, að af þessum seytján jörðum eru sex kirkjustaðir, á öðrum sex hafa staðið bænahús, sum af tekin fyrir ævalöngu, önnur þá nýlega, en aðeins eitt notað.

Verður nú gerð nánari grein fyrir jörðum þessum og skógarítökum þeirra.

1. *Vatnsdalur* í Fljótshlíð. Þar er enn bænhus uppistandandi, en embættisgerð aflögð fyrir fjórtán árum. Jörðin bændaeign og ábúendur tveir ... „Skógarítak í Næfurholti, sem brúkast til kolagerðar, en níðist bæði af sandblæstri og brúkun ...“ Vatnsdalshjáleiga er þriðjungur heimajarðarinnar og ábúandi einn.

2. *Breiðabólstaður* „Beneficium og kirkjustaður. Ábúandi staðarhaldarinn, síra Jón Torfason, er gerzt hafði þar aðstoðarprestur 1686, en fékk brauðið 1708 og hélt það síðan til 1718. ... Þar er aðeins tekið fram, að „ítök, sem staðurinn (kirkjan) á, greinir vísitatio biskupsins 1704.“ En hún er í vísitazíubók Jóns biskups Vídalíns og undirrituð 27. maí 1704. Er fyrst talinn sérstaklega „skógur, er liggur hjá Stapa,“ og sagt, að síra Hafliði hafi lagt hann til, og er þetta tekið upp úr eldri máldögum.¹⁾ Síðan kemur svolátandi viðbót um skógarítökin:

„Eftir meðkenningu²⁾ síra Sigurðar Einarssonar, hverja presturinn, síra Jón Torfason lagði fram, á kirkjan

1) Síra Hafliði Magnússon var prestur á Breiðabólstað 1363- 1392, að því er segir í Prestaævum. En í málþaga kirkjunnar frá 1332, er ýmislegt talið upp, sem „síra Hafliði“ á að hafa gefið henni og þar á meðal þenna „skóg hjá Stapa“. [Fornbrs. II., bls. 689]. Eftir því hefir síra Hafliði komið löngu fyrr að staðnum, eða þá að um annan síra Hafliða er að ræða, sem hafi verið þar prestur áður og virðist það sennilegra. - Ekki er vitað, hvar þessi skógur hafi legið. Dr. Jón Þjóðskjalavörður Þorkelsson gízkar á [í nafnaskrá V. bindis Fornbréfasafnsins], að ítak þetta hafi verið í Rauðuskriðum = Dímon, en talið vafasamt af kunnugum.

2) Út á spássíu bókarinnar hefir Árni Magnússon ritað: „Sú meðkenning stóð í bók einni, sem tilheyrir síra Jóni Torfasyni, en ei kirkjunni.“

þessa skóga og ítök: Völlu er liggja norður frá Næfurholti, Langafell svo langt fram, sem skógi er vaxið austan til, Melfell er liggur í landnorður frá Næfurholti, skóg hjá Stapa (sem áður er umgetið) svo langt, sem skógi er vaxið fram að Útisandagjá(?) og skóginn innfrá, er kölluð er Maríutunga. Ítem tvær skógartóptir hvora hjá annarri fyrir framan fjalljökul svo langt ofan sem sléttan tekur við. Ítem skógartóft í Langadal framanverðum fyrir vestan í dalnum inn að brekkum að Hlíðarendaskógi og fram á hálsinn. Ítem skóg í Réttarfelli. Ítem litla skógartóft fyrir innan kilji upp undir jökulinn, og eru þessir skógar sagðir nú nær eyddir.“ (Fjögur síðustu ítökin munu hafa verið í Langanesi, Þórsmörk, Goðalandi).

Í sambandi við þenna ítakafjölda Breiðabólstaðarkirkju má geta þess, að þá voru fjórar hjáleigur staðarins í byggð: Bjargarkot, Stóra-Árnagerði, Háakot og Flókastaðir, og sinn ábúandi á hverri þeirra. En auk þess átti kirkjan fjölda jarða þar um slóðir, t. d. í Fljótshlíð 4, Hvollhreppi 2, V.-Landeyjum 6 og A.-Landeyjum 3 eða alls 19 jarðir og ábúendur 33 að meðtöldum hjáleigubændum staðarins. Má telja víst, að landsetar kirkjunnar hafi notið góðs af skógum hennar á meðan þar var einhvern anga að fá, svo að sízt þarf að furða, þó að skógar þessir hafi gengið mjög til þurrðar í upphafi átjándu aldar.

3. *Skúmsstaðir* í V.-Landeyjum. Þar er alkirkja, en jörðin bænda eign og ábúendur fimm ... „Skógarítak er jörðinni eignað í Næfurholtslandi, sumir segja tvö, vita þó eigi hvar annað er, hitt er af mönnum næsta eytt, og nær því að engu gagni.“ Tvær hjáleigur fylgja jörðinni en eru þá í eyði (Bjarnahjáleiga í 16 ár og Snorrahjáleiga í 9 ár) og talið að hvorug kunni „aftur að byggjast“. Þá á kirkjan fjórar jarðir: Klasbarða eystri og vestri, Skeggjastaði og Þúfu (sem þá er að mestu í eyði og vandséð að hún byggist framar). En því eru þessar jarðir tilgreindar, að eigi þykir ósennilegt að sneitt sé að land-

setum kirkjunnar, sem eru þrír, með orðunum hér að ofan að ítakið sé „af mönnum næsta eytt.“

4. *Stórólfshvoll*. Þar er kirkjustaður, en á jörðinni býr eigandi hennar, Erlendur Jónsson ... Þar er talið að *kirkjan* eigi „tvö skógarítök í Næfurholtslandi, eru kölluð Hvolsskógar. Er annað ítakið af blásturssandi foreytt og að engu gagni, hitt að litlu til kolagerðar, hefir því grandað yfirfall af vikri úr Heklu, hvar af skógurinn visnar upp, þar með hefir hann og eyðzt fyrir yrking manna smám saman.“ ... Sex hjáleigur fylgja jörðinni: Gata, Kornhús, Stóra- og Litla-gerði, Króktún og Þinghóll og sinn ábúandi á hverri þeirra. En Erlendur átti og fleiri jarðir: Bergvað, hluta í Stóra-Moshvoli, Eystri-Garðsvika (allar í Hvolhreppi) og hluta í Fíflholti vestra í V.-Landeyjum, og eru ábúendur fimm. Þá er talið að kirkjan eigi tvær jarðir: Daufpekju og Miðkrika og sinn ábúandi á hvorri og hafa báðir vafalaust notað ítakið. En sennilegt þykir og, að hjáleigubændurnir, svo og landsetar Erlendar, hafi í leyfi hans, sem var umráðamaður kirkjunnar, notað ítökin svo þau eyddust smám saman „fyrir yrking manna“.

5. *Miðhús* í Hvolhreppi. Bændaeign og ábúendur tveir „Heyrt þykjast menn hafa að jörðin ætti skógarítak í Næfurholtslandi, kallað Miðhúsatorfa, en hefir aldrei í manna minni brúkað verið, veit og enginn fyrir víst hvar er, eigi heldur, hvort þar er nokkur eða enginn skógur.“

6. *Efri-Hvoll*. „Bæirnir eru fjórir í einu þorpi, fimmti er í eyði og hefir verið 7 eða 8 ár.“ Ábúendur fjórir ... „Skógarítak á jörðin í Næfurholtslandi, heitir Efra-Hvolsskógur, er að miklu leyti eyddur, bæði af brúkun og vikurs áfalli úr Heklu.“

7. *Völlur* í Hvolhreppi. ... „Bænhús (hálfkirkja) hefir hér verið Húsið er fyrir löngu á burt og tóftarstæðið slétta grund.“ ... Bændaeign og ábúendur tveir. . . „Skógarplátz í Næfurholtslandi nærri Glerhaus, þykir

mönnum nú sem stendur varla nýtandi til kolagerðar, hefir spillzt af Hekluhlaupi.“

8. *Reynifell* Þar segjast menn hafi heyrt, að bænhús (hálfkirkja) hafi verið til forna ... „en enginn veit nær bænhúsið er niðurfallið.“ ... Eigandi jarðarinnar er kirkjan á Keldum og ábúandi einn ... „Skóg á jörðin eftir tiltölu í Keldna kirkju skógi.“

9. *Keldur* „Þar er alkirkja og embættað hverja tvo helga daga að tveim hlutum við Gunnarsholt.“ Jörðin bændaeygn en ábúandinn: síra Gottskálf Þórðarson [prestur í Keldnaþingum 1690-1736]. ... „Skógarítök eru sögð eitt í Bjólfelli að vestan í Næfurholtslandi, annað og svo í Næfurholtsjörðu, norðar og nær bænum, kallað Bakkaskógur, þriðja líka í sömu jarðar landi, er nefnist Fitlingaholt, fjórða fyrir utan Rangá við Landmannahrepp heitir Sandsholt. Skógarítökin eru brúkandi til eldingar, varla kolagerðar.“ Þá er tilgreint rekaítak og fylgir svo hljóðandi athugasemd: „Hvort greind skóga og rekans ítök tilheyra kirkjunni að Keldum eða jörðunni, kunna menn ekki að segja.“ En eftir því, er að ofan segir um Reynifell virðast skógarítökin talin kirkjunni. Tvær Keldnahjáleigur eru þá í byggð: Króktún og Tunga, og sinn ábúandi á hvorri. Auk Reynifells á kirkjan á Keldum einnig Rauðnefsstaði, Stokkalæk, sem hvor um sig er einbýlisjörð, og Sandgil, sem „lagðist í eyði fyrir 19 árum af blásturssandi.“ Þá er Bolholt lénsjörð prestsins til Keldna- og Gunnarsholtssókna. Allar þessar jarðir eru í Rangárvallahreppi og sennilegt, að ábúendur þeirra hafi notað skógarítök þau, sem að ofan getur.

10. *Reyðarvatn vestasta*.¹⁾ Þar er bænhús (hálfkirkja) og embættað þar af Keldnaþinga presti „þegar heimafolk er til sakramentis“. ...Bændaeign og einn ábúandi. ...

1) Mið-Reyðarvatn, Skálholtsstólsjörð, var þá nýfarin í eyði, og Reyðarvatn austasta, gamalt eyðibýli, hafði staðið þar sem Kongshóll kallast, en land hennar fallið undir Mið-Reyðarvatn.

„Skógarítak í Næfurholtslandi, þar sem heitir Þórunnarháls til jafnaðar við jörðina Brekku [á Rangárvöllum]. Skógurinn verður brúkaður til eldiviðar, varla kolagerðar, þó hefir það svo verið hingað til. Hefir hann eyðzt af blæstri og brúkun manna, fyrrum var hann betri, þó ekki raftviðartekja.“ ... Spámannsstaðir hét „hjáleiga frá þessu Reyðarvatni . . . eyðilagðist til fulls fyrir 16 árum eða þar um.“

11. *Brekkur*. Bændaeign og einn ábúandi. ... „Skógarítak í Þórunnarhálsi í Næfurholtslandi til jafns við Reyðarvatn.“ ... Eigi er vitað hvers konar samband hefir verið millum þessara jarða, að þær skuli eiga til jafns sama skógarítakið. ... Í túni jarðarinnar hefir staðið hjáleiga, kölluð Skrafsagerði, en „lagðist í eyði fyrir 20 árum að vísu“.

12. *Gunnarsholt*. ... Þar er alkirkja, jörðin bændaeign og ábúendur tveir ... „Skógarítök tvö í Næfurholtslandi, sá eini kallaður Gunnarsholtstorfa, annað vita menn ekki að greina. Skógurinn sá vissi er brúkandi til eldingar, ekki kolagerðar, hefir fyrrum nokkuð betri verið, en eyðzt bæði af yrking manna og vikri úr Heklu.“ ... Þrjár eru taldar hjáleigur jarðarinnar: Kornbrekkur, Eystri- og Vestri-Gunnarsholtshjáleiga (báðar í túninu); eru tvær þeirra í byggð og ábúendur tveir, en Eystrihjáleigan „eyðilagðist fyrir 17 árum“.

13. *Stóra-Hof*. ... Þar var hálfkirkja fyrir 5 eða 6 árum, en „bænhúsið af fallið Bændaeign og ábúendur þrír. . . „Skógarítak í Næfurholtslandi, kallað Hofstorfa, er nú að mjög litlu gagni í túninu hefir býli verið, kallað Hofshjáleiga Eyðilagðist fyrri 13 árum eða þar um.“

14. *Oddi*. „Beneficium og kirkjustaður Ábúandi er staðarhaldarinn, prófasturinn síra Bjarni Halldórsson“ [1697-1723]. ... „Skógarítak eitt í Næfurholtslandi, kallað Oddagljúfur, er brúkandi til eldingar, varla kola-

gerðar. Annað skógarítak á Búrfellshálsi í Hreppum.¹⁾ ... Sjö hjáleigur fylgdu staðnum og eru sex þeirra í byggð: Oddahóll, Kumli, Langekra, Tröð, Dvergasteinn og Vindás, ábúendur jafnmargir, en sjöunda hjáleigan, Kragi, þá nýfarin í eyði. Þá á Oddakirkja 16 jarðir og flestar þeirra í Rangárvallahreppi, tvær í Vestri-Landeyjum, þrjár í Hvolhreppi og hálfir Efri-Hamrar í Holtum, en alls eru ábúendurnir seytján.

15. *Gröf*. ... Bændaeign og tvíbýli. ... „Skógarítak lítið á jörðin í Næfurholtslandi, kallað Grafartorfa. Er að nokkuru til eldingar, til kolagerðar varla, jafnvel ekki.“

16. *Geldingalækur*. ... Þar á bænhus að hafa staðið, „en fyrir elztu manna minni er það affallið.“ Eigandi jarðarinnar er Erlendur bóndi Jónsson á Stórólfshevoli, en ábúendur tveir. ... „Skógarítak í Næfurholtslandi, kallað Geldingalækjartorfa, er brúkandi til eldingar, kola-

1) Í vísitáziu Jóns biskups Vídalíns, 23. ágúst 1704, segir svo:

„Framar á kirkjan skóg í Þórsmörk í Engidal, annan skóg á Búrfellshálsi fyrir utan Þjórsá, þriðja skóg fram hjá Sandártungu. [allir nefndir í Vilkinsmáldaga 1397], fjórða skóg að Oddagljúfri í Næfurholtslandi.“ Er því eigi grunlaust um, að skógarítökin tvö, sem undan eru felld í jarðabókinni, sé þá eydd eða gagnslaus með öllu. A. m. k. er vitað með vissu, að Sandártunga í Þjórsárdal fór í eyði 1693 „þegar Hekla brann síðast, og eyðilagði þessa jörð með svo miklu sandfalli yfir allt hennar land, að ekki var sauðhagi eftir í landinu, því heldur meira,“ [Jarðabók Árnessýslu]. - Annars þykir rétt að taka hér upp athyglisverða klausu, sem hnýtt er aftan við Oddastaðarhjáleiguna Vindás og er á þessa lund: „Af Oddahjáleigu sérhverri nema Oddahól hefir staðarhaldarinn látið taka tað til áburðar á heimatúninu og til eldiviðar 30 hesta, sem hefir í skyldu nafni viðhaldizt það menn minnast inn til fyrir fáum árum, þá var það eigi gert og eigi síðan nema frá Kumla.“ Varla verður þetta skilið á annan veg en þann, að „eldiviðurinn“ hafi verið þurrkuð skán. Hefir staðarkotungunum því verið nauðugur einn kostur, að afla sér annars eldiviðar og í því skyni sótt hann í staðarskógana á meðan þar var af einhverju að taka. Mætti því gízka á, að þá fyrst hafi staðarhaldari hætt að hirða eldivið kotunga sinna, er sumir staðarskógarnir voru upp urðir, en aðrir í mikilli eyðileggingu.

gerðar ekki, skóginum spillti síðasta Hekluhlaup, var áður gagnlegur til kolagerðar.“ ... Þá er Staðarkot í byggð, upphaflega byggt úr Geldingalækjarjörðu og eign sama manns. Þá á og Erlendur tvíbýlisjörðina Ægisíðu í Holtum, og eigi ósennilegt, að þessir þrír landsetar hans hafi fengið að nota ítakið að einhverju leyti.

17. *Víkingslækur* Bændaeign og ábúendur tveir

„Skógarítak í Næfurholtslandi, varla brúkandi til eldingar, ekki kolagerðar.“

18. *Árbær í Holtum* „Er sundurdeildur í þrjú býli,“ þ.e. heimajörðina „með afbýlunum Helli og Vesturhjáleigunni (svo kallaðri).“ ... Alkirkja er á heimajörðinni, sem er bændaeign ásamt afbýlunum og ábúendur fjórir „Skógarítak á þessi jörð, kallast Árbæjartorfa í Næfurholtslandi. Hefir verið í manna minni brúkað af eigöndum jarðarinnar bæði til húsaáreftis og kolagerðar, nú segja menn það nærri eytt, og er ekki nú brúkað.“

19. *Ás í Holtum* Kirkjustaður. „Eigandinn er Einar Ísleifsson á [Suður-]Reykjum [Mosfellssveit] vegna sinnar egtakvinnu, Kristínar Bjarnadóttur, að gjöf hennar föðurs í heimanmund 1707,“ og býr Bjarni á jörðinni. ... Landskuld er sögð óviss, „því að eignarmenn hafa langa tíð á [jörðinni] búið.“ Úr jörðinni eru byggð þessi býli: Hóll, Sel, Ásmundarstaðir, Ásmúli, Framnes og Hellnatún, alls sex og ábúendur jafnmargir, en tvö eru þá í eyði: Kot og Imbukot „Ítak á jörðin í Næfurholtsskógi sc. [suilicet = það er] fjórðu hverja hríslu, og er hann mjög eyddur, svo varla er til kolagerðar.“ ... Fyrrum var það *kirkjan*, sem átti „fjórðung í öllum skógum, er Næfurholti fylgja,“ en nú er það *jörðin*, sem á fjórðu hverja hríslu í Næfurholtsskógi.

NOKKURAR ATHUGASEMDIR.

Af því, sem hér hefir verið tínt til úr jarðabókinni um ítök einstakra jarða, verður ljóst, að mjög eru Næfurholtsskógar teknir að eyðast á fyrsta tug átjándu aldar,

jafnvel er þar minnst á þrjú ítök, sem týnd eru með öllu, og enginn veit framar, hvar verið hafa. Hvergi er þá raftviður fáanlegur, hafði þó í manna minni verið í Árbæjartorfu og jarðareigendur notað hann til húsaáreftis. Virðist aðeins um lélegt kjarr að ræða víðast hvar, megin hluti þess aðeins nýtandi til eldiviðar, þó að lesa megí á milli línanna, að enn sé þar víðast hvar gert til kola.

En þó að ýmsir ítakseigendur vilji láta skína í, að Heklugosið síðasta hafi mjög spillt skógunum, þá viðurkenna margir, að þeir hafi eigi síður „eyðzt fyrir yrking manna og brúkun,“ eins og það er orðað. Hér vann og enginn smáhópur að. Þegar sleppt er Breiðabólstað og Odda - þ.e. öllum þeim, sem ætla má að notað hafi ítök staðanna, og víðar lágu en í Næfurholtslandi -, telst svo til, að um 58 bændur, sumir að vísu smáir, hafi notað ítök þeirra 17 bændajarða, sem að ofan getur, og auk þess eigi grunlaust um, að átta bændur hafi, a. m. k. á stundum, flotið með í skjóli sumra ítakseiganda.

Annars er það athyglisvert um þessi mörgu ítök, að þau eru öll tekin frá Næfurholti án þess að nokkuð komi í móti. Í mörgum kirknamáldögum frá elztu tíð og þó einkum í jarðabókinni, má sjá að ítök eru á ýmsan hátt gagnkvæm: skógarjarðir tryggt sér engjablett, torfristu, hrossa- eða nautabeit og jafnvel fóður ákveðins gripafjölda, gegn tilteknu skógarítaki, eða ákveðinni tölu viðarhesta á ári. Engu slíku er til að dreifa um Næturholt. Og því undarlegra virðist þetta, þegar vitað er með nokkurn veginn vissu, að frá því snemma á öldum var um litlar eða engar utantúnslægjur að ræða á jörðinni.

Þegar jarðabókin er tekin saman, virðast slægjur utan túns með öllu þrotnar „Heyskap sækir ábúandi til, oftast á afrétt í leyfi og fyrir líðun Landmanna, er afréttinn þykjast eiga.“ . . . Ekki er þó heyskapurinn meiri en svo, að „fóðrast á heyjum fjórar kýr,“ enda er þá nýlega komið jarðfall í túnið „og sýnist horfa til meiri spjalla af vatnságangi.“

En þó að heyskapurinn sé ekki beysnari og að „högum grandar sandur og vikur,“ er Næfurholtsábúandinn langsamlega fjárríkasti bóndinn í allri sýslunni. „Kvikfénaður“ hans er sem hér segir: „nú kýr, ein kvíga, tvö naut þrevetur, eitt naut á annan vetur, einn vetrungur, 163 ær, 39 gimbrar, 10 sauðir gamlir, 35 þrevetrir, 26 tvævetrir, 28 veturgamlir, 65 lömb, 8 hestar einn foli, fimm hross [hryssur], átta unghryssur, tvö folöld,“ og þarf varla að ætla ábúanda að hafa talið fleira fram en hann átti.¹⁾

En öllum þessum fénaði, að fjórum kúm undanskildum, verður að fleyta fram á útigangi, en vitanlega verður ekki gert á annan hátt en þann, að þrautbeita skóg og kjarr-lendi jarðarinnar. Og þó má sjá, að ekki hefir þótt nóg að gert um beitina af hálfu ábúanda, því að tvær hjáleigur höfðu verið byggðar úti í landi jarðarinnar og vafalaust í þeim tilgangi einum, að nýta landið betur. Var önnur þeirra, *Háls* ... „fyrst byggð hér um fyrir 28 árum,“ en „eyðilagðist fyrir 14 eða 15 árum vegna heyskaparleysis,“²⁾ hin, *Breiðholt*, byggðist „fyrir 20 árum eða þar um. Byggingin varaði fá ár.“ En hvorug „kann aftur byggjast vegna slægjuleysis ... því að heyskapur er enginn.“

1) Sá, sem næst kemst Þórarni í Næfurholti um framtal, er Brynjólfur Þórðarson [Thorlaciús] á Hlíðarenda og munar þó ærið á sauðþeningi þeirra. Kvikfénaður Brynjólfs er: 15 kýr, tvær kvígur tvævetrar mylkar, tvær veturgamlar, eitt fjögurra vetra naut, fjórir ungkálfar, 119 ær, 32 gimbrar veturgamlar, sjö sauðir gamlir, 27 þrevetrir, 32 tvævetrir, 31 veturgamall, 15 hestar, tveir þrevetrir, tveir tvævetrir, tveir veturgamlir, 11 hross og eitt unghryssi ... en „fóðrast kann á heyjum 28 kúa þungi.“

2) ... „Sögn er þó, að Háls hafi verið sami bærinn og landnámsbærinn „Þórunnarhálsar“, og er það líklegt, því að upp yfir bænum er hálsahryggur sá hinn mikli, er gengur inn frá Bjólfelli,“ segir Brynjólfur Jónsson frá Minnanúpi í grein um eyðibýli á Rangárvöllum, sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1898, (bls. 9.).

LÖGFESTA NÆFURHOLTS 1765.

Í manntali 1762 eru þeir taldir eigendur Næfurholts: Brynjólfur Þórðarson á Hlíðarenda og Bjarni prestur Helgason í Skarði á Landi að einum fjórða. En Brynjólfur andast þetta sama ár, og hafa þá þrír fjórðu jarðarinnar gengið að erfð til Helgu dóttur hans, konu Sigurðar landþingisskrifara Sigurðssonar á Hlíðarenda. Jarðarpart síra Bjarna kaupir svo Sigurður á útmánuðum 1765.


Sama vorið, þ.e. 6. maí 1765 lögfesti svo Sigurður ... „alla jörðina Næfurholt [þá talin 36 hundr.] í Árverjahreppi innan Rangárbings, hennar töður, útslægjur, hagbeit, skóg og allar landsnyttjar, sem greindri jörðu fylgja og fylgt hafa að fornu og nýju, að fráskildum þeim skógarítökum, sem öðrum jörðum að lögum tileignast, tilgreinandi þessi landamerki jarðarinnar eftir umkunnugra elztu manna undirréttingu: Í fyrsta lagi milli Haukadals og Næfurholts úr stóra steininum vestan í Bjólfelli, hvar *N* er upp á klappað, sjónhending í Ytri-Rangá fyrir norðan Ártorfur, síðan ræður áin inn í Ófærugil og allt inn í Sauðafellsbotna, úr botnunum í Rauðöldur, úr þeim í þríhyrnda klettinn í hrauninu, þaðan og í Nautaskarð fyrir austan Bjólfell, þaðan sjónhending vestur yfir fjallið og í Stórastein aftur. Fyrirbýð ég hverjum manni hér nefnt Næfurholtsland að ófrjálsu nytja, beita, brúka eður yrkja svo vítt mín réttugheit til ná, án míns leyfis og vitundar undir fullkomna landnáms og skaðabætur. Sérílagi fyrirbýðst jarðarinnar eiginlega skógarplátz yrkja og brúkun. En þeir, sem skógarítökin eiga og lengur þar dvelja en lög gera ráð fyrir vita sína skyldu, að gjalda ábúanda jarðarinnar sanngjarnan hagatoll undir hesta sína ...“ [Sig. Sig. Brbók II., 13-15.]. (Þetta sumar var Næfurholtskirkja lögð niður með konungsbréfi 17. maí 1765).

En Sigurður hugsar sér að búa betur um hnútana, að því, er varðar skógarítökin í Næfurholti. Hann vill fá úr því skorið, hversu ástatt sé um skógarítökin, hvað

þau heiti, hvar þau sé að finna og hvaða jarðir geti löghelgað sér þau. Í því skyni hefir hann snúið sér til sýslumanns að fá tilnefnda menn, er gerzt máttu um þetta vita, svo að skjalfesta mætti. Raunar finnst ekki neitt um þetta í bréfabók Sigurðar. En í skoðunargerð varðandi skógarítökin og framkvæmd var 1840, sem síðar getur, er vitnað í „Næfurholtsskógaskipta-skikkunarbréf frá sýslumanni Þorsteini sál. Magnússyni dateruðu 29. maí 1765, samt skógaskiptabréf af 7. júní s. á.“, og getur varla verið öðrum til að dreifa en Sigurði að fá slíku til leiðar komið. Þetta „skógaskiptabréf“, eða öllu heldur skrá, er merkileg um margt. Þar er hvert ítak nafngreint og sum jafnframt staðfærð, auk þess sem tilfærð eru þar ítök, er ókunnugt var um áður. Verður skráin því tekin hér upp:

NÆFURHOLTSSKÓGA-SKIPTABRÉF 7. JÚNÍ 1765.

1. Grafar-ítak: - Grafartorfa.
2. Stóra-Hofs-ítak: - Hofstorfa.
3. Gunnarsholts-ítök tvö: - 1. Gunnarsholtstorfa, 2. ónefnt.
4. Vatnsdals-ítak: - Vatnsdalsskógur.
5. Geldingalækjar-ítak: - Geldingalækjartorfa.
6. Keldna-ítök þrjú: - 1. Bjólfell vestan, 2. Bakkaskógur, 3. Fitlingaholt.
7. Stórolfshvols-ítök tvö: - Hvolsskógar.
8. Skálholtsskógar utan Hraunteigs: - 1. Myrkviði. 2. Nýgræður, 3. Lambatangi.
9. Brekkna- og Reyðarvatns-ítak: - Þórunnarháls vestan.
10. Breiðabólstaðar-ítök fimm: - 1. Staðar- Markhlíð. 2. Melfell, 3. Melfel1skrókar, 4. Langafell að vestan, 5. Staðarvellir.
11. Efra-Hvols-ítak: - Efra-Hvolsmosar.
12. Ás-ítak sex: - 1. Þórunnarháls norðan, austan og of-



Umhverfi Næfurholts.

Eftir uppdrætti herforingjaráðsins ... (sjá aths. á bls. 112).

- an, 2. Hvammur í Strillu, 3. Háahraunið norður af Efra-Hvolmsmosum, 4. Efri-Skyggfir, 5. Hólaskógur, 6. Langafell vestan.
13. [Oddakirkju-ítak]: - Oddagljúfur.
 14. [Miðhúsa-ítak]: - Miðhúsatorfa.
 15. [Víkingslækjar-ítak]: - Víkingslækjartorfa.
 16. [Vallar-ítak]: - Vallarskógur.
 17. [Árbæjar-ítak]: - Árbæjartorfa.
 18. [Skúmsstaða-ítak]: Skúmsstaðatorfa.

[Lbs. 113. 4to.].

Í skrá þessa vantar aðeins Reynifell, sem jarðabókin telur að eigi skóg eftir tillölu í Keldnakirkjuskógi, en Reynifell var eign kirkjunnar á Keldum og þess vegna sleppt úr skránni. Breiðabólstaðarkirkju virðist hafa bætzt a.m.k. eitt ítak: *Staðar-Markhlíð*, því að *Melfell* og *Melfellskrókar* geta verið sama ítakið í fyrstu, en nafnið færst til eftir því, sem skógurinn eyddist. Athyglisvert er um Ás í Holtum, að í stað þess að kirkjan eða jörðin átti fyrr „fjórðung“ eða „fjórðu hverja hríslu í öllum skógum, er Næfurholti fylgja,“ nafngreinir skráin sex ítök, sem öll fylgja Ási og munu þau örnefni flest enn kunn.

Þá eru ítök Skálholtsstaðar, sem notuð voru af, stólsjarða-landsetum í Rangárþingi. Ekkert þeirra er nefnt í jarðabókinni og á þó Skálholtsstóll samkvæmt henni 36 jarðir í sýslunni og ábúendur jafnmargir¹). Stólsjarðirnar í Landmannahreppi telur jarðabókin í þessari röð: Árbær, Hrólfsstaðir, Lunansholt, Lækjarbotnar ,og fylgir svo hljóðandi klausa: „*Skóg með öðrum stólsins jörðum til félags þar sem heita Staðarmelar, brúkandi til eldingar,*

1) Skiptast jarðirnar þannig eftir hreppum: fimm í A.-Landeyjum, tvær í V.-Landeyjum, tvær í Hvolhreppi, níu í Rangárvallahr., sjö í Landmannahr. og níu í Holtahreppi. - Eru í þessari tölu þrjár jarðir, sem þá eru nýfarnar í eyði, en hins vegar sleppt þremur hjáleigum er fylgja Háfi í Þykkvabæ.

varla kolagerðar, raftviður ekki ...“ Næst kemur Heysholt og Vindás og um þær sagt: „*Skóg ut supra*“, þ. e. skóg sem að ofan getur. Hjallanes rekur lestina og segir um hana: „*Skóg ut supra öðrum stólsjörðum*“ Í staðarnafnaskrá jarðabókarinnar eru *Staðarmelar* staðfærðir í Landmannahreppi, en örnefni þetta mun ekki þekkjast lengur. Þó að engin athugasemd fylgi um skógarnot fyrstu stólsjarðanna þriggja, verður að ætla að þær hafi einnig notað ítakið. Hins vegar er Staðarmelaskógi þann veg lýst, að hann hefir varla haft fleirum að miðla en stólslandsetum innan hreppsins, a.m.k. um það leyti, sem jarðabókin var gerð, hvað sem fyrr kann að hafa verið.

Ekkert skal fullyrt um, hvar stóllinn hefir tryggt öðrum landsetum sínum í Rangárþingi skóg til kolagerðar eða annarra búsparfa. Stólslandsetarnir eru ekkert að flíka slíku við þá, sem jarðabókina tóku saman, enda virðist þeim tamara að skýra frá göllum ábýlisjarða sinna og kvöðum þeim, sem ábúðinni fylgja. En orðalagið í skránni hér að ofan: „*Skálholtsskógur utan Hraunteigs*“, mætti, ef til vill, skiljast á þann veg, að Hraunteigur sé gamalt ítak stólsjarðanna, en hin þrjú bætzt við síðar, eftir því sem skógurinn í Hraunteig eyddist.

Áður en skilist er við Sigurð landþingisskrifara verður að nefna bréf eitt sem hann ritar Þorsteini sýslumanni 17. dag janúarmánaðar 1766. Efni bréfsins er í þremur póstum og upphaf hins síðasta svo hlj6ðandi: ... „3.° *Þar eg er þreyttur orðinn að skrifa og skrafa um skógabrukun, heldur meina nú ráðlegast að brúka náttúrulögmálið fyrir skógalög, vil eg finna upp á annað yrkisefni og leita leiðréttingar og uppfærðingar um sveitar fátækra framfæri*“, og er allur síðari hluti bréfsins þar að lútandi. [Sig. Sig. Bréfabók II. bls. 27].

Virðist mega lesa milli þessara fáu lína, að Sigurður hafi eigi verið alls kostar ánægður með „skógabrukun“ manna, og því leitað munnlega og skriflega til sýslumanns um einhverjar úrbætur. Hvergi er þó vikið að þeim málum

í bréfum Sigurðar til sýslumanns, sem bréfabókin geymir, og rituð eru frá því að lögfesta Næfurholts var innfærð í bókina og til bréfs þess, sem að ofan getur. Verður því hvorki vitað nú, hvað þeim sýslumanni hefir farið á milli, né hvað Sigurður á við, er hann telur „ráðlegast að brúka náttúrulögmálið fyrir skógalög.“ Hins vegar er eigi grunlaust um, að þetta varði Næfurholtsskóga, og að Sigurði þyki þar nóg aðgert um skógarhöggið Sbr. og lögfestu hans hér að framan, þar sem „sérílagi fyrirbýðst jarðarinnar eiginlega skógarplátz yrkja og brúkun.“

En nú var þess skammt að bíða, að Hekla færðist í aukana og léti til sín heyra.

HEKBUGOSIÐ 1766 O. FL.

Gos þetta hófst árla morguns hinn 5. apríl. Gaus þá sandi og glóandi vikursteinum með stórbrestum, eldingum og reiðarslögum. Vikursteinar um þrjár álnir að ummáli köstuðust tvær mílur frá fjallinu; hjá Næfurholti féll brunasteinn, sem óg 7½ pund, svo djúpt í freðna jörð, að ná varð honum upp með járnkarli. ... Þá kom álnar djúpur sandur umhverfis Heklu og 30 mílur frá henni varð öskufallið hálf alin sums staðar, svo eyðilagzt hefði nálægar sveitir, hefði ekki á sama degi suðlægur vindur bægt mekkinum norður til fjalla. Eyddust þó á skammri stundu fimm bæir í Rangárþingi, þar af þrír í Landsveit: Merkiðvoll, Ósgröf og Skarfaness. Einnig fóru af bæir í Árnessýslu, þ. á. m. kirkjustaðurinn Tungufell. Þá sandkól birkiskóg og skrælnaði hann upp. Nutu hans áður tíu eða tólf kirkjusóknir Ytri-Rangá stíflaðist af vikurfalli, og flóði yfir nágrennið, er hún braut stífluna Eftir hádegi 5. apríl sjaðnaði öskugosið nokkuð, en fjallið spýtti í sífellu sandi og hraunmolum til 9. apríl. Þá ætist gosið enn meir og sáust stundum 18 eldar í senn. Brauzt þá fram hraun úr Heklu, og rann til SSV. og stefndi á Geldingafjöll. Gosin héldu áfram allan mánuðinn, og hinn

21. apríl var hæð öskumökksins mæld og var þá 16 þús. fet. Eftir það tók að draga úr gosunum, en héldust þó allt sumarið og fram á haust. ...

_ Vafalaust má telja, að í þessum hamförum Heklu hafi hinar lágu og strjálu kjarraleifar, sem enn voru eftir af Næfurholtsskógum, spillzt stórum. Var því meiri nauðsyn þá, en nokkuru sinni fyrr að banna þar allar skógaryrkju um nokkurra ára skeið. En að því mun eigi hafa verið horfið, og kjarrið höggvið eftir sem áður, að því, er ráðið verður af frásögn Sveins læknir Pálssonar um Næfurholtsskóga og lesa má í ferðabók hans.

Á ferð sinni til Fiskivatna sumarið 1795 kom Sveinn Pálsson að Næfurholti og hafði þar náttstað „Þaðan héldum við meðfram Næfurholtsskógum, fagurri fjallshlíð, sem að miklu leyti er eydd af stormviðrum, skriðuföllum og vikri úr Heklu Næfurholtsskógurinn er illa farinn og mun eyðast með öllu, því að hann nær ekki að vaxa aftur í hinum lausu fjallahlíðum. Hins vegar stendur Selsundsskógurinn föstum rótum á hrauni, sem liggur hvorki undir uppblæstri né vatnagangi og því mun hann haldast við lýði, þótt menn geri það, sem þeir geta, til að eyða honum.“ [Ferðab. bls., 650.].

Um heyskapinn í Næfurholti segir svo á öðrum stað: ... „Í Næfurholti er aðeins hægt að heyja túnið, sem telst þó ekki fóðra nema tvær kýr. Aðrar slægjur eru engar.“ [S. h., bls. 228.]. Hefir þá töðufengurinn rýrnað um helming frá því jarðabókin var tekin saman, svo að treysta verður sem fyrr á útigang. Er því sízt að furða þó að Næfurholtsskógur sé illa farinn, og eigi erfitt uppdráttar, er skemmdaröfl náttúrunnar, mannshöndin og sauðartönnin leggjast á eitt um að eyða honum.

Í Fiskivatnaferð sinni kom Sveinn Pálsson í Sölvahraun, og segir það „nokkuð gróið grasi og birkikjarri. Voru þar fyrrum góðir hagar fyrir stóðhross, en þau féllu veturinn 1784, og sést þar nú engin skepna. Hraun þetta er kennt við kerlingarnorn, sem dvaldist þarna langa

hríð, fjarri öllum mannabyggðum, og kallað Salvararhraun, eða stytt í Sölvahraun.“ [S. h., bls. 650.] ... Er eigi ósennilegt að þarna hafi verið hrossaganga frá Næfurholti.

En þó að Næfurholtsland héldi áfram að blása upp, var samt reynt að halda við byggð á hjáleigunni Hálsi. Vorið 1778 reisti þar bú ungur bóndi, er Jón hét, (f. 1772), sonur Brands, bónda í Næfurholti (f. 1726) Jónssonar. Bjó Jón Brandsson fá ár að Hálsi, því að kominn er hann að Næfurholti 1802, en Háls hélzt áfram í byggð, og er enn búið þar 1811, en 1816 er jörðin komin í eyði. - Jón Brandsson bjó síðar í Næfurholti, og sagt hann ætti sauðfé margt, en fluttist þaðan 1826 að Klofa á Landi og andaðist þar 19. apríl 1828.

STÓLSJARÐIR SELDAR.

Á árunum 1790-1798 voru allar jarðir Skálholtsstóls í Rangárþingi seldar einstaklingum og eignuðust þá jarðirnar ítök þau í Næfurholtsskógum, sem Skálholt hafði átt. Ábúendur stólsjarðanna, en svo voru þær nefndar áfram, notuðu sér ítökin eftir sem áður, og sízt með minni forsjá en fyrrum, er hver hjó eftir sinni vild á meðan af einhverju var að taka. Var þess og skammt að bíða, að sum ítökin gengi til þurrðar. Mun Hraunteigur hafa orðið harðast úti, og allur skógur þar upprættur á öndverðri nítjándu öld, svo sem brátt getur. Sama var og að gegna um ítök einstakra jarða í Næfurholtslandi, að þeim var í engu hlíft, en skógurinn höggvinn vægðarlaust, unz hann var víðast hvar upprættur með öllu.

Á öðrum tug nítjándu aldar virðist þó mönnum farið að skiljast, að eigi muni allt með felldu um yrkingu skóga í Rangárþingi, og að þar horfi senn til algerðrar auðnar verði ekki tekið í taumana. Af þeim rötum mun runnin friðun Þórsmerkur með bréfi Suðuramtsins, 7. dag janúarmánaðar 1818, þar sem bannað var, að í Þórsmörk væri fyrst um sinn „tekinn nokkur sem helzt viður,“ og

bannið síðan endurnýjað af Þórarni sýslumanni Öfjörd með bréfi, 6. dag septembermánaðar 1823 ... (Sjá nánara um þetta í grein Vigfúsar fræðimanns Guðmundssonar: „*Eyðing og verndun skóga*“ í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1945, [bls. 42.]).

Hins vegar virðast Næfurholtsskógar eigi hafa notið neinnar verndar af hálfu hins opinbera. A. m. k. finnst ekkert um slíkar ráðstafanir í bréfabókum Rangárvallasýslu frá þeim árum.

Þar kom þó að lokum, að mönnum hefir þótt nóg aðgert um yrkingu kjarraleifanna í Næfurholtslandi, og gert sér ljóst, að þeim mundi engu síður þörf á vernd, en í Þórsmörk. Á útmánuðum 1840 skipaði Eiríkur sýslumaður Sverrisson í Kollabæ [1837-1843] tvo menn, þá Loft hreppstjóra Loftsson á Kaldbak og Jón bónda Jónsson í Stóra-Klofa, til þess að athuga skógarítökin í Næfurholtslandi og semja skýrslu um þau. Sú skýrsla, eða skoðunargerð, þó að fáorð sé, bregður upp fyrir oss ömurlegri mynd: blásið land með strjálum kjarrrunnum og kalöngum, gleymdri sögu og glötuðum örnefnum ... örfoka land, sem aðeins er svipur hjá sjón frá því er það var í öndverðu, þegar menn tóku sér þar fyrst bólfestu.

SKOÐUNARGERÐIN FRA 1840,

sem að ofan getur, verður tekin hér orðrétt upp og er hún svo hljóðandi:

„Árið 1840, þann 20. maí var af undirskriftuðum samkvæmt skriflegri skikkun viðkomandi yfirvalds af 26. marz s. á. álitin og yfirskoðuð skógarstöðuplätz ítakanna í Næfurholtslandi, hver að eru eftir þeirra uppteiknan í Næfurholtsskóga skipta skikkunarbréfi frá sýslumanni, Þorsteini sál. Magnússyni, dateruðu 29. maí 1765, samt skógaskiptabréfi af 7. júní s. á., sem fylgir:“ ... Og kemur síðan skráin, sem birt er hér að framan (sjá bls. 94), en við hana er skoðunargerðin miðuð og er hún á þessa lund:

„Af framanskriðuðum skógarstöðupláztum álítast engin, er þola yrkingu fyrst um sinn, án þess upprætt sé; en nokkur þeirra, er nauðsynlega ætti að friða, í hið minnsta um fimm ár, í von um, að ungviði í þeim vaxa kynni. Í nokkurum eru kalangar smáir og blásnir. Mörg eru nú skógarlaus vegna sandblásturs, skriðna og upprætingar, og nokkur, er menn nú ekki vita, hvar verið hafa.

Öll þau plátz uppteljast, hvert fyrir sig sem fylgir:

I. *Þau, sem friðast ætti:*

1. Myrkviði (Skálholtsítak), 2. Grafartorfa, 3. Stóra-Hofstorfa, 4. Gunnarsholtstorfa, 5. Vatnsdalstorfa, 6. Geldingalækjartorfa, 7. Melfell (Breiðabólstaðarítak) .

II. *Þau, sem eru með kalöngum:*

1. Lambatangi (Skálholtsítak), 2. Fitlingaholt (Keldnaítak), 3. Hvolsskógar annar (lítill partur norðan), 4. Hólaskógur norðast (Ásítak).

III. *Þau, sem eru upprætt og uppblásin:*

1. Skálholtsítak - Nýgræður.
2. Keldnaítök - 1. Bjólfell vestan, 2. Bakkaskógur.
3. Brekkna- og Reyðarvatnsítök - Þórunnarháls vestan.
4. Breiðabólstaðarítök, - 1. Staðar-Markhlíð, 2. Melfellskrókar, 3. Langafell austan.
5. Efra-Hvolsmosar.
6. Ásítök - 1. Þórunnarháls norðan, austan og ofan, 2. Hvammur í Strillu, 3. Háahraunið norður af Efra-Hvolsmosum, 4. Efri-Skyggjir, 5. Langafell vestan.
7. Oddagljúfur.

IV. *Þau, sem menn vita ei hvar eru:*

1. Gunnarsholtsítak (ónefnt), 2. Stórólfskógur annar, 3. Staðarvellir (Breiðabólstaðarítak), 4.

Miðhúsatorfa, 5. Víkingslækjartorfa, 6. Vallarskógur, 7.
Árbæjartorfa, 8. Skúmsstaðatorfa.

Loftur Loftsson.

Jón Jónsson.

Ut supra.

Nærverandi var ég Jón Jónsson.

Rétt út skrifað vitnar L. Loftsson.“ [Lbs., 113. 4to.].

Jón Jónsson, sá er viðurkennir með undirskrift sinni að hafa verið „nærverandi“, er skoðunargerðin fór fram, var bóndi í Selsundi. Átti hann jörðina og hálft Næfurholt, en þar bjó þá sonur hans, Jón, sem var elztur þriggja sona hans, sem allir báru *Jóns nafn*.¹⁾

Mun þeim feðgum, Jóni í Selsundi og Jóni í Næfurholti, hafa sárnað, hversu öllum gróðri í Næfurholti hrakaði ár frá ári, eftir því, sem skógarítökin gengu til þurrðar og eyddust. Hafa þeir því, eða Jón í Selsundi, snúið sér til sýslumanns með ósk um, að hann tilnefndi menn, sem athuguðu ítökin í því skyni, að lagt yrði síðan bann við að höggva eða uppræta þær litlu kjarrleifar, sem enn voru eftir. Raunar finnst ekkert í bréfabókum sýslunnar um slíka tilnefningu varðandi ítökin. En vitnað er þar á einum stað í bréf frá Jóni í Selsundi, ritað sýslumanni 19. marz 1840, þar sem farið er fram á, að sýslumaður til-

1) Jón í Selsundi var fæddur þar 11. ágúst 1790 og voru foreldrar hans: Jón b. s. st. (f. 1737, d. 28. nóv. 1802) Hannesson (Seljalandi í Fljótshverfi. f. 1703) og síðari kona hans Margrét (f. 1753) Ólafsdóttir. - Jón yngri kvæntist 26. okt. 1808 Guðrúnu (f. 1776) Ófeigsdóttur frá Hamarsheiði. (hann þá 18 ára en hún 32 ára); reistu þau bú í Litla-Selsundi næsta vor, og eru þar fæddir elztu synir þeirra tveir:

1. Jón f. 27. maí 1810; gerðist bóndi í Næfurholti vorið 1826 (16 ára gamall), er Jón Brandsson fluttist þaðan, og kvæntist vorið eftir, (3. maí 1827), bústýru sinni, Unu (f. 1798) Halldórsdóttur b. á Leirubakka (f. 1738) Auðunssonar.

2. Jón annar f. 11. ágúst 1811, síðar bóndi á Árbæ í Keldnasókn.

3. Ófeigur, f. 10. marz 1814 í Selsundi. Drukkaði í Ytri-Rangá 14. nóv. 1843; hafði þá búið á Leirubakka á annað ár, ókv.

4. Jón þriðji, f. 11. ágúst 1819, er síðar bjó í Selsundi.

nefni menn, er athugi og semji álitssgerð „*over den i Hraunteig opvoxende Kratskov m. m.*“ ... Varð sýslumaður við þeirri beiðni og tilnefndi í því skyni, 26. s. m., þá Loft hreppstjóra á Kaldbak og Jón bónda í Stóra-Klofa, og er þess sérstaklega getið, að tilnefningin sé send Jóni í Selsundi. [Bréfabók, Rang., I., 5, nr. 454.].

Bréf Jóns í Selsundi finnst ekki á meðal bréfa þeirra, sem vísað er til í bréfabókinni, svo að ekkert verður fullyrt um, hvort þess hafi verið farið þar á leit, að skógarítök einstakra jarða í Næfurholtslandi yrði athuguð jafnframt nýgræðingnum í Hraunteig. Þó er sennilegt, að svo hafi verið, og að Jón í Selsundi hafi þar bent á nafna sinn í Stóra-Klofa, er þekkja mundi flestum öðrum betur til allra staðháttanna í Næfurholti varðandi skógarftökin¹⁾ ... Hér verður þá tekin upp

ÁLITSSGERÐIN UM HRAUNTEIG,

og er hún í beinu framhaldi af skoðunargerð ítakanna hér að framan:

„Árið 1840, þann 20. maí, var af okkur undirskrifuðum, eftir skriflegri skikkun viðkomandi sýslumanns af 26. marz - fyrirtekin og framkvæmd skoðun á nýsprottnu hrísi í skógarplátzinu Hraunteig í Næfurholtslandi, er áður var Skálholtsskógarítak, að hvað miklu leyti hann þola kynni yrkingu framvegis, samkvæmt forlíkun, er skeði að Odda þann 7. desbr. 1839 á millum eftirskrif-aðra; nl. á eina síðu nefndrar jarðar eiganda, að hálfu bónda Jóns Jónssonar Selsundi og af hinum helfingi vegna prestsins, síra Jóns Steingrímssonar í Hruna, eftir fullmagt Mr. bónda Guðmundar Þorsteinssonar í Hlíð, en á

1) Jón í Stóra-Klofa var sonur Jóns Brandssonar í Næfurholti, fæddur á Hálsi 3. maí 1798 og síðan uppalinn í Næfurholti; hann kvæntist 21. júlí 1824, Guðrúnu (f. 29. okt. 1798) Halldórsdóttur b. á Leirubakka, Auðunssonar, og bjuggu þau fyrst á Stampi, hjáleigu frá Galtalæk. Voru þeir nafnar því svilar, Jón í Stóra-Klofa og Jón í Næfurholti.

aðra síðu stólsjarðaábúanda, prestsins sr. Jóhanns Björnssonar á Vestri-Kirkjubæ, candidat G[ísla] J. Einarssonar á Selalæk og forlíkunarmanns S[tefáns] Sveinssonar á Varmadal vegna þeirra sjálfra og annarra stólsjarðaábúanda, nefnil. E.-Kirkjubæjar, Ketilhúshaga og Heiðar, um, að téðir stólsjarðaábúendur ásamt Næfurholts fái að höggva skóg í nefndum Hraunteig, þegar hann álitiz svo vaxinn, að með sparsemd yrkja megi.

Að nákvæmri yfirskoðun nefnds skógarplátz álitum við, að yrkja megi á 5 næstkomandi árum á 18 hesta árlega, er skiptist þannig millum téðra jarða eftir þeirra dýrleika:

Selalækjar 3 hestar, Varmadals 3 hestar, Vestra-Kirkjubæjar 3 hestar, Eystri-Kirkjubæjar 2 hestar, Ketilhúshaga 2 hestar, Heiðar 2 hestar, Næfurholts 3 hestar.

Þetta hrís álitum við haganlegast, að upptekið sé norðarlega í skógarplátzinu, þar sem skógurinn er nokkuð kalinn og sandur gengur á.

Ut supra

Jón Jónsson. Loftur Loftsson.

Viðstaddir:

Jón Jónsson,
[Selsundi],

J. Björnsson, [prestur V.-Kirkjub.]
G. Einarsson, [Selalæk].
S. Sveinsson, [Varmadal].

Af „forlíkun“ þeirri, sem minnst er á í álitssgerðinni. og fram fór í Odda 7. dag desembermánaðar 1839, má ráða, að deilur hafa risið um hið „nýsprottna hrís“ í Hraunteig. Hafa eigendur Næfurholts, og þó einkum þeir feðgar, Jón í Selsundi og Jón í Næfurholti, litið svo á, að ítakaréttur stólsjarðanna væri niður fallinn, er allur skógur var þar upprættur, ábúendur stólsjarðanna flúnir þaðan og önnur kafnir við að gera hinum öðrum ítökum stólsjarðanna sömu skil. Á meðan unnið var að því, sem vel gat tekið tvo áratugi eða lengur, hafa gamlar bjarka-

rætur í Hraunteig vaknað til lífsins og rótarteinungum þeirra tekist, þrátt fyrir hlífðarlausu beit, að vaxa svo úr grasi og þéttast, að landið byrjaði að klæðast skógi að nýju, og nokkurar vonir um, að sá nýgræðingur héldi áfram að breiðast út og hækka, ef hann fengi að njóta verndar enn um skeið.

En er svo var komið um hin önnur ítök stólsjarðanna í Næfurholtslandi, að upprættur var allur skógur í *Nýgræðum*, *Lambatangi* með kalöngum einum, og *Myrkviði* því sem næst á þrotum, hafa stólsjarðaábúendur á Rangárvöllum litið hýru auga nýgræðinginn í Hraunteig og hugsað gott til að geta nú hafizt handa um að höggva þar að nýju. Gegn því hafa svo Selsundsfeðgar beitt sér, og bannað allt skógarhögg í Hraunteig með þeim rökum, að hið „nýsprottna hris“ væri eign jarðarinnar Næfurholts sem og allur annar gróður hennar. En á þau rök hafa ábúendur stólsjarðanna eigi viljað fallast, og talið ítaksrétt sinn í Hraunteig enn í fullu gildi. Um þetta hefir svo verið þráttað, unz málsaðiljar hafa komið sér saman um að stefna deilunni fyrir sáttafundinn í Odda, sem að framan getur.

Þar mun Jón í Selsundi hafa haldið fast fram, að nýgræðingurinn í Hraunteig væri eign Næfurholts, en til málamiðlunar fallizt þó á, að leyfa stólslandsetunum á Rangárvöllum að höggva lítið eitt í Hraunteig, ef athugun þar til kvaddra manna leiddi í ljós, að eitthvað mætti þar höggva nýgræðingnum að skaðlausu. Og til þess að tryggja þetta enn betur, hefir Jón í Selsundi fengið sýslumann í lið með sér að láta meta, hve mikið högg nýgræðingurinn í Hraunteig mundi þola fyrst um sinn.

Verður og eigi annað sagt, en að stillt sé í hóf um skógarhöggið í tillögum þeirra Lofts og Jóns, þó að hins vegar skjóti ærið skökku við að leggja til, að „hrísið sé upptekið norðarlega í skógarplátzinu, þar sem skógurinn er nokkuð kalinn og sandur gengur á,“ því að vitanlega hefði þeim hluta Hraunteigs verið þörf á allri þeirri vernd, sem

kostur var á. En þessu munu þeir Selsundsfeðgar hafa ráðið, og þá haft í huga að nota sér sem mest beitina í Hraunteig á meðan nýgræðingurinn héldi áfram að hækka og þéttast.

Annars er athyglisvert, að Næfurholt skuli tekið með í tölu þeirra jarða, sem lagt er til, að fái að höggva í Hraunteig. Gæti það bent til þess, að Heimaskógur jarðarinnar sé þá upprættur að mestu, enda er hans í hvorugri álitsgerðinni að nokkuru getið.

ÁTÖK UM HRAUNTEIG.

Brátt kom í ljós, að sumir stólsjarðaábúandanna, er að samningunum stóðu í Odda, virtu þá að vettugi og fóru sínu fram um hrístöku í Hraunteig. Tók þá Jón í Selsundi til sinna ráða. og ritaði sýslumanni svo hljóðandi bréf:

„Velbirðigi hr. sysselman!”

Bóndi Stefán [Brynjólfsen] á Eystra-Kirkjubæ hefir án míns leyfis sótt við á 3 hesta í Hraunteig - bóndi Ketill [Jónsson] í Ketilhúshaga á 2 hesta - vinnumaður Ólafur Jónsson á Vestra-Kirkjubæ á 4 hesta. Ég lofaði í vetur á forlíkuninni að ljá á 2 eða 3 hesta hverjum þeim, sem byggja á 20 hundruðum. - Sömu leiðis hafa menn og hestar utan af sandi sézt, sem hafa þangað farið til að rífa þar lyng eða taka þar upp skóg, eða þá máske hvort tveggja. - Svo hafa líka Efra-Hvolsmenn, Steinn [Steinsson] og Jón [Jónsson eða Einarsson] sótt á 5 hesta við, líkast til í Ás-ítaka ..

Þetta allt hefir fram farið á meðan ég var ei heima - óska því þénustusamlegast yðar álitz á, hvort þessara manna fyrirtæki sé þeim leyfilegt. - Haldist þetta við afsegi eg að hafa nokkura umsjón með skóga.

Selsundi, dag 24. júní 1840.

Jón Jónsson. [Bréf, Rang. II., 7, nr. 518.].

Bréfi þessu svaraði sýslumaður 20. ágúst þá um sumarið og er svar hans svo látandi:

„Yðar bréf til mín frá 24. júní seinastl. áhrærandi, að nokkurir Rangárvalla- og Hvolhrepps innbúar hafi, sumpart leyfislaust, sumpart yfir fram þann við sættanefnd inngengna samning, tekið í yðar fjærveru skógarvið úr Hraunteig, svarast þannig:

Þar þér, með því að innganga samninga fyrir sættanefnd um skógaryrkingu í Hraunteig, hafið gerzt málspartur með eignartilkalli að því hrísi, sem þar vex, og hvar af þetta kærúmál rís, þá virðist mér hæfilegast að þér sækíð þessa sök gegn viðkomöndum á löglegan hátt án minna frekari afskipta, utan hvað dómaraverk áhrærir þegar sökin er löglega undirbúin. - Að öðru leyti megið þér vænta allrar þeirrar aðstoðar, sem lög leyfa til að hamla ólöglegri skógaryrkingu í Hraunteig. ...“

[Bréfab., Rang., III., 7, nr. 575.].

Af bréfum þessum verður ljóst, að á sættafundinum í Odda hafa aðiljar óbeinlínis viðurkennt tilkall Næfurholtseiganda um nýgræðinginn í Hraunteig jörðinni til handa, með því að stólsjarðaábúendunum, hverjum fyrir sig, var gert að skyldu að sækja um leyfi til Jóns í Selsundi að mega höggva ákveðna tölu viðarhesta á ári í Hraunteig, og Jóni jafnframt falin umsjá með skógarhögginu, og auk þess eftirlit með öðrum skógarleifum í Næfurholtslandi, að því, er ráðið verðu af lokaorðum kæru hans.

Hefir Jóni því gramizt og hlaupið kapp í kinn, er honum varð kunnugt um, að stólsjarðaábúendurnir hirtu ekkert um nýgerða samninga, en héldu upp í Hraunteig og hjuggu þar eftir eigin geðþóttu. Mun hann og hafa gert sér ljóst, að tæki hann ekki málið föstum tókum og kærði sökudólgana, mundu fleiri á eftir sækja og sama óreiðan haldast áfram um skógarferðir manna og skógarhögg eins og tíðkamt hafði um óra langa hríð.

„Fyrirtæki“ Efra-Hvols bænda, eins og Jón orðar það

í kæru sinni, er nærtækt dæmi um, hversu lítið var þá á eignarrétt manna, að því er Næfurholtsskóga varðar. Álitsgerðin um skógarítökin telur *Efra-Hvolsmosa* í flokki þeirra ítaka, sem þá „*eru upprætt og uppblásin*.“ Efra-Hvolsbændur áttu því ekki að neinu skógarítaki að hverfa þar efra. En þeir gerðu sér lítið fyrir, laumuðust í kjarrleifar, sem var ítak annarra jarðar og stálu þar viði á fimm hesta. Segir Jón, að það muni hafa verið í Ásítaki. En af sex ítökum þeirrar jarðar eru þá fimm í sama flokki og Efra-Hvolsmosar, (þ.e. „upprætt og uppblásin“), en hið sjötta, *Hólaskógur*, aðeins „*með kalöngum*“, svo að varla hefir þar verið um auðgan garð að gresja.

Annars virðist Jón í Selsundi hafa haldið svo á málum þessum, að eigi hafi komið til frekari árekstra að sinni. Verður því að ætla, að hinir brotlegu hafi fallizt á að hlíta framvegis fyrimælum hans um skógarhöggið, og Jón þá látið sakir niður falla um sinn.

Næsta sumar virðist og allt snurðulaust um skipti Jóns og stólsjarðaábúanda varðandi Hraunteig. En sumarið 1842 koma nýir menn við sögu, sem Jón kærir fyrir óleyfilega hrísupptöku í Hraunteig og er kæra hans til sýslumanns svo hljóðandi:

„Hér með gefst yðar veleðlaheitum til kynna: að í gær tóku upp í Hraunteig hrísungviði á 2 hesta, Einar Einarsson og Ólafur Einarsson á Moshvoli án leyfis. Ég leiddi votta að, nefnilega: Jón bónda í Næfurholti og Þórð bónda á Hálsi og vinnukonu mína, Guðrúnu Jónsdóttur. Í nefndra votta viðurvist tók ég hrísið, sendi svo til hreppstjórans Lofts á Kaldbak, hver að skoðaði nefnt hrís og hans meðfylgjandi álit yfir það hér með fylgir.

Allt svo óska ég: að nefndir menn, Einar og Ólafur Einarssynir á Moshvoli, verði löglega sektaðir fyrir þessa hrísupptöku og betali þar að auk allan kostnað til mín og annarra þessu máli viðkomandi 2 rbd. s[ilfur] m[yntar].

Ég meina að nefndur Einar hafi verið ráðandi fyrir þessu verki og Ólafur gert eftir hans tilmælum og áeggjan.

Selsundi 23. júní 1842.

Jón Jónsson.

Til sýslumanns E. Sverrisen.“

En yfirlýsing Lofts hreppstjóra hljóðar svo:

„Eftir ósk bóndans, Jóns Jónssonar á Selsundi, var ég undirritaður d[ags] d[ato] til staðar í skógarplátzinu Hraunteig til þess að álíta hrís, er hann og vitnin: Jón Jónsson Næfurholti, Þórður Sturlaugsson á Hálsi og Guðrún Jónsdóttir segja (að) Einar Einarsson og Ólafur Einarsson Moshvoli¹⁾ hafi þar upptekið í gærkveldi. - Ég álít að nefnt hrís sé allt ungvíði, nægileg klyf á 2 hesta.

Hraunteig staddur þ. 23. júní 1842.

L. Loftsson.“

[Bréf., Rang. II., 7, nr. 723.].

Málalok urðu þau, að hvor þeirra bræðra var dæmdur í fjögurra marka sekt til fátækra í Hvolhreppi, og er sektin greidd 20. febrúar 1943. [Bréfab. Rang. I., 5, nr. 723.].

Hér lýkur að segja frá Jóni í Selsundi og afskiptum hans um verndun Hraunteigs, enda átti Jón þá skammt eftir ólífað. Hann andaðist 14. júlí 1844, 54 ára gamall.

En nú dregur að þeim tíðindum, sem örlagaríkust urðu Næfurholti:

HEKLUGOSIÐ 1845.

Frásögn sú um gosið, sem hér fer á eftir, styðzt að mestu leyti við ágrip úr dagbókarskýrslu Odds Erlends-

1) Þeir voru synir Einars Einarssonar bónda á Litla-Moshvoli og konu hans Þórdísar Sigurðardóttur. Hafði Einar látizt þá um veturinn (28. jan. 1842). Þjó ekkjan áfram með Ólafi syni sínum (22 ára) í tvíbýli við Einar son sinn (26 ára). - En Litli Moshvoll hafði fyrrum verið ein af jörðum Skálholtsstóls.

sonar, þúfu á Landi 1848, er Markús Loftsson birti í jarðeldariti sínu:

Gosið hófst að liðnum dagmálum 2. september ... Vindur bar öskumökkinn til suðausturs svo að aska féll mest yfir Skaftártungu og Síðu; heit aska og vikur féll á jökla svo að vöxtur kom í margar ár. Þá kom svo mikið vatnsflóð í Ytri-Rangá, sem hefir upptök sín skammt í vestur frá Heklu, vestur undir Næfurholtsfjöllum, að hún flóði yfir bakka sína og varð óreið sakir hita. Færði flóðið með sér jökulfor, svo áin varð ljósblá að lit, en er þó tært uppsprettuvatn. Drapst þá allur silungur í henni og rak um 200 af honum dauðum hjá fáum bæjum miðsvæðis og var þá smámorkið af hitanum Um kveldið laust eftir miðaftan, fór hraun að renna niður vesturhlíðar Heklu; óx það með degi hverjum og seig smám saman niður á við.

Fram undir miðjan mánuð dreifðist askan mest um afrétt og óbyggðir. En 13. september var norðanvindur og sló þá mekkinum yfir Upp-Landið og Hreppa: Næsta dag var landnorðanstormur. Lagði mökkinn þá yfir allt Landið og Hreppa, en undir kveld, þann 15. september, snerist vindurinn svo mökkinn lagði yfir Rangárvelli utanverða.

Þann 18. september var hraunið komið að Melfelli, litlu fjalli, er liggur skammt norður frá Næfurholti. Og á þriðja degi þar frá rann eldhraunið beggja megin niður með Melfelli og seig áfram með svo miklum hraða, að það fór 200 faðma á tveim dægum: var þá suðurendi fjallsins aðeins óumkringdur. Þótti þá eigi lengur vært heima í Næfurholti, og var því, 24. september, allt lauslegt flutt þaðan, ásamt fólki og fénaði. Stóð hraunið, sem vissi að Næfurholti, við sama 26. sept., en hlóðst upp, hvað ofan á annað, fyrir innan Melfell, því að þar komst það ekki lengur áfram fyrir svo kallaðri Markhlíð, sem er alda afarmikil . . .

Um miðjan októbermánuð, (þ. e. 13. og 14.), kom önn-

ur eldrás, sem stefndi fram milli Heklu og Melfells og náði fram á móts við fellid ... 18. okt. braut eldflóðið nýja rás í útsuður af öxlinni á fjallinu og stefndi hún á Selsund. Runnu þá þrjár eldrásir úr gjánni, sem var vestan í Heklu, og næsta dag, 19. okt., huldí eldhraunið allt undirlendi umhverfis Melfell, allt norður á móts við háu ölduna útnorður af Heklu, yfir allt svæðið millum Melfells og Markhlíðar, og náði fram undir hnúkana norður af Bjólfelli

Síðari hluta nóvembermánaðar var alt flutt frá Næfurholti, sem flytja mátti, jafnvel brotin ofan húsin og viðirnir fluttir á óhultan stað. Þorðu menn eigi annað, því að hraunið var þá nærri komið niður að gili því, sem liggur sunnan undir túninu ... [enda fyllti hraunið bæjarlækin og tók af vatnsbólið.] ... Gosið stóð í sjö mánuði, eða fram til 6. apríl 1846; eftir það urðu menn hvorki varir við eld né ösku. ...

- Jón bóndi í Næfurholti flýði með fólk sitt og fénað fram að Hálsi, sem þá var í eyði, hafði annars verið í byggð frá 1830-1843. Var Háls þá gerður að heimajörð, húsað þar að nýju og heitir þar síðan Næfurholt. - En þar sem bærinn hafði áður staðið er jafnan nefnt *Gamla Næfurholt*, og blasir þar enn við nokkuð af túninu.

Hér verður þá látið staðar numið að sinni. En niðurlag greinarinnar kemur í næsta Ársriti. E. E. S.

Athugasemd varðandi uppdráttinn á bls. 95.

Á uppdrættinum má nokkurn veginn glöggva sig á ýmsum þeim örnefnum, sem nefnd eru í greininni. Nyrstur er *Glerhaus*, vestur af honum við Ytri-Rangá, *Vatnsdalsskógur*, *Hofstorfa* litlu framar, þá *Myrkviði*, *Lambatangi* og *Heimaskógur*, austur af honum *Markhlíð* og suður af henni *Melfell*. En vestur af Melfelli fram af Heimaskógi er *Gamla-Næfurholt*, og *Hraunteigur* þar í suðvestur í tungu á milli Hraunteigslækjar og Ytri-Rangár. Skammt í norður frá *Næfurholtsbænum* má greina *Þórunnarhálsa*, *Langafell* og *Hólaskóg*. En *Oddagljúfur* liggur drjúgan spöl austur af *Bjólfelli*.

HÁKON BJARNASON:

Starf Skógræktar ríkisins 1945

Árið 1945 var kr. 315.760.00 varið til skógræktarframkvæmda af hálfu ríkissjóðs. Tekjur Skógræktarinnar af sölu plantna og viðar, er námu nokkurum þúsundum króna, var einnig varið til framkvæmda. Á árinu var og tekið kr. 300.000.00 lán úr Landgræðslusjóði til þess að koma á fót stöðinni á Tumastöðum í Fljótshlíð. Af því fé var eytt kr. 260.000.00, en kr. 40.000.00, sem afgangs urðu, verða notaðar til frekari framkvæmda á árinu 1946.

FRIDUNARSTARFSEMI

Á landi Snorrastaða og Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu var sett upp 8 km. löng girðing um hér um bil 300 hektara lands. Af því landi er þriðjungur gróinn lágvöxnu kjarri, en hitt eru blásnir melar, sem líklegt er að grói upp við friðunina. Við Hólmavatn í landi Stóru Grafar í Stafholtstungum var sett upp 600 metra löng girðing um 4 hektara skóglendi. Kvenskátafélag í Borgarnesi hefir tekið að sér að hirða um og hafa eftirlit með skóglendinu þar.

Í landi Árkvarnar í Fljótshlíð var sett upp 800 metra löng girðing við Bleiksárgljúfur. Girðir gljúfrið öðru megin móti girðingunni. Þarna eru nokkurar birkileifar, sem vaxa munu upp eins og nýgræðingurinn við Nauthúsagilið handan við aurana, sem girt var 1940.

Í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu var sett upp 500 metra löng girðing á gilbarmi syðst í landi Barkarstaða. Í þá girðingu verður sáð birkifræi á þessu vori.

Skógræktarfélag Austurlands var styrkt til þess að setja upp girðingu um Eyjólfsstaðaskóg á Héraði.

Skátafélag á Hólmanvík var einnig styrkt til að koma upp girðingu við kaupúnið.

Við Eiða á Héraði var sett upp 8 km girðing vorið 1939. Var hún að mestu kostuð af Skógrækt ríkisins, en á henni hvíldi kr. 2000.00 lán, sem Skógræktin greiddi á síðastliðnu sumri. Hefir Skógrækt ríkisins þá greitt þessa girðingu að nærri öllu leyti.

Eldri girðingar voru lagfærðar og endurbættar að venju. Sums staðar þurfti að endurbæta þær verulega og fór til þess mikið fé.

GRÓÐRARSTÖÐVAR

Á Tumastöðum í Fljótshlíð var unnið að undirbúningi stöðvarinnar. Þar var byggt íbúðarhús handa skógarverðinum á Suðurlandi, sem verður forstöðumaður gróðrarstöðvarinnar. Þessu húsi var ekki að fullu lokið um áramót en það er orðið íbúðarhæft. Stærð þess er 8x12 metrar, ein hæð og kjallari. Ennfremur var byggð áhaldageymsla úr holsteini 9x10 metrar að stærð. Framræslu var haldið áfram á landinu og grafnir 525 metrar af stórum opnum skurðum, 2 metra djúpum en 1700 metrar af venjulegum hnausalokræsum. Ennfremur voru 3400 metrar lokræsa gerð með kíllplógi, sem dreginn var af dráttarvél af gerðinni TD 9. Enn er of snemmt að spá nokkuru, um endingu slíkra ræsa, en verði hún sæmileg, þá er þessi aðferð mikið ódýrari en hin venjulega framræsla þar sem þessi ræsi kostuðu aðeins 1/10 af því, sem hnausaræsi kosta.

Í gróðrarstöðinni á Vöglum var nokkuð unnið að stækkun og lagfæringu. Elzta reitnum var öllum bylt til og hann færður saman í tvö 1200 fermetra svæði. Þau liggja með hallanum 1 :16 til vesturs en 1 :40 á móti suðri.

Milli svæðanna er 1 meters hár stallur. Neðan við elzta reitinn var 1600 fermetra spilda sléttuð og í hana borið, svo að taka má hana til ræktunar vorið 1946. Stöðin er nú alls um 7000 fermetrar.

Þessu fræmagni var sáð í gróðrarstöðvarnar

	<i>Hallormsstaður</i>		<i>Vaglir</i>		<i>Múlakot</i>	
	<i>ferm.</i>	<i>kg.</i>	<i>ferm.</i>	<i>kg.</i>	<i>ferm.</i>	<i>kg.</i>
Birkifræ	200	23.00	150	12.0	110	12.0
Reynifræ ...	100	60.00	80	40.0	186	100.0
Svartgreni...		0.25				
Hvítgreni ..		0.25	10			
Fjallapöll ..		0.50			13	0.5
Sitkagreni...			10		6	1.0

Ennfremur voru eftirtaldir græðlingar settir niður:

	<i>Tala hvernar tegundar</i>
Gulvíðir	11.500
Fagurvíðir	300
Vesturb.víðir	100
Ribs	6.900
Sólber	700
Heggur	300
Þingvíðir	<u>4.500</u>

Samtals 24.300

Dreifplantað var eftirtöldum plöntum:

	<i>Hallormsst.</i>	<i>Vaglir</i>	<i>Múlakot</i>	<i>Samtals</i>
Birki	40.000	100.000	41.000	181.000
Reynir	5.000	540	10.100	15.640
Gráreynir		680	680	
Sitkagreni ...	14.200	4.800	5.870	24.870
Ribs	<u>800</u>			<u>800</u>
Samtals	60.000	105.340	57.350	222.990

Afhentar úr stöðvunum voru eftirtaldar plöntur:

	<i>Hallormsst.</i>	<i>Vagfir</i>	<i>Múlakot</i>	<i>Hreðavatn</i>	<i>Samtals</i>
Birki.....	10.570	15.970	2.500	3.000	32.040
Reynir	4.710	1.190	10.000		15.900
Gráreynir			900		900
Gulvíðir	1.730	640			2.370
Þingvíðir	380		1.600		1.980
Fagurv.			100		100
Vesturb.v. ...			900		900
Viðja			130		130
Ribs	1.950	290	500		2.740
Sólber.....	210	25	800		1.035
Skógarf.			2.000		2.000
Samt: 19.550	18.115	19.430	3.000	60.095	

FRÆSÖFNUN

Birkifræsöfnun var með minnsta móti í Bæjarstaðarskógi í haust, er var. Fengust aðeins tæp 50 kg. með ærnum kostnaði. Var því safnað nokkuru birkifræi annars staðar svo sem 70 kg. í Þórsmörk, 22 kg. í Hallormsstaðarskógi og um 30 kg á Vöglum. Reynifræ var tekið af trjánnum í Múlakoti, í görðum í nágrenni Hallormsstaðar og nokkurum öðrum völdum stöðum.

Á ferðalagi skógræktarstjóra vestur í Alaska var safnað um 100 kg af sitkagrenifræi-og fræi af nokkurum öðrum trjategundum, svo sem getur í grein fyrr í ritinu.

VIÐARHÖGG

Á Vöglum voru felld 45 tonn af við en í öðrum skógum í Fnjóskadal 18 tonn. Í Þórsmörk voru felld um 10 tonn viðar, sem notuð voru í hírsæsi á Tumastöðum. Í Hallormsstaðarskógi voru felld 45 tonn viðar en í Jafnaskarðsskógi aðeins 2 tonn. Samtals voru felld 110 tonn í öllum skógum Skógræktarinnar og er það með minnsta móti,

sem verið hefir hin síðari ár. Úr við þessum fengust 2700 girðingastaurar, 4,500 staurarenglur, eldiviður og reykingaviður 76 tonn og smíðaviður 5 tonn.

BYGGINGAR

Lagfærð voru ýmis hús, er Skógræktin á, svo sem húsið í Ásbyrgi og bærinn á Buðlungavöllum, sem er hjáleiga frá Hallormsstað. Á Þórðarstöðum var reist hlaða. Tuma- staðabygginganna hefir verið getið hér á undan, en við Varmahlíð í Skagafirði er verið að reisa hús handa eftirlitsmanni með trjá- og skógrækt í Skagafirði. Þessu húsi var ekki að fullu lokið á síðastliðnu ári.

FERÐALÖG

Skógarvörðurinn á Austurlandi fór eftirlitsferðir um Fáskrúðsfjörð og Breiðdal. Í Breiðdal valdi hann skógargirðingu stað í Eydalalandi í sambandi við væntanlegan heimavistarskóla þar. Einnig fór hann um Fljótsdal og athugaði þar skóglendi og skógarleifar.

Skógarvörðurinn á Norðurlandi fór eftirlitsferðir um austanverðan Bárðardal, allt fram undir Víðiker og gerði athuganir á skógum og skógarleifum á hverjum bæ. Einnig fór hann til Miðfjarðar í Vestur-Húnavatnssýslu og setti upp skógargirðingu þar. Í október fór hann að Varmahlíð í Skagafirði til leiðbeininga og eftirlits. Að lokum skal þess getið að vegna þess, að skógarvörðurinn á Norðurlandi gegndi störfum skógræktarstjóra í fjarveru hans, dvaldist hann nokkurn hluta sumars og haustsins í Reykjavík.

Skógarvörðurinn á Vesturlandi fór eftirlitsferð vestur um Snæfellsnes til athugana og mælinga á fyrirhugaðri skógargirðingu að Snorrastöðum í Kolbeinsstaðahreppi. Þá fór hann um Dalasýslu og vestur í Reykhólasveit að Kinnastöðum, og gerði mælingar á fyrirhuguðu girðingarstæði í Barmahlíð. Um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur fór hann einnig fjölda ferða til leiðbeininga og eftirlits.

Skógarvörðurinn á Suðurlandi fór um Þjórsárdal og athugaði gróður og uppblástur þar, þá fór hann austur að Síðu í Skaftafellssýslu til leiðbeininga við væntanlega skógargirðingu þar. Einnig fór hann eftirlitsferðir að Laugarvatni og nokkurar ferðir inn í Þórsmörk.

Skógræktarstjóri fór um Norðurland og vestari hluta Suðurlands til eftirlits á þeim stöðum, sem unnið var á. Síðari hluta sumars fór hann til Alaska til þess að safna fræi og koma á samböndum við menn vestra vegna fræsöfnunar í framtíðinni.

Landgræðslusjóður

Hér fer á eftir greinargerð og sundurliðun í stórum dráttum á samskotum til Landgræðslusjóðs frá byrjun og til ársloka 1945.

Eins og skýrt er frá í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1944, voru samskot til Landgræðslusjóðs hafin samtímis atkvæðagreiðslunni um endurreisn lýðveldis á Íslandi, dagana 18. til 20. maí 1944.

Safnaðist í Reykjavík, sumpart í skrifstofu, er Landgræðslusjóður fékk til umráða í Búnaðarfélagshúsinu, og sumpart á götum úti, til maí loka, alls kr. 60474,00, en eftir þann tíma bárust skrifstofu Landgræðslusjóðs frá einstaklingum og fyrirtækjum í Reykjavík, Hafnarfirði og víðar alls kr. 25577,85.

Þá bárust eftirfarandi fjárhæðir víðs vegar að, sem aðallega var safnað af Ungmennafélögum, Íþróttafélögum og skógræktarfélögum:

Frá Borgarfirði (Borgarfj.s. og Mýras.)	kr.	6965.00
- Hnappadalssýslu	-	425.00
- Snæfellsnessýslu	-	395.00
- Dalasýslu	-	200.00
- Austur-Barðastrandarsýslu	-	103.00
- Vestur-Barðastrandarsýslu	-	2755.00
- Vestur-Ísafjarðarsýslu	-	1085.00
- Norður-Ísafjarðarsýslu	-	220.00
- Ísafirði	-	1000.00

- Vestur-Húnavatnssýslu	- 1330.00
- Austur-Húnavatnssýslu.....	- 1845.00
- Skagafjarðarsýslu	- 2675.00
- Siglufirði	- 855.00
- Eyjafjarðarsýslu (Akureyri meðtalin)	- 10648.50
- Suður-Þingeyjasýslu	- 3805.00
- Norður-Þingeyjasýslu	- 1140.00
- Austur-Skaftafellssýslu	- 10.00
- Rangárvallasýslu	- 1981.50
- Norður- og Suður-Múlasýslum.	- 3225.00
- Vestmannaeyjum	- 1335.00
- Árnessýslu	- 5055.00
- Gullbringusýslu og Kjósarsýslu	- 6307.25
- Hafnarfirði	- 9238.55
	Kr. 62598.80

Stærstu fjárhæðirnar frá einstökum fyrirtækjum komu frá Olíuverzlun Íslands h/f. og h/f. Shell á Íslandi, er gáfu kr. 10000.00 hvort, og frá Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, er gaf kr. 5000.00.

Þá má geta þess, að skátar söfnuðu innan sinna vébanda rúmlega hálfu þriðja þúsundi króna og færðu Landgræðslusjóði að gjöf.

En stærsta gjöfin frá einstaklingi, og jafnframt fegursta gjöfin, sem Landgræðslusjóði hefir borizt, kom frá konu, sem ekki óskar að láta nafns síns getið. Gaf hún, auk peninga, vandaðan skautbúning, er hún átti. Skautbúningurinn var seldur fyrir þrjú þúsund krónur og rann andvirðið í Landgræðslusjóð.

Loks er þess að geta, að Landsnefnd lýðveldiskosninganna afhenti Landgræðslusjóði í júnímánuði 1944 kr. 250000.00.

Kostnaður allur við Landgræðslusjóðssöfnunina nam kr. 13508.76.

Að öðru leyti vísast til reikninga fyrir Landgræðslusjóð, sem birtast hér á eftir.

REIKNINGAR LANDGRÆÐSLUSJÓÐS

yfir árið 1945.

TEKJU- OG GJALDAREIKNINGUR

Tekjur:

Stofnfé Landgræðslusjóðs afhent af Skógræktarfélagi

Íslands 9. apríl 1945	kr.	127610.98
Frá Landsnefnd lýðveldiskosninga	-	250000.00
Gjafir	-	9285.00
Vextir af skuldabréfi frá 1. júlí til 31. des. 1945	-	3000.00
Vextir af innstæðum í bönkum	-	<u>1284.77</u>

Kr. 391180.75*Gjöld:*

Greitt fyrir peningakassa	kr.	29.00
Greidd innheimta o. fl.	-	160.00
		<u> </u> kr.
Tekjur umfram gjöld	-	<u>390991.75</u>

Kr. 391180.75

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir:

Skógrækt ríkisins, skuldabréf	kr.	300000.00
Búnaðarb. Ísl., sparisjóðsb. nr. 16584 .kr.	31591.21	
Útvegsb. Ísl., sparisjóðsb. nr. 30886 ...-	25637.50	
Landsb. Ísl., sparisjóðsb. nr. 48393 ...-	25638.88	
Sparisj. Rvík., sparisjóðsb. nr. 8307 ...-	<u>5124.16</u>	
	-	87991.75
Ógreiddir vextir	-	<u>3000.00</u>

Kr. 390991.75

Skuldir:

Hrein eign:

Tekjur umfram gjöld skv. tekju- og gjaldareikn-
ingi fyrir 1945kr. 390991.75

Kr. 390991.75

Reykjavík, 10. apríl 1946.

*Hákon Bjarnason. Valtýr Stefánsson. Guðbrandur Magnússon.
Gunnlaugur Kristmundsson. H.J. Hólmjárn. Guðmundur Marteinsson.
Ingvar Gunnarsson.*

GUÐM. MARTEINSSON:

Starf Skógræktarfélags Íslands 1945

Á síðastliðnu ári hafði Skógræktarfélag Íslands aðallega tvö málefni með höndum.

1) Að koma Landgræðslusjóði í fast horf, og fá samþykkt skipulagsskrá fyrir hann. Var það gert á aðalfundi félagsins í marzmánuði, sem var aðalfundur ársins 1944, og birtist skipulagsskrá sjóðsins í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1945.

2) Endurskipulagningu skógræktarféлага í landinu, og vísast til fundargerðar tveggja síðustu aðalfunda í Ársriti þessa árs og Ársriti síðasta árs um þetta mál.

Starfsemi í Fossvogsstöðinni hefir verið með svipuðum hætti og áður. Er þar mikill fjöldi plantna í uppeldi, einkum birkiplöntur í sáðreitum.

Á árinu voru haldnir 8 stjórnfundir.

Stofnað var á árinu eitt héraðsskógræktarfélag, Skógræktarfélag Ísafjarðar, sem jafnframt varð meðlimur í Skógræktarfélagi Íslands.

Haldið var áfram að senda Reykvíkingum og Hafnfirðingum bréfspjöld með tilmælum um að gerast meðlimir í Skógræktarfélagi Íslands, og hefir það borið góðan árangur.

Um 380 meðlimir hafa bætzt í Skógræktarfélag Íslands á árinu, og eru nú tæp 2000 manns í félaginu.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn 12. des. 1945, og fer fundargerðin hér á eftir:

Árið 1945, þann 12. desember kl. 21, var aðalfundur Skógræktarfélags Íslands (fyrir árið 1945) haldinn í Vonarstræti 4, Reykjavík. Þetta gerðist á fundinum:

1) Formaður félagsins, Valtýr Stefánsson, ritstjóri, setti fundinn og stjórnaði honum, en ritari félagsins, H. J. Hólmjárn, skráði fundargerð.

2) Gjaldkeri félagsins, Guðmundur Marteinsson, las upp og skýrði reikninga félagsins fyrir árið 1944. Reikningarnir voru í tvennu lagi - reikningar Heiðmerkur, og reikningar Skógræktarfélagsins. Síðan voru reikningarnir bornir upp til samþykktar, og voru þeir samþykktir í einu hljóði og athugasemdalestu.

3) Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, skýrði starfsemi félagsins á árinu, og gat þess jafnframt, að all-ýtarleg skýrsla væri prentuð í Ársritinu 1945. Ennfremur gerði hann grein fyrir eftirfarandi:

a. Las upp bréf til Bæjarstjórnar Reykjavíkur, dags. 12 des. 1945, þar sem stjórn Skógræktarfélags Íslands tilkynnir afhendingu efnis til girðingar Heiðmerkur og þá jafnframt afhentar kr. 3838.92, sem voru eftirstöðvar samskotafjár í sparisjóðsbók nr. 1992 hjá Útvegsbanka Íslands.

Þessi ráðstöfun stjórnarinnar hlaut einróma samþykki fundarmanna.

b. Skýrði frumvarp að lögum fyrir Skógræktarfélag Íslands, er því yrði breytt í Samband skógræktarféлага í landinu.

Frumvarp þetta var komið frá nefnd þeirri, sem kosin var á síðasta aðalfundi, 11. marz 1945. Ætlunin er sú, að frumvarp þetta verði sent til allra skógræktarféлага í landinu, en síðan verði kallaður saman fundur til umræðna og endanlegra ákvarðana um væntanlega Sambandsstofnun. All mikið var rætt um frumvarpið og er þetta hið helzta, sem fram kom í umræðunum:

Ólafur Friðriksson taldi sjálfsagt, að frumvarpinu yrði breytt þannig, að fulltrúaval á aðalfund yrði ekki bundið

við sýslufélög, heldur hefði öll skógræktarfélag rétt til fulltrúavals, án tillits til félagatölu, eða félagssvæðis.

Gísli Sveinsson, alþingismaður, taldi ekki heppilegt að einskorða félagssvæðin við héruð, og tók þar sem dæmi Skógræktarfélag Mýrdæla, er hefði eðlileg takmörk milli sandanna, en annað skógræktarfélag væri starfandi fyrir Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.

Þá var rætt nokkuð um fundarstað fyrir aðalfund væntanlegs Sambandsfélags, og voru skoðanir manna nokkuð skiptar um, hvort ráðlegt væri að binda hann við Reykjavík.

Guðmundur Marteinsson taldi vafasamt, hvort heppilegt væri, að aðalfundur yrði aðeins haldinn annað hvort ár eins og ráð væri fyrir gert, en taldi hins vegar ráðlegt að slíkur fundir yrði haldinn ár hvert. Ennfremur taldi hann vafasamt, hvort ráðlegt væri, að stjórnin léti öll af störfum samtímis.

Arngrímur Kristjánsson og Guðbrandur Magnússon vöktu mál á því, að Sambandsfélag skógræktarféлага. er stofnað yrði, næði samstarfi um skógræktarmál við framhaldsskóla landsins, og yrði þetta tekið til yfirvegunar við samningu laga fyrir Sambandið.

Valtýr Stefánsson taldi rétt, að væntanlegt Sambandsfélag skógræktarféлага héldi aðalfund sinn ár hvert, þar eð fundunum væri jafnframt ætlað að annast útbreiðslustarfssemi, er veki og glæddi áhuga manna um skógrækt. Ennfremur benti hann á að hyggilegt mundi vera að halda fundina á þeim stöðum, þar sem sjáanleg væri einhver merki framkvæmda í skógræktarmálum. Því að slíkt gæti orðið til þess að hvetja menn í starfinu, fyrir aukinni skógrækt í landinu.

Gísli Sveinsson, alþingismaður, beindi því til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, að athugað yrði fyrir næsta aðalfund á hvern hátt yrði bezt hagað afhendingu eigna Skógræktarfélags Íslands til væntanlegs héraðsskógræktarfélags í Reykjavík og nágrenni.

Valtýr Stefánsson benti á, að Sambandið yrði aðeins stofnað af löglega kjörnum fulltrúum frá öllum skógræktarfélögum í landinu, einnig frá Skógræktarfélagi Íslands.

